


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Popp










# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
29. apríl 2011
98. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Valdboðleiðin ekki rétt**
*Hanna Birna Kristjánsdóttir er enn sannfærð um að aukið samráð í stjórnmálum sé hið rétta.*
föstudagsviðtalið 10

**Rokkarar sameinast**
*Níðþung og sveitt stemning á tónleikum Skálmaldar og Sólstafa í kvöld.*
fólk 24



**Sigla þessi lygnan sjó?**
*Fréttablaðið skoðar í dag hvaða lið enda í 5. til 8. sæti í Pepsi-deild karla í sumar.*
sport 26

**veðrið í dag**




**SKÚRIR V-TIL** Í dag verður sunnan strekkingur V-til framan af og skúrir, en annars hægari og úrkomulítið. Hiti 6-12 stig.
VEÐUR 4

# Kvótafrumvarpið lagt fram

**Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi fá ekki að sjá nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða fyrr en ríkisstjórn og þingflokkar stjórnarflokkanna hafa fjallað um það. Frumvarpið verður líklega lagt fram í ríkisstjórn í dag.**

**STJÓRNMÁL** Frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða verður lagt fyrir ríkisstjórn í dag eða strax eftir helgi í síðasta lagi. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi fá ekki að sjá frumvarpið fyrr en það hefur fengið umfjöllun í ríkisstjórn og í þingflokkum stjórnarflokkanna.

Mikil vinna hefur verið lögð í að ljúka gerð frumvarpsins síðustu daga. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa embættismenn og fáeinir stjórnarliðar setið tugi funda og embættismenn lögðu lokahönd á einstakar greinar frumvarpsins í gær.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sendu ríkissáttasemjara yfirlýsingu í gærkvöldi vegna yfirstandandi kjaraviðræðna. Yfirlýsingunni fylgdi sérstök bókun um málsmeðferð vegna frumvarpsins.

Samkvæmt heimildum segir í bókuninni að eftir að frumvarpið hefur fengið umfjöllun í ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna verði það fyrst kynnt helstu hagsmunaaðilum í

**15-20%** aflaheimilda fara í potta til samfélagslegra verkefna.

sjávarútvegi á lokuðum trúnaðarfundum, áður en það verður lagt fram á þingi.

Þá segir að eftir að hagfræðilegri greiningu á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á rekstur og starfsumhverfi sjávarútvegsins er lokið muni Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið tilnefna tvo fulltrúa hvort ásamt fulltrúum stjórnarflokkanna til að vinna að frekari sátt um málið. Þeirri yfirferð á að vera lokið 8. júní.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þessar hugmyndir um málsmeðferð metnar af forystumönnum í sjávarútvegi sem hrein sýndarmennska af hálfu ríkisstjórnarinnar og í sjálfu sér einskis virði í samhengi við gerð kjarasamninga.

Fáir þekkja efni frumvarpsins í þaula. Kerfinu verður þó örugglega skipt upp; í nýtingasamninga við útgerðina og potta til samfélagslegra verkefna.

Samkvæmt heimildum er stefnt að því að pottarnir verði 15 til 20 prósent aflaheimilda að fimmtán árum liðnum og nýtingartími útgerðarinnar fimmtán til tuttugu ár. Útgerðarmenn segja að lágmarks nýtingartími í samningum verði að vera 35 ár. Framsal aflaheimilda tekur þá nær örugglega breytingum, enda sagði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til SA nýlega að forgangur núverandi kvótahafa yrði brotinn upp og komið í veg fyrir fénýtingu á sameign þjóðarinnar með leigu og sölu á aflaheimildum.

Heimildir segja að ágreiningur á stjórnarheimilinu snúist um hvort útgerðarmenn eigi að ganga að frekari nýtingarsamningum vísum eftir tuttugu ár. Eins hvaða forsendur verða hafðar til hliðsjónar við að reikna út veiðigjald og hvernig skattheimta af útgerðinni verður hugsuð. **- shá**



**HRAUST UNGMENNI** Holtaskóli í Reykjanesbæ kom sá og sigraði í úrslitum Skólahreysti sem fram fór í Laugardalshöllinni í gær. Ungmenni fjölmenntu til að styðja sína keppendur. Sumir máluðu sig jafnvel frá toppi til táar líkt og þessir glæsilegi hópur frá grunnskólanum á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ætla að opna metanorkuver:

## Svín knýi þúsund metanbíla

**UMHVERFISMÁL** Fyrir lok næsta árs er stefnt að opnun fyrsta metanorkuversins hér á landi sem nýtir lífrænan úrgang til framleiðslu á metangasi.

Skrifað verður undir viljayfirlýsingu Stjörnugríss og Metanorku hf. um að kanna vænleika þess að nýta úrgang frá svínabúi Stjörnugríss að Melum í Melasveit til framleiðslu og sölu metans sem á að geta knúið allt að þúsund bíla.

Kostnaður við gerð orkuversins er talinn nema 350 til 400 milljónum króna. Geir Gunnar Geirsson, framkvæmdastjóri Stjörnugríss, telur verkefnið hagkvæmt.

„Með þessu spörum við gjaldeyri upp á að minnsta kosti 120 milljónir á ári. Til þess að gera þetta mögulegt þarf ákveðna stærðarhagkvæmni og hún er til staðar á þessu svæði. Þarna er líka pláss til kornræktar og í leiðinni leysum við mál varðandi lyktmengun og annað. Þetta er grænt og vænt í alla staði.“ **- óká /** sjá síðu 4

Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton ganga í það heilaga í Lundúnum í dag:

# Augu heimsins á brúðhjónunum

**Heimsviðburður í Westminster Abbey**
Búist er við að margar milljónir manna um heim allan muni fylgjast með brúðkaupi Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton í dag. SÍÐA 4



**Stela athyglinni á Bretlandseyjum**
Kristján Eyjólfsson gullsmiður var spurður hvort hann vissi ekki hvaða dagur væri þegar hann ákvað að gifta sig í London í dag. SÍÐA 30



**Báðir afar í konunglegt brúðkaup**
Föðurafi Óðins Páls Ríkharðssonar verður viðstaddur brúðkaupið í dag. Móðurafi hans var við brúðkaup Karls Bretaprins og Díönu prinsessu fyrir þrjátíu árum. SÍÐA 2












## SPURNING DAGSINS



*Þórður, ertu nokkuð að fara að safnast til feðra þinna?*

„Ég á ekki ráð á deginum á morgun, svo að ég get ekki svarað því, en ég fagna hverjum góðum degi sem mætir mér."

Þórður Tómasson, safnvörður í Skógum og einn ötulasti safnari landsins, er níræður og hefur gefið út bók af því tilefni.

Framkvæmdastjóri SA vill meira en orðalagsbreytingar í yfirlýsingu stjórnvalda:

# Hljómar ekki skynsamlega að óséðu

**KJARAMÁL** Forystumenn ríkisstjórnarinnar sendu Ríkissáttasemjara í gærkvöldi lokaútgáfu yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að freista þess að liðka fyrir gerð kjarasamninga til þriggja ára.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að með henni hafi ríkisstjórnin gert allt sem í hennar valdi stendur til að auðvelda aðilum á almennum vinnumarkaði að ná saman.

Jóhanna Sigurðardóttir sagði við fréttastofu sjónvarps í gærkvöldi að í nýju yfirlýsingunni væri ekki að finna neinar efnislegar breytingar á því sem aðilar vinnumarkaðarins fengu í hendur frá stjórnvöldum á skírdag – aðeins skýringar eða orðalagsbreytingar.



VILHJÁLMUR EGILSSON



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hafði ekki fengið yfirlýsinguna í hendur frá Ríkissáttasemjara þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærkvöldi.

Spurður hvað honum finnist um orð forsætisráðherra um yfirlýsinguna, að henni óséðri, sagði hann: „Það hljómar ekki skynsamlegt eða spennandi í mínum huga, en það er ótímabært að fabúlera um eitthvað sem maður ekki veit." - sh

Samningur við laxavinnslu:

# Valka semur við Mainstream

**ATVINNUMÁL Íslenska hátæknifyrirtækið Valka hefur gert samkomulag við Mainstream, eina stærstu laxavinnslu Noregs, um sölu og uppsetningu á sjálfvirkri vinnslulínu og innleiðingu á alíslenskum flokkunarhugbúnaði.**

**Andvirði samningsins er um 400 milljónir íslenskra króna. Mainstream er ein af mörgum framleiðslum sem eru í eigu fiskeldisrisans Cermaq Group, sem á fiskeldisstöðvar í Noregi, Skotlandi, Kanada og Chile. Fyrirtækið framleiðir um 120 þúsund tonn af laxi á ári.** - sv



**IRON MAIDEN** Söngvari Iron Maiden mun fljúga vél Iceland Express af og til í sumar.

Söngvari flýgur vél Express:

# Iron Maiden prýðir flugvél

**SAMGÖNGUR Ein véla Iceland Express hefur verið merkt Iron Maiden, einni frægustu þungarokksveit heims. Hljómsveitin hefur verið á tónleikaferðalagi um heiminn á vélinni að undanförnu og er flugstjóri Bruce Dickinson, söngvari hljómsveitarinnar.**

**Flugvélin mun fljúga á flugleiðum Iceland Express í sumar og mun Dickinson fljúga henni af og til.** - sv

ESB tilbúið fyrir Ísland:

# Segja viðræður geta hafist

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópusambandið hefur lýst því yfir að það sé tilbúið til að hefja eiginlegar samningaviðræður við Íslendinga og leggur til að viðræðurnar hefjist formlega 17. júní, á þjóðhátíðardegi Íslendinga.

Sameiginleg þingnefnd Íslands og Evrópusambandsins fundaði í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Eftir fundinn kom þessi yfirlýsing frá forsæti Evrópusambandsins sem er í höndum Ungverja. Þeir segjast styðja aðildarferli Íslendinga og miðað við stöðu Íslands sé kominn tími á að formlegar aðildarviðræður hefjist. - sb

## FJÖLMIÐLAR

### Hjálmar endurkjörinn

Hjálmar Jónsson var endurkjörinn formaður Blaðamannafélags Íslands á aðalfundi sem haldinn var í gærkvöld. Hjálmar fékk 166 atkvæði en mótframbjóðandi hans Ingimar Karl Helgason hlaut 26 atkvæði. Auðir seðlar voru 6.

# Krakkarnir í skólanum kalla mig Royal

**Þegar dagurinn er úti munu báðir afar Óðins Páls Ríkharðssonar hafa verið viðstaddir konunglegt brúðkaup í Bretlandi. Óðinn er frændi Kate Middleton og segir afa sinn, sem er á leið í brúðkaupið í dag, vera aðalkarlinn í þorpinu sínu.**

**FÓLK** „Hann er núna aðalkarlinn í þorpinu sínu," segir Óðinn Páll Ríkharðsson, sautján ára nemandi í Fjölbrautaskólanum í Ármúla. Þar vísar hann til afa síns, Davids Middleton, sem verður í dag viðstaddur brúðkaup frænku sinnar, Kate Middleton, og Vilhjálms Bretaprins í Westminster Abbey í London.

Ekkjumaðurinn og lögfræðingurinn David er eins konar höfuð Middleton-fjölskyldunnar, elsti meðlimur hennar sem enn lifir. Hann og faðir brúðarinnar, Michael Middleton, eru systkinabörn.

Óðinn Páll segist alla tíð hafa átt regluleg samskipti við afa sinn og heimsótt hann á sumrin til smábæjarins Boston Spa í Yorkshire-héraði, þar sem sá gamli er nú hrókur alls fagnaðar.

Hann segist ekki hafa íhugað að taka upp eftirnafnið Middleton, eins og hann gæti gert. „Það væri þá frekar að breyta því í Richardsson," segir hann, en faðir hans er Richard Middleton, menntaskólakennari á Akureyri.

Stóra spurningin er hins vegar þessi: Hefur Óðinn Páll hitt Kate? Hann segist ekki muna eftir því. „En ég hef örugglega verið með henni í fjölskylduboði einhvern tímann."

Óðinn Páll segist hafa verið að skrifast á við afa sinn upp á síðkastið og kveður hann mjög spenntan fyrir brúðkaupinu í dag.

En þá er ekki öll sagan sögð, því Óðinn Páll á annan afa, og raunar ömmu líka, sem einnig hafa verið viðstödd konunglegt brúðkaup í Bretlandi, ótrúlegt en satt.

Móðurafi hans, Sigurður Bjarnason, var sendiherra Íslands í London á árum áður og fór sem slíkur í brúðkaup Karls Bretaprins og Díönu prinsessu af Wales fyrir þrjátíu árum ásamt konu sinni, Ólöfu Pálsdóttur.

Óðinn Páll segist reyndar aldrei hafa rætt brúðkaupið við Sigurð afa sinn. „En ég get ímyndað mér að hann eigi nokkrar góðar sögur þaðan," bætir hann við.

Og hvernig skyldi það vera fyrir sautján ára menntskæling uppi á Íslandi að eiga afa og ömmu sem hafa umgengist allt þetta kóngafólk?

„Ég er alveg rólegur yfir þessu," segir hann, en játar að athyglin sem hann fær frá vinum sínum og félögum vegna málsins sé pínulítið spennandi. „Krakkarnir í skólanum kalla mig Royal," segir Óðinn Páll Ríkharðsson, frændi tilvonandi Bretaprinsessu.

stigur@frettabladid.is



**FRÆNDI** Óðinn heyrir reglulega í afa sínum í Boston Spa og segir hann spenntan fyrir brúðkaupinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FRÆNKA** Pabbi Kate Middleton og afi Óðins eru systkinasynir.

Bjóða börnum tekjulágra:

# Börn fá ókeypis tannviðgerðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Tryggingastofnun býður nú ókeypis nauðsynlega tannlæknaþjónustu fyrir börn tekjulágra foreldra frá 1. maí til og með 26. ágúst. Tannlæknar í Háskóla Íslands meta hvað teljast nauðsynlegar lækningar og þar er þjónustan veitt.

Réttur til þjónustunnar miðast við að barnið hafi lögheimili hjá því foreldri sem sækir um. Miðað er við að allar skattskyldar tekjur einstæðra foreldra á árinu 2010 séu undir 2,9 milljónum króna og tekjur hjóna eða sambúðarfólks séu undir 4,6 milljónum.

Tekið verður við umsóknum frá 28. apríl til og með 1. júní 2011. - sv



BJÖRN VALUR GÍSLASON



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Guðlaugi sárna ásakanir:

# Hótar Birni Val meiðyrðamáli

**STJÓRNMÁL Þingmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokknum, hefur gefið kollega sínum Birni Val Gíslasyni, Vinstri grænum, frest til mánaðamóta til að draga til baka ásakanir um mútuþægni og biðjast afsökunar. Verði Björn Valur ekki við því hyggst Guðlaugur höfða meiðyrðamál á hendur honum.**

**Rót málsins er bloggfærsla Björns Vals frá því í desember síðastliðnum, þar sem hann hélt því fram að mútugreiðslur til Guðlaugs hefðu komið honum til valda sem ráðherra í ríkisstjórn Geirs Haarde. Björn Valur hefur ekki tekið afstöðu til málsins.** - sh






Sendiherrar Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

# Liðsauki í réttindabaráttu

**SAMFÉLAGSMÁL** Sérstakir sendiherrar Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks tóku í gær við skjali úr hendi forseta Íslands til staðfestingar hlutverki sínu.

Sendiherrarnir sjö hafa undanfarna mánuði tekið þátt í námskeiði sem hefur að markmiði að fræða og freista þess að breyta ímynd fatlaðra. Meðal viðfangsefna sendiherranna á námskeiðinu hafa verið búsetu-, atvinnu-, mennta- og fjölskyldumál og friðhelgi einkalífsins.

Sendiherrarnir sjö hafa mikla reynslu af réttindabaráttu fatlaðra, sumir í gegnum samtökin Átak, sem er félag fólks með þroskahömlun.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra var undirritaður á Íslandi árið 2007. Hann hefur þó ekki enn verið lögfestur. - ss



**SENDIHERRARNIR SJÖ** Sendiherrar Sáttmála SÞ með forsetahjónunum á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýtt happdrættisár byrjar í maí

HAPPDRÆTTI das

Vinningur í hverri viku

# Viltu einfaldan eða tvöfaldan?

dregið viku-lega!

52 útdrættir á árinu!

## Þú getur unnið Toyota Avensis

6 Toyota Avensis á 5 milljónir króna hver á einfaldan miða

Miðaverð **1.100 kr.**




## Þú getur unnið Toyota Land Cruiser 150

6 Toyota Land Cruiser á 10 milljónir króna hver á tvöfaldan miða

Miðaverð **2.200 kr.**




# Eða allt í peningum



6 aðalvinningar á 10 milljónir hver,
10 aðalvinningar á 6 milljónir og
36 aðalvinningar á 4 milljónir hver.

845 milljónir dregnar út á árinu | Kaupptu miða á www.das.is

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 543803 04/11

## GENGIÐ 28.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,75 | 111,27 |
| Sterlingspund | 184,55 | 185,45 |
| Evra | 164,15 | 165,07 |
| Dönsk króna | 22,010 | 22,138 |
| Norsk króna | 18,390 | 18,498 |
| Sænsk króna | 18,390 | 18,498 |
| Japanskt jen | 1,3551 | 1,3631 |
| SDR | 179,34 | 180,40 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,0253

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton ganga í það heilaga í London í dag:

# Búist við að milljónir fylgist með brúðkaupinu

**BRETLAND** Búist er við að milljónir muni fylgjast með þegar Kate Middleton og Harrý Bretaprins verða gefin saman í Westminster Abbey kirkjunni í London í dag.

Mikill fjöldi manna safnaðist í gær saman við Westminster Abbey þegar lokaæfingin fyrir brúðkaupið fór fram. Auk brúðarinnar voru brúðarmeyjar á staðnum. Brúðguminn sjálfur var þó hvergi sjáanlegur.

Talið er að um 600 þúsund fleiri verði í miðborg Lundúna á meðan á brúðkaupinu stendur en á venjulegum degi. Búist er við miklu álagi á lestarkerfi og strætisvagna.

Þá er áætlað að milljónir manna um heim allan muni fylgist með beinni útsendingu frá athöfninni.

Breytingar voru einnig gerðar á boðslistanum í gær. Sendiherra Sýrlands er ekki lengur boðið þar sem bresku konungsfjölskyldunni þykir ekki við hæfi að fulltrúi Sýrlands sé viðstaddur þar sem öryggissveitir landsins hafa skotið hundruð mótmælenda til bana síðustu vikur.

Bein sjónvarpsútsending frá brúðkaupinu hefst í Ríkissjónvarpinu og á Stöð 2 klukkan 7.00 í dag, og er áætlað að athöfnin standi fram að hádegi.



**EFTIRVÆNTING** Mikill fjöldi fylgdist með undirbúningi fyrir konunglega brúðkaupið í miðborg London í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Jónína svarar talskonu:

## Neitar að hafa áreitt konurnar

**LÖGREGLUMÁL** **Jónína Benediktsdóttir, eiginkona Gunnars Þorsteinssonar í Krossinum, segist ekki hafa áreitt þær konur undanfarið sem ásaka mann hennar um kynferðislegt áreitni.**



JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR

**Ásta Knútsdóttir, talskona kvennanna, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að meðlimir Krossins, þá sér í lagi Jónína, hafi áreitt sumar kvennanna. Allur tölvupóstur frá henni væri þó kominn á borð lögreglu sem hluti af málinu, sem á að vísa til ákæruvaldsins á næstunni. „Ég hef ekki áreitt nokkra þessara kvenna undanfarið, það er rangt,“ segir Jónína á Facebook-síðu sinni. Þó hafi hún sent sumum þeirra tölvupóst, en ekki öllum. Hún hafi sjálf hugsað sér að koma póstinum til lögreglunnar ásamt öðrum bréfum.** - sv

### LÖGREGLAN

**Helmingur ók of hratt**

Brot sjö ökumanna voru mynduð í Háholti í Hafnarfirði í gær. Á einni klukkustund fóru sautján ökutæki þessa akstursleið og því ók 41 prósent of hratt eða yfir afskiptahraða.

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var haft eftir Ragnheiði Elínu Árnadóttur alþingismanni í blaðinu í gær að hún telji að ef flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja verði sleginn af sé það vanvirðing við íbúa svæðisins. Hið rétta er að Ragnheiður Elín taldi vanvirðinguna felast í vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og þeim töfum sem orðið hafa á málinu.

# Nota úrgang til að knýja þúsund bíla

**Stjörnugrís í Melasveit og Metanorka stefna að því að nota úrgang frá svínabúinu til framleiðslu metans. Við vinnsluna verður áburður búsins betri og lyktarminni. Gasið verður notað á búinu og sölustöð sett upp.**

**UMHVERFISMÁL** Fyrir lok næsta árs er stefnt að opnun fyrsta metanorkuversins hér á landi sem nýtir lífrænan úrgang til framleiðslu á metangasi.

Í dag verður skrifað undir viljayfirlýsingu Stjörnugríss og Metanorku hf., dótturfélags Íslenska gámafélagsins, um að kanna vænleika þess að nýta úrgang frá svínabúi Stjörnugríss að Melum í Melasveit til framleiðslu og sölu metans. Metanorkuverið að Melum á að verða fyrst í heimi til að nýta heitt vatn til að halda gerjunartanki við kjörhitastig.

Geir Gunnar Geirsson, framkvæmdastjóri Stjörnugríss, segist lengi hafa haft hug á gasframleiðslu. Vegna hækkana á verði eldsneytis og korns séu aðstæður nú með þeim hætti að verkefnið sé fýsilegt. „Þetta er skref í þá átt að gera búið sem sjálfbærast,“ segir hann, en við afgösun verður áburðurinn betri og lyktarminni. Hann verður nýttur til að rækta korn handa svínunum og ökutækjum búsins breytt til að nýta gasið.

Kostnaður við gerð orkuversins er talinn nema 350 til 400 milljónum króna. Geir telur verkefnið engu að síður hagkvæmt, bæði þjóðhagslega og fyrir búið. „Með þessu spörum við gjaldeyri upp á að minnsta kosti 120 milljónir á ári. Til þess að gera þetta mögulegt þá þarf ákveðna stærðarhagkvæmni og hún er til staðar á þessu svæði. Þarna er líka pláss til kornræktar og í leiðinni leysum við mál varðandi lyktmengun og annað. Þetta er grænt og vænt í alla staði.“



**STJÖRNUGRÍSIR** Áburður úr svínabúi Stjörnugríss í Melasveit, auk úrgangs frá búi fyrirtækisins á Kjalarnesi, kann að verða nýttur til framleiðslu á metangasi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



DOFRI HERMANNSSON



GEIR GUNNAR GEIRSSON

Metanorka setur svo upp gassölustöð þar sem aðrir geta fyllt á bíla sína. „Við sjáum fyrir okkur að svona orkustöðvar rísi í öllum landshlutum á næstu fimm árum,“ segir Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri Metanorku.

Framleiðslugeta búsins á að verða allt að 1,3 milljónir rúmmetra (Nm3) af metani, en það jafngildir tæplega einni og hálfri milljón lítra af bensíni. „Slík framleiðsla nemur ársnotkun um eitt þúsund meðalstórra fjölskyldubíla,“ segir Dofri og kveður frumathuganir benda til þess að rekstrargrundvöllur sé fyrir verkefninu. Hann segir það hafa verið kynnt sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og fengið jákvæðar undirtektir.

olikr@frettabladid.is

FÍB svarar Icepark og Isavia:

## Hækkun gjalda rúmlega 40%

**SAMGÖNGUR** **Hækkun gjalda í langtímabílastæðum við Keflavíkurflugvöll nemur 41 prósenti, á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um 27 prósent.**

**Þetta kemur fram í tilkynningu frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), sem hefur upplýsingarnar frá Guðmundi Ásgeirssyni, rekstrarstjóra Icepark á Keflavíkurflugvelli.**

**Einnig kemur fram í tilkynningu FÍB að svör Hjördísar Guðmundsdóttur, upplýsingafulltrúa Isavia, um gjaldskrármál fyrirtækisins séu röng og villandi í fjölmörgum atriðum.**

**Hjördís sagði meðal annars við fjölmiðla í gær að hækkun Isavia á gjöldunum væri einungis 27 prósent og í fullu samræmi við vísitölu neysluverðs.** - sv

Félag stjórnenda leikskóla:

## Sameiningar fordæmdar

**SAMFÉLAGSMÁL** Félag stjórnenda leikskóla fordæmir ákvörðun meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu leikskóla. Í ályktun frá fundi félagsins segir:

„Stjórn FSL fordæmir þá skammsýni sem einkennir þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við ákvörðun um sameiningu leikskóla að fórna dýrmætum mannauði með illa ígrunduðum uppsögnum.“

Félagið sakar borgarstjórn um vanvirðingu gagnvart starfsstéttinni og gagnrýnir störf stjórnarinnar við undirbúning og framkvæmd ákvörðunarinnar harðlega. - sv




Allur Vinna

PARKET & GÓLF

**Teppalagt tækifæri fyrir stigaganga.**

**Verð frá 5.980 kr. per m² ákomið.**

Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrífa.

**Bjóðum heildarlausnir, þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlishúsum. Við mætum og gerum tilboð í efni og vinnu. Aðeins eitt símtal og málið er komið í gang.**

Stepp

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · www.stepp.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**

Helgin lítur ágætlega út en vindur verður yfirleitt mjög hægur af suðri í flestum landshlutum. Vætusamt á morgun en á sunnudag eru horfur á nokkuð björtu veðri vestan til en líkur á stöku skúrum. Milt í veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 19° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 19° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 18° |
| París | 20° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ÚRVAL AF
# FÆÐUBÓTAREFNUM!

## VIÐ HJÁ HAGKAUP HÖFUM EINBEYTT OKKUR Í AÐ BJÓÐA ÚRVAL AF FÆÐUBÓTAREFNUM FYRIR FÓLK Á ÖLLUM ALDRI




Gildir til 3. maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Á að flytja Landhelgisgæsluna á Keflavíkurflugvöll ef rekstrarkostnaður hækkar við það?

| | |
|---|---|
| JÁ | 22% |
| NEI | 78% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Spilar þú tölvuleiki?
Segðu skoðun þína á Visir.is
vísir


Formaður VR gagnrýndi Samtök atvinnulífsins harkalega á aðalfundi félagsins:

# Segir SA halda launafólki í gíslingu

**FÉLAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins hafa gengið allt of langt í því að nota lausa kjarasamninga á vinnumarkaði til að reyna að hafa sitt fram um breytta umgjörð fiskveiðistjórnunarkerfisins, sagði Stefán Einar Stefánsson, nýr formaður VR, á aðalfundi félagsins á miðvikudag.



STEFÁN EINAR STEFÁNSSON

„Þeir sem þar ráða för hafa engan siðferðislegan eða lagalegan rétt til að halda launafólki í gíslingu vegna þessa máls,“ sagði Stefán.

Hann sagði almenning hafa sýnt ótrúlegt þolgæði og reynt að gera gott úr því sem að höndum hafi borið. Það hafi meðal annars verið gert af virðingu við atvinnurekendur. Stefán benti á að laun hafi lækkað, fólki hafi verið sagt upp, og dregið hafi úr yfirvinnu.

„Allt hefur þetta verið framlag okkar launamanna til þess að halda fyrirtækjunum og hjólum efnahagslífsins gangandi. En við getum ekki dregið þann vagn ein og sér. Það þurfa allir að leggjast á eitt,“ sagði Stefán í ræðu sinni.

„Og nú er svo komið að Samtök atvinnulífsins hafa í raun gefið það út, að þau ætlast til þess að við höldum púlinu áfram en að þau geti haldið að sér höndum þar til öllum þeirra kröfum hefur verið fullnægt gagnvart hinu opinbera. Við það verður ekki unað.“ **- bj**

Tveir menn brutu veiðilög:

## Veiddu í óleyfi og notuðu maðk

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Selfossi hefur ákært tvo karlmenn fyrir að veiða á stöng í óleyfi, nota maðk við veiðarnar og að hafa ekki sleppt veiddum fiski.

Mennirnir, sem báðir eru á fertugsaldri, voru um hádegisbil 20. ágúst 2009 í heimildarleysi og óleyfi við stangveiðar í Köldukvísl á Holtamannaafrétti, skammt frá Hrauneyjum. Þeir notuðu að einhverju leyti óleyfilegt agn við veiðarnar og brutu auk þess veiðireglur svæðisins með því að sleppa ekki öllum veiddum fiski. **- jss**


VINIR VATNAJÖKULS

**Aðalfundur Vina Vatnajökuls – hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs**

Föstudaginn 6. maí 2011 kl. 15:00 verður haldinn aðalfundur Vina Vatnajökuls. Fundurinn verður til húsa í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík. Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin






Hreinsaðu nefið og náðu andanum á ný

Otrivin
Hvílíkur léttir

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 10-12 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfi nu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



FERMINGAR



Gott í matinn

Skemmtilegar hugmyndir fyrir fermingarveisluborðið á www.gottimatinn.is



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


# Ísraelsstjórn hafnar samstarfi við Hamas

**Sögulegt samkomulag stríðandi fylkinga Palestínumanna virðist ekki auka líkur á friðarsamkomulagi við Ísrael. Utanríkisráðherra Ísraels segir Palestínumenn ganga of langt og að hryðjuverkamenn séu komnir til valda á Vesturbakkanum.**

**ÍSRAEL, AP** Stjórnvöld í Ísrael munu ekki ræða við palestínsk stjórnvöld á meðan Hamas-samtökin eiga aðild að stjórn Palestínu, sagði Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, í gær.

Forsvarsmenn stríðandi fylkinga Palestínumanna náðu á miðvikudag sögulegu samkomulagi um að sameina á ný svæði í Palestínu og hætta innbyrðis átökum Hamas og Fatah, sem kostað hafa hundruð manna lífið á síðustu árum.

„Með þessu er verið að fara yfir strikið,“ sagði Lieberman. „Þetta samkomulag þýðir í raun að hryðjuverkamenn eru komnir til valda á Vesturbakkanum.“ Ísrael, Bandaríkin og Evrópusambandið telja Hamas hryðjuverkasamtök.

Þrátt fyrir að samkomulagið auki bjartsýni á að Palestínumenn geti sameinast í kröfum sínum um frjálst og sjálfstætt ríki er ekki talið líklegt að fréttir af samkomulagi Hamas og Fatah blási nýju lífi í viðræður við Ísrael um sjálfstætt ríki Palestínumanna.

„Fólkið kallaði eftir því að bundinn væri endi á klofninginn. Við segjum við fólkið: Það sem þið báðuð um er nú orðið að veruleika,“ segir Azzam al-Ahmed, sem fór fyrir samninganefnd Fatah í viðræðunum við Hamas.

Hamas og Fatah ætla nú að sameinast um eina ríkisstjórn sem starfa á tímabundið í eitt ár. Að þeim tíma liðnum verður boðað til forseta- og þingkosninga.

Óvild milli Hamas og Fatah hefur verið mjög uppi á yfirborðinu frá árinu 2006. Í kjölfar kosningasigurs Hamas, sem eru herskárri samtök en Fatah, komst Hamas til valda á Gasa en Fata hhélt stjórn á Vesturbakkanum.



**FAGNAÐ** Fjölmargir Palestínumenn fögnuðu samkomulagi Fatah og Hamas um að stjórna sjálfsstjórnarsvæðum Palestínu sameiginlega næsta árið og boða svo til kosninga. Hrifningin var minni hjá stjórnvöldum í Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Þetta samkomulag þýðir í raun að hryðjuverkamenn eru komnir til valda á Vesturbakkanum.
>
> **AVIGDOR LIEBERMAN**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA ÍSRAELS

Stjórnvöld í Ísrael brugðust við fréttunum með því að hafna því alfarið að Hamas tæki þátt í stjórn Palestínu, enda hafi samtökin það á stefnuskrá sinni að eyða Ísraelsríki. Í yfirlýsingu bandarískra stjórnvalda var tekið í sama streng.

„Palestínsk stjórnvöld verða að velja á milli þess að semja frið við Ísrael eða semja frið við Hamas,“ sagði Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, í yfirlýsingu. „Það gengur ekki að semja frið við báða þar sem takmark Hamas er að eyða Ísraelsríki.“

Innanbúðarmenn hjá Hamassamtökunum segja að öryggissveitir samtakanna muni áfram stýra Gasa-svæðinu. Al-Ahmed sagði hins vegar að öryggissveitir bæði Fatah og Hamas yrðu sameinaðar og endurskipulagðar með aðstoð vinveittra arabaríkja.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, mun sitja áfram samkvæmt samkomulaginu, en forsætisráðherrar beggja landsvæða munu segja af sér.

Ósamkomulag milli hópa Palestínumanna hefur haft afar slæm áhrif á það friðarferli sem þó hefur verið í gangi undanfarin ár, enda hafa Palestínumenn ekki getað talað einum rómi í viðræðunum. **brjann@frettabladid.is**

Hugað að breytingum á sjúkratryggingalögum til að minnka lyfjakostnað:

# Bæti kjör sjúklinga sem mest þurfa

**HEILBRIGÐISMÁL** Með fyrirhuguðum breytingum á lögum um sjúkratryggingar er stefnt að því að draga verulega úr lyfjakostnaði þeirra sjúklinga sem mest greiða. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra kynnti frumvarpið í fyrradag. Meginmarkmiðið er að auka jöfnuð sjúklinga og draga úr heildarútgjöldum þeirra sem mest þurfa á lyfjum að halda.

Samkvæmt núgildandi kerfi greiðir fólk ákveðið hlutfall af verði þess lyfs sem ávísað er hverju sinni upp að ákveðnu hámarki. Hins vegar er ekki kveðið á um hámark heildarlyfjakostnaðar einstaklings sem þýðir að kostnaður þeirra sem þurfa á mörgum og dýrum lyfjum að halda eða nota lyf að staðaldri getur orðið mjög hár.



**LYF KEYPT** Markmið frumvarpsins er að minnka lyfjakostnað þeirra sjúklinga sem mest þurfa af lyfjum.

Breytingarnar gera ráð fyrir að sjúkratryggðir greiði lyfjakostnað að fullu upp að ákveðnu hámarki á tólf mánaða tímabili. Þá taka við stighækkandi greiðslur sjúkratrygginga en kostnaður einstaklingsins lækkar. Miðað er við að öll lyf sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða verði felld inn í einn flokk.



GUÐBJARTUR HANNESSON

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir breytingarnar fela í sér verulega kjarabót fyrir fjölda fólks sem nú glímir við há útgjöld vegna lyfjakostnaðar. Frumvarpið feli þó ekki í sér breytingar á útgjöldum hins opinbera heldur tilfærslu innan kerfisins. **- sv**

# Ráðstefna á **Akureyri** um upplýsingatækni

**Vorráðstefna Skýrr er öllum opin: Sextán fyrirlestrar, fimm þemalínur og frábært partý!**

**VORRÁÐSTEFNA SKÝRR** verður haldin 6. maí á Hótel KEA.

Ráðstefnan fjallar um allt það sem máli skiptir í upplýsingatækni fyrir atvinnulífið.

**VORRÁÐSTEFNA SKÝRR** er opin öllu áhugasömu fólki í atvinnulífinu meðan húsrúm leyfir og þátttaka er gestum að kostnaðarlausu.

Dagskrá **VORRÁÐSTEFNU SKÝRR** hefur rauðan þráð, sem er aukin hagkvæmni og betri rekstur með ýmsum tólum upplýsingatækninnar. Jafnframt sækja ráðstefnuna góðir gestir sem munu meðal annars fjalla um ávinning af útvistun upplýsingatækni.

Skráðu þig með því að senda póst til skyrr@skyrr.is

## 13:00 ---- INNGANGUR

Skýrr í hnotskurn: Heimafólk og hagkvæm þjónusta
**Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr**

## 13:10 ---- VIÐSKIPTALAUSNIR

Microsoft Dynamics NAV: Sérsmíðaðar lausnir fyrir atvinnulífið
**Erna Valdís Sigurðardóttir, ráðgjafi hjá Skýrr**

Ópusallt: Alvöru fjárhagskerfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki
**Birgir Kaldal Kristmannsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

TOK bókhalds- og launakerfin: Með 30 ára reynslu, en síung
**Sigrún Víglundsdóttir, þróunarstjóri TOK**

## 14:00 ---- HAGKVÆMNI

Viðskiptalausnir í hýsingu: Hagkvæm lausn fyrir alla vinnustaði
**Magnús Ingi Stefánsson, forstöðumaður hjá viðskiptalausnum Skýrr**

Hvers vegna er snjallt að útvista umsjón með tölvukerfum og tengdum þjónustuþáttum?
**Jón Arnar Jónsson, sérfræðingur hjá Skýrr**

Sparaðu með Microsoft
**Jóhann Áki Björnsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Rafræn viðskipti: Skeytamiðlun og rafrænir reikningar við allra hæfi
**Enok Jón Kjartansson, ráðgjafi hjá Skýrr**

## 15:00 ---- YFIRSÝN

Viðskiptagreind fyrir stóra sem smáa: Spennandi lausnir frá SAP BusinessObjects, Microsoft og Targit
**Sturla Sigurðsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Microsoft SharePoint: Einföld og stöðluð fyrirtækjalausn fyrir skjöl, verkefni og samninga
**Sigvaldi Óskar Jónsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Bakvörður xpress: Einfalt og þægilegt tímaskráningarkerfi sem hentar öllum
**Jóhann Gísli Sigurðsson, viðskiptastjóri hjá HugAx**

## 16:00 ---- REYNSLA

Uppbygging og rekstur tölvukerfis sveitarfélaga
**Guðbjartur Ellert Jónsson, fjármálastjóri Norðurþings**

Hvernig gerir viðskiptahugbúnaður fyrirtækjum mögulegt að ná forskoti í samkeppni?
**Auðjón Guðmundsson, markaðsstjóri Kjarnafæðis**

## 16:30 ---- ÞJÓNUSTA

Netverslun 101: Hvað skiptir máli í verslun og viðskiptum á netinu? Hvað einkennir þá sem ná árangri?
**Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstöðumaður veflausna Skýrr**

Stjórnun viðskiptatengsla (CRM): Betri árangur í rekstri með markvissri stjórnun samskipta
**Hjalti G. Hjartarson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Aukin þjónusta við viðskiptavini og betri kjarnafærni: Útvistun í íslenskum þjónustufyrirtækjum
**Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Háskólann á Akureyri**

## 17:30 ---- KOLLEGAR SPJALLA

Kokteilboð til kl. 20
Léttar veitingar í föstu og fljótandi formi
Ljúffengir tónar og uppistand

**569 5100**
**skyrr@skyrr.is**

SKÝRR
*Velkomin*

Tugir skýstróka jafna heilu íbúðahverfin í suðurhluta Bandaríkjanna við jörðu:

# Á þriðja hundrað fórust í óveðri

**BANDARÍKIN, AP** Á þriðja hundrað manna fórust þegar tugir skýstróka gengu yfir suðurhluta Bandaríkjanna í gær. Þetta eru mannskæðustu skýstrókar sem gengið hafa yfir þennan hluta Bandaríkjanna í 33 ár.

„Við fórum inn á baðherbergið og héldum fast hvert í annað,“ segir Samantha Nail, sem býr í Alabama. „Ef húsið okkar væri ekki úr steinsteypu hefði það fokið eins og hús nágrannanna.“

Staðfest er að 215 létu lífið í sex ríkjum Bandaríkjanna. Óttast er að tala látinna muni hækka. Skýstrókarnir jöfnuðu heilu íbúðahverfin við jörðu.

„Ég leit við og sá heilu trén fjúka fram hjá,“ segir Mike Whitt, sem átti fótum fjör að launa þar sem hann var staddur í bílastæðahúsi í borginni Tuscaloosa í Alabama þegar skýstrókur gekk yfir borgina.

Lýst var yfir neyðarástandi í Alabama, Mississippi og Georgíu. Barack Obama Bandaríkjaforseti lofaði aðstoð frá alríkisstjórninni. „Þeir sem lent hafa í þessum hamförum eiga alla okkar samúð,“ sagði Obama. **- bj**



**EYÐILEGGING** Íbúar skoða eyðilegginguna í úthverfi Birmingham í Alabama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

N1

ELDHEITT EINTAK

Mikið úrval af vönduðum grillum sem henta vel íslenskum aðstæðum. Komdu við í verslunum eða á þjónustustöðvum N1 og finndu rétta grillið fyrir þig.



076 53603IS
**BROIL KING – GEM**
- 8,8kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

**44.980 kr.**



076 54723IS
**BROIL KING – MONARCH 20**
- 11,4kW / 40,000 BTU Super 8™ brennari úr ryðfríu stáli
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

**66.979 kr.**



076 986553IS
**BROIL KING – SIGNET 20**
- 13.2kW / 44,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 3 Dual-Tube™ ryðfríir línubrennarar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

**99.980 kr.**



076 986583IS
**BROIL KING – SIGNET 90**
- 13.2kW / 44,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 2.7kW / 10,000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli
- 5.25kW / 15,000 BTU bakbrennari fyrir grillteín
- 3 Dual-Tube™ ryðfríir línubrennarar
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Rotaisserie grillteinn
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

**124.979 kr.**



076 900653
**BROIL KING
PORTA-CHEF PRO FERÐAGRILL**
- 5kW / 14,000 BTU brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðuð járngrind til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi

**29.900 kr.**

N1 VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## Inntökupróf í Læknadeild HÍ

### Læknisfræði og sjúkraþjálfun

**Inntökupróf í Læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík þriðjudaginn 14. og miðvikudaginn 15. júní 2011.** Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið. Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið og er skráning opin til og með **20. maí 2011**. Skráning fer fram á netinu (www.laeknadeild.hi.is). Próftökugjald er **15.000 kr.**

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til skrifstofu Læknadeildar um að stúdentspróf verði lokið áður en inntökupróf hefst. Staðfesting þarf að berast eigi síðar en 20. maí 2011.

Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar. Umsóknin telst því ekki gild fyrr en staðfest afrit af stúdentsprófskírteini eða rafrænt stúdentsprófskírteini úr Innu hefur borist skrifstofu Læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2011 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í Læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í Læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

**Nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu Læknadeildar, www.laeknadeild.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ
1911-2011

PIPAR\TBWA \ SÍA 110997


Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
RÝMUM FYRIR
SUMARVÖRUM
30-50% afsláttur af völdum barna-snjógöllum
VIÐ ERUM AÐ FÁ FULLT AF NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM FYRIR SUMARIÐ OG RÝMUM ÞVÍ TIL Í VERSLUNUM OKKAR
20% afsláttur af STILLONGS barnafatnaði
30-50% afsláttur af völdum skóm
30-50% afsláttur af völdum peysum
30-50% afsláttur af völdum úlpum og snjóbuxum
PIPAR\TBWA • SÍA • 1109470

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Talar enn fyrir auknu samstarfi og samvinnu í stjórnmálum

# Valdboðsleiðin er ekki sú rétta

**Hanna Birna Kristjánsdóttir**, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, kveðst enn sannfærð um að leið aukins samráðs í stjórnmálum sé sú rétta. Í samtali við *Óla Kristján Ármannsson* lýsir hún aðdraganda brotthvarfs síns úr stóli forseta borgarstjórnar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur, segist alls ekki hafa gefið upp á bátinn hugmyndir um breiðara samstarf á vettvangi stjórnmála en oft hefur tíðkast, hvort heldur sem er á vettvangi sveitarstjórna eða landstjórnar. „Aukin samvinna í stjórnmálum, stóraukin aðkoma almennings að ákvarðanatöku og skýr sýn um lausnir, tækifæri og aðgerðir eru lykillinn að því að horfa frekar til þess sem sameinar okkur en þess sem sundrar,“ segir hún. Þannig vinnubrögð vilji hún sjá á vettvangi borgarstjórnar og telur sig hafa haft forgöngu um slíkt sem borgarstjóri.

„Og ég vil leggja mitt af mörkum til að halda áfram á þeirri braut, þrátt fyrir að hafa ekki setið við borðsendann.“

Engu að síður fór svo fyrir rúmri viku að Hanna Birna og Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna í borginni, sögðu sig frá þeim embættum sem þær höfðu tekið að sér eftir síðustu kosningar. Hanna Birna var forseti borgarstjórnar og Sóley var fyrsti varaforseti.

„Mig langaði mjög mikið til þess að við tækjum höndum saman á vettvangi borgarstjórnar og gerðum hlutina áfram vel og öðruvísi. Í því vildi ég leggja mitt af mörkum, en get ekki lengur gert. Viljinn er bara öðrum megin og mér finnst meirihlutinn ítrekað velja rangar leiðir skattahækkana, valdboðs og virðingarleysis,“ segir hún.

> Hver ákvað að pólitík væri vígvöllur þar sem helst ætti að höggva mann og annan? Það er einhver gamall kúltúr sem ég sætti mig ekki við.

### Kornið sem fyllti mælinn

„Í kosningabaráttunni lagði ég til að við mynduðum hér samstjórn allra flokka þar sem kjörnir fulltrúar tækju að sér verkefni í samræmi við kjörfylgi og hefði talið það farsælustu leiðina,“ segir Hanna Birna. Hún hafi tekið að sér hlutverk forseta borgarstjórnar að beiðni nýs meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar, gegn því að áfram yrðu innleidd ný vinnubrögð, samhliða stórauknu samráði og þeirri aðgerðaáætlun sem verið hafði í gildi.

Hanna Birna segir góðan árangur hafa verið af aðgerðaáætluninni sem á sínum tíma hafi verið samin til að vinna gegn kreppunni og afleiðingum hennar. „Við fylgdum alþjóðlegri ráðgjöf um að standa með íbúum, hækka ekki skatta, halda gjaldskrám lágum, verja grunnþjónustu og opna allar gáttir virkara lýðræðis. Um þetta sameinaðist öll borgarstjórn, eignarhaldið var sameiginlegt og friður og öryggi ríkti hjá starfsfólki. Þannig hafði aldrei áður mælst meiri ánægja hjá starfsmönnum borgarinnar þrátt fyrir lækkuð laun og aldrei meiri ánægja hjá íbúum og það þrátt fyrir að við værum að draga saman.“

Frá þessu segir hún meirihlutann nú hafa vikið og þess í stað valið það sem hún kallar „leið þess lata“ sem felist í því að taka fljótt og örugglega fjármagn af almenningi án þess að huga að kerfinu sjálfu.

Kornið sem fyllti mælinn í samstarfinu segir Hanna Birna hafa verið fyrirhugaðar sameiningar skóla og þá hörku sem viðhöfð hafi verið í þeirri vinnu. Hún segist ekki hafa trúað því fyrr en á reyndi að borgaryfirvöld skorti kjark og skynsemi til aukins samráðs við íbúa borgarinnar um aðgerðir á vettvangi grunn- og leikskóla borgarinnar. „Ég get ekki tekið þátt í slíkum stjórnmálum eða borið ábyrgð á þeim með neinum hætti.“

### Pólitíkinni má bylta

Hanna Birna hvikar hins vegar ekki frá þeirri skoðun sinni að innleiða eigi leið aukins samstarfs á vettvangi stjórnmálanna. „Ég er sannfærð um að ef við hefðum haft kjark til að fara með hlutina alla leið, eins og við gerðum um tíma í Reykjavíkurborg og ættum að gera líka í landsmálunum, þá værum við núna á betri stað. Einn veit alltaf minna en margir og við eigum að hafa þroska til að fara á þann stað,“ segir hún og játar upp á sig að kunna að hafa ofurtrú á landinu, borginni og fólkinu sem hér býr. „Ég held að ef við myndum vinna hlutina með trúna á einstaklinginn og getu hans í fyrirrúmi þá kæmumst við fyrr og betur út úr þessu ástandi.“



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Kannanir sem gerðar voru fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar, eftir borgarstjóratíð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, sýndu að hún naut meiri vinsælda en spegluðust í fylgi flokks hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hugmyndafræðin hefur ekki beðið skipbrot þótt ekki hafi farið betur á með þessum meirihluta, að mati Hönnu Birnu. „Þau kjósa fremur leið meirihlutavalds og valdboðs. Mér finnst það röng leið, en kannski verða þau bara að reka sig á í því. Mér finnst ég löngu búin að reka mig á að það er ekki góð leið.“

Sannfæring Hönnu Birnu fyrir aukinni sátt og samvinnu á vettvangi stjórnmálanna segir hún að hafi eflst í þeim harðindum sem þjóðin hafi mátt ganga í gegnum, „Samstaða skiptir máli og er ótrúlega verðmæt. Það er sú reynsla sem ég dreg út úr minni pólitísku þátttöku,“ segir hún og bendir á að allir séu á sama báti. „Þetta er tíminn þar sem fólk vinnur í gegnum lausnir og reynir að komast að þeirri niðurstöðu sem farsælust er fyrir sem flesta.“

Hanna Birna segir að sér þætti farsælli leið að stefna að hagræðingu án þess að hún komi of hart niður á almenningi, að auka val almennings til að velja sér þjónustu og draga úr umfangi kerfisins og skapa þannig aðstæður í landinu að fólki finnist freistandi og gott að vera hér. „Og það er annað sem ég hef orðið fyrir svo miklum vonbrigðum með hjá þessum meirihluta. Sífellt er látið eins og allt sé í kaldakolum. Auðvitað eru erfiðir tímar, en það er líka allt stútfullt af tækifærum,“ segir hún og kveður þurfa að tala í fólk bæði kjark og von.

### Mjúk eða árangursrík?

„Stjórnmálamenn eru kosnir til þess að leysa hlutina, en ekki til að flækja þá og búa stöðugt til óvissu og óöryggi hjá fólki. Það er okkar hlutverk að axla þá ábyrgð, að leggja okkur fram um að tryggja að hér fari hlutirnir vel. Og þrátt fyrir að það geti kostað erfiðar ákvarðanir og andvökunætur þá verður maður stundum bara að bera harm sinn í hljóði, boða lausnir en ekki stöðug vandamál og persónulegar átakasögur. Stjórnmálamenn eru kosnir til að leysa viðfangsefni fólksins þannig að það þurfi ekki að hafa of miklar áhyggjur. Þannig að með sama hætti og við eigum að segja satt og rétt frá stöðunni, eigum við líka að tala vilja, getu og kraft í fólk, því hér er allt til staðar sem þarf.“

Hugmyndir Hönnu Birnu um aukna samvinnu og samstarf í stjórnmálum eru hins vegar langt frá því óumdeildar. Hún var til að mynda harðlega gagnrýnd í eigin flokki fyrir að taka þátt í einhverri samvinnu við núverandi meirihluta. Þá hefur því verið haldið fram að mikil bjartsýni sé að ætla að vinna að slíkri siðbót í íslensku stjórnmálaumhverfi. „Ég veit að ég hef verið gagnrýnd og að innan míns flokks eins og víðar segja sumir að pólitík sé ekki svona. En hver sagði það? Hver ákvað að pólitík væri vígvöllur þar sem helst ætti að höggva mann og annan? Það er einhver gamall kúltúr sem ég sætti mig ekki við. Það er kúltúr sem fælir fólk frá pólitík. Hann kemur í veg fyrir að ungt hæfileikaríkt fólk vilji fara inn á þennan vettvang og kemur í veg fyrir að góðir hlutir gerist,“ segir hún og kveðst sannfærð um að meiri árangri skili að tileinka sér aðrar aðferðir og vinnubrögð í pólitík. „Mig langar til að þetta land nái öllum þeim árangri sem það getur. Og ég held að því fleiri hendur sem að því koma, þeim mun meiri árangri náum við.“

Þótt nálgun Hönnu Birnu hafi stundum verið kölluð „kvenleg“ eða „mjúk“ segir hún það ekki réttu lýsinguna. „Þetta er bara árangursrík pólitík. Og ég vil meina að það hafi skilað meiri árangri þegar við unnum þannig í Reykjavík.“ Hanna Birna bendir á að Sjálfstæðisflokkurinn sé lýðræðisflokkur þar sem áherslan hafi verið á „stétt með stétt“. „Og þess vegna getur hugmyndin um aukna sátt, samráð og skilning hvergi átt betur heima en einmitt þar.“




ÚTILÍF
MEÐ VESTI
OG NÝJA SKÓ
ALLAR TEGUNDIR AF SKÓM FYRIR KRAKKA SEM ÆTLA AÐ HREYFA SIG Í SUMAR
SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR BÖRNIN Í ÚTILÍF.
VERÐ 6.990 KR.
PUMA
TAKKASKÓR V6.10 R HG
Stærðir: 28 til 38,5
VERÐ 6.990 KR.
PUMA
GERVIGRASSKÓR V6.10 TT
Stærðir: 28 til 38,5
VERÐ 6.990 KR.
DD
GÖTUSKÓR
Stærðir: 36 til 41
VERÐ: 9.990 KR.
PUMA
COURT POINT
Stærðir: 32 til 39
VERÐ 4.990 KR.
DD
GÖTUSKÓR
Stærðir: 28 til 35
VERÐ 11.990 KR.
ADIDAS
F10 TRX AG
Stærðir: 28 til 38,5
VERÐ 8.990 KR.
PUMA
BENECIO CANVAS
Stærðir: 32 til 38
VERÐ 2.490 KR.
GÖTUSKÓR
Stærðir: 23 til 28
VERÐ 2.490 KR.
GÖTUSKÓR
Stærðir: 23 til 28
VERÐ 6.990 KR.
CANVAS GÖTUSKÓR
Stærðir: 31 til 35
Einnig til í svörtu.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað á að gera ef innlend framleiðsla á lífrænt vottuðum vörum annar ekki eftirspurn?

# Lífrænn innflutningur

Áhugi íslenzkra neytenda á lífrænum búvörum hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Nýlega er búið að stofna Samtök lífrænna neytenda. Jafnframt hefur umræða um umhverfisvænan landbúnað og velferð dýra verið býsna hávær að undanförnu.

Eitt af því sem þessi umræða hefur orsakað er að byrjað er að falla á þá ímynd, sem gjarnan hefur verið haldið á lofti, að íslenzkur landbúnaður og innlendar búvörur séu miklu hreinni og náttúrulegri en innfluttur matur. Bent hefur verið á að lífræn ræktun sé sáralítil hér í samanburði við ýmis nágrannalönd, ýmis dæmi um óvistvæna búskaparhætti og að meðferð á dýrum orki stundum tvímælis.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Verksmiðjubúskapur er að sjálfsögðu alþjóðlegt fyrirbæri. En annars vegar er hann til hér á Íslandi ekki síður en annars staðar, einkum í alifugla- og svínarækt, og hins vegar er það staðreynd að þróun í átt til lífrænnar ræktunar og vistvænna búskaparhátta er miklu lengra komin í flestum öðrum V-Evrópuríkjum en á Íslandi.

Á málþingi um aðbúnað dýra í íslenzkum landbúnaði, sem haldið var fyrr í vikunni, kom fram í máli Oddnýjar Önnu Björnsdóttur, stjórnarmanns í Samtökum lífrænna neytenda, að íslenzkir neytendur ættu nánast ekkert val um lífrænt ræktað kjöt; svo til eingöngu væri hægt að fá lambakjöt og þá í sérverzlunum. Hér lifði fólk enn í þeirri blekkingu að búfénaður gengi almennt frjáls eins og fjallalömb og fyrir vikið væri lítill þrýstingur á framleiðendur að bjóða lífrænt vottaðar afurðir.

Umræðan um þessi mál ber enn nokkurn keim af því að íslenzkur landbúnaður hefur lengi verið verndaður fyrir útlendri samkeppni. Vaxandi spurn er eftir lífrænt vottaðri búvöru og talsverður hópur neytenda reiðubúinn að greiða hærra verð fyrir slíka vöru. Hvað á að gera ef íslenzkir framleiðendur bjóða ekki upp á hana? Í öllum öðrum framleiðslugreinum væri svarið einfalt; flytja hana inn.

Hér er flutt inn talsvert af lífrænt ræktuðu korni, grænmeti og ávöxtum, sem ekki veitir innlendri vöru neina samkeppni og ber fyrir vikið lága tolla. Ef tollar á öðrum búvörum væru afnumdir eða lækkaðir duglega gæti líka orðið hagkvæmt að flytja inn lífrænt vottaðar kjöt- og mjólkurafurðir. Neytendur ættu þá val og þrýstingur myndi skapast á innlenda framleiðendur að auka lífræna framleiðslu. Stundum er talað eins og ef tollar á búvörum yrðu lækkaðir myndu ódýrar afurðir verksmiðjulandbúnaðar flæða hér yfir. Það myndu þær vissulega gera og veita hefðbundinni innlendri framleiðslu tímabæra samkeppni, en lífræna varan kæmi líka.

Eygló Björk Ólafsdóttir, viðskiptafræðingur og matvælaframleiðandi, skrifaði grein hér í blaðið fyrir stuttu um þann mikla mun sem er á stefnumótun og stuðningi við lífrænan landbúnað í Evrópusambandsríkjunum og hér. Full ástæða er til að fylgismenn lífræns landbúnaðar velti fyrir sér hvort affarasælla sé að þróa hann á bak við tollmúra eða sem þátttakendur á evrópskum markaði, þar sem sívaxandi áhugi er á lífrænni framleiðslu.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Frítt stæði við Leifsstöð
í þrjá sólarhringa hverju sinni

Premium Icelandair American Express® er betri ferðafélagi. Kynntu þér kostina á **americanexpress.is**



Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

Fíton/SÍA

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Múturnar**
Í desember skrifaði Björn Valur Gíslason að Guðlaugur Þór Þórðarson hefði þegið mútur. Skrifin vöktu svolitla athygli en höfðu tæpast þau áhrif að fólk umpólaðist í afstöðu til málefnisins. Björn Valur er bara þannig maður. Þessi skrif voru vitaskuld öllum gleymd þangað til í gær þegar Björn Valur upplýsti að honum hefðu borist boð frá lögmanni Guðlaugs um að draga ummælin til baka ellegar færi Guðlaugur í mál.



**Skaði**
Lögmaðurinn segir að ummælin hafi bakað Guðlaugi skaða. Fróðlegt verður að heyra hvernig hann mun færa rök fyrir því að einmitt orð Björns Vals hafi skaðað hann fremur en allt hitt hnjóðið sem Guðlaugur hefur mátt þola um ævina.

**Hress**
Hreggviður Jónsson, fyrrverandi alþingismaður, dundar sér við að skrifa athugasemdir við fréttir á Eyjunni. Þær eru stundum skemmtilegar. „Ég myndi taka það að mér að skrifa stjórnarskrá fyrir Ísland „frítt" ef ég ætti IPAD," skrifaði hann um daginn.



**Ha?**
„Hugsa sér – engin lagaprófessor starfar á Alþingi…" skrifaði Vigdís Hauksdóttir í Moggann í gær. Af nokkru er að taka en þetta er líklega það vitlausasta sem Vigdís hefur skrifað.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Samningslaus í 25 mánuði


Kjaramál



Elsa B. Friðfinnsdóttir
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga


Hið nýja stjórnvald hér á landi, Samtök atvinnulífsins (SA), hefur verið sakað um að taka launamenn á almennum vinnumarkaði í gíslingu til að knýja ríkisstjórnina til hlýðni í sjávarútvegsmálum. Gíslatakan er reyndar víðtækari því að á meðan ekki hefur samist á almennum vinnumarkaði hefur Samninganefnd ríkisins (SNR) haldið að sér höndum og ekki átt í neinum alvöru kjaraviðræðum við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Flestir kjarasamningar á opinbera markaðnum hafa verið lausir misserum saman og opinberir starfsmenn þannig einnig í gíslingu SA.

Kjarasamningar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs runnu út fyrir 25 mánuðum, 760 dögum. Hjúkrunarfræðingar hafa ekki fengið kjarasamningsbundnar hækkanir í 33 mánuði eða frá júlí 2008. Á þessum tíma hefur kjararýrnun almennt verið um 12%. Verulega hefur verið þrengt að starfsumhverfi, starfsöryggi og starfskjörum hjúkrunarfræðinga. Ekki er ráðið í störf sem losna og álag í starfi hefur aukist mikið.

> Það hefur sannarlega hvarflað að manni á samningafundunum að betra væri að ræða bara beint við SA

Samninganefnd FÍH hefur fundað reglulega með SNR og lagt fram ýmsar hugmyndir að nýjum kjarasamningi. SNR hefur hins vegar ekki brugðist við með neinum tillögum eða hugmyndum að mögulegum samningi og hefur hafnað hugmyndum samninganefndar FÍH án skoðunar. Það hefur sannarlega hvarflað að manni á samningafundunum að betra væri að ræða bara beint við SA því engu er líkara en þau samtök séu hinn raunverulegi samningsaðili opinberra starfsmanna.

Það er auðvitað með öllu óþolandi að ríkisvaldið skuli ekki koma fram við stéttarfélög opinberra starfsmanna sem alvöru samningsaðila. Nú þegar uppstytta hefur orðið í kjarasamningum á almennum markaði og 26. samningslausi mánuðurinn fer að hefjast krefjast hjúkrunarfræðingar þess að samningsréttur FÍH sé virtur og að SNR verði falið að ganga frá kjarasamningum við félagið. Langlundargeð hjúkrunarfræðinga er á þrotum.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þjóðiþjóð

ÍDAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ég hef sjálfur aldrei hitt þjóðina. Það fólk sem það hefur gert hefur sagt mér af henni ýmsar sögur. Margar þeirra sýna þjóðina sem viðkunnanlega veru, tilfinningaríka, sem hagar sér þó rökrétt eftir aðstæðum. Þjóðin er þannig brjáluð út af hruninu og hún treystir ekki stjórnmálamönnum. Það er svo sem skiljanleg afstaða. En þjóðin er líka frjálslynd og vel menntuð, sem fær mig til að halda að mér ætti að líka vel við hana. Ég sjálfur er nefnilega líka frjálslyndur og vel menntaður.

Sumir þekkja þjóðina vel. Það gerir Forseti Íslands til dæmis enda kaus hún hann. Hún er, að hans dómi, æðsti löggjafi landsins og hún stóðst prófið í Icesave-atkvæðagreiðslunni. Guði sé lof, ekki myndi ég vilja sjá þjóðina falla á neinu prófi. Já, og meðan um Guð er rætt, þá segja mér margir að þjóðin sé kristin. Raunar er ég það ekki, en þekki þónokkra sem eru það og líkar fínt við þá. Þeir sem til þjóðarinnar þekkja sem segja hana ekki strangtrúaða, svo okkur þjóðinni ætti að koma vel saman. En þrátt fyrir að vera ekki mjög trúrækin þá á hún þó sína kirkju. Það stendur meira að segja í stjórnarskránni.

Í ljósi þess hve tíðrætt forsetanum hefur verið um þjóðina þá er það merkileg staðreynd að í stjórnarskránni nú kemur orðið „þjóð“ hvergi fyrir eitt og sér. Það kemur raunar fyrir í samsettu orðunum þjóðkjörinn, þjóðaratkvæðagreiðsla, þjóðskjalasafn, þjóðleg réttindi, þjóðernisuppruni og þjóðkirkja. Þetta seinasta orð, þjóðkirkja, kemur fyrir í einu umdeildasta ákvæði stjórnarskrárinnar.

> Í ljósi þess hve tíðrætt forsetanum hefur verið um þjóðina þá er það merkileg staðreynd að í stjórnarskránni nú kemur orðið „þjóð“ hvergi fyrir eitt og sér.

Ákvæðið er ekki umdeilt vegna þess að það hefur neikvæð áhrif á daglegt líf fólks utan þjóðkirkjunnar, því það gerir það ekki, heldur vegna þess að það er skrítið að tilheyra hópi sem lögum samkvæmt er sagður aðhyllast ákveðna trú, ef maður aðhyllist hana ekki sjálfur.

Margar stjórnarskrár hafa að geyma þjóðareinkennakafla, til dæmis með ákvæðum um þjóðtungu. Séu slík ákvæði vandlega unnin geta þau verið skaðlaus, en alltaf er sú hætta að þau verði rangtúlkuð og ofnotuð.

Verði fjallað um þjóðtungu í stjórnarskrá er bókað mál að hrópað verði „stjórnarskrárbrot“ í hvert skipti sem móðurmálskennsla er skorin niður.

Sumar stjórnarskrár hefjast á aðfaraorðum þar sem þjóðir fá að tala.

Vel skrifuð aðfaraorð eru skaðlaus en mörg hafa valdið deilum. Ef þjóð er látin tala þá er eins gott að sem flestir sem henni tilheyra geti tekið undir það sem henni er lagt í munn.

Þjóð finnst mörgum fallegt orð. Ríki hljómar stofnanalega og þurrt.

Þjóðareign hljómar meira spennandi en ríkiseign. „Þjóðnýting“ var hugtak sem búið var til af fólki sem vissi að „rán ríkis á eigum einstaklinga“ væri ekki alveg nógu krúttlegt.

Til að árétta þá er ég ekki sérstakur stuðningsmaður kvótakerfisins. En breytingar á því þarfnast ekki stjórnarskrárbreytinga. Breytingarnar þarfnast þingmeirihluta. Leið stjórnarskrárbreytinga og dómsmála er óheppileg leið.

Ætli mín stærsta efasemd við þjóðareignarhugtakið sé einmitt það sama og í hugum margra er þess mesti styrkur: það hljómar vel. Það hljómar vel að „allar auðlindir skuli vera í þjóðareigu“. Það hljómar einfaldlega betur en það sem það er: að ríkinu verði með stjórnarskrárbreytingu færðar eignir, að viðbættum óútfylltum tékka á eignaupptökur á því sem stjórnmálamamenn muni telja til auðlinda í framtíðinni.

Þau ríki sem við berum okkur saman við tala ekki um þjóðareign á auðlindum. Þau ríki, til dæmis Noregur, leggja í sínum stjórnarskrám mun frekar skyldur á stjórnvöld til að sjá til að náttúruauðlindir séu nýttar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt frekar en að árétta að opinberir aðilar eigi þær. Enda hlýtur það í raun að vera aðalatriðið, hvernig gengið er um náttúruna en ekki hver sé kennitala þess sem það gerir.

Ég hef hitt fullt af fólki. Ég geri mér grein fyrir að saman myndar margt af þessu fólki þjóð. Þjóð er þannig gott praktískt heiti yfir hóp af fólki. En ég vil stíga varlega til jarðar í því að hlaða á þessa þjóð skoðunum, einkennum og eignum. Þjóðina sjálfa hef ég nefnilega ekki enn þá hitt.

AF NETINU

## Smá innlegg í hina fjörugu veðurumræðu



Það er aldeilis stórmerkilegt að það er eins og fréttamenn, dálkahöfundar, bloggarar og fasbókarar séu komnir með veðrið á heilann. Það gleður mig auðvitað alveg ósegjanlega og mér finnst ég ekki lengur standa einn og einangraður líkt og afglapi með mína sérvisku. Ég hef nefnilega verið með veðrið á heilanum í yfir 40 ár. Og ég gleymi engu þegar vorblíða er annars vegar ellgar vorharðindi með stórhretum og hafísum og hvers kyns illri óáran.

Og ég segi það satt: Sjaldan hef ég lifað jafn ljúft og yndælt vor sem nú. Það eru strax komin blóm í haga út um allt og fíflunum fjölgar alveg ótrúlega hratt.

nimbus.blog.is

Sigurður Þór Guðjónsson

## Flóknustu gatnamót á Íslandi?



Ég held að flóknustu gatnamót á Íslandi séu gatnamót Skúlagötu, Snorrabrautar og Borgartúns. Það getur verið ansi erfitt að átta sig á því hvert skuli halda þegar maður hefur annaðhvort hjólað niður Borgatúnið eða upp Skúlagötuna. Það er nógu flókið fyrir gangandi vegfarendur en þegar maður kemur að þessum gatnamótum með börn á reiðhjólum þá eru þau alveg fáránleg.

andrisnaer.is

Andri Snær Magnason

Servida og Besta hafa sameinast...

… verslun Besta í Ármúla 23 verður flutt í Fellsmúla 26 (Hreyfilshúsið við Grensásveg) frá og með mánudeginum 2. maí.

Laugardaginn 30. apríl milli kl 10 – 14 verður allt selt út úr versluninni í Ármúla 23.

… SPRENGIDAGUR OG Á ALLT AÐ SELJAST.

Hvetjum við einstaklinga og fyrirtæki að koma og gera frábær kaup því þarna verða hreinsiefni, hreinsiáhöld, servíettur, grillbúnaður, pappír, umbúðir og alls konar vörur á hreint hlægilegu verði.

SPRENGI DAGUR

Servida BESTA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Tökum helgina snemma ! Lokað 1.maí í öllu




ÍSLANDSNAUT **FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK**
**2298** KR.KG




**FERSK UNGNAUTA-MÍNÚTUSTEIK**
**20% AFSLÁTTUR** MERKT VERÐ: 3498 KR.KG
**2798** KR.KG




ÍSLANDSNAUT **FORKRYDDAÐUR GRILL NAUTAVÖÐVI**
**2298** KR.KG




LAMBHAGA**SALAT** Í POTTI
**275** KR.STK
LAMBAHAGASALAT
VISTVÆN ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA

NÝBAKAÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS



**BAGUETTE BRAUÐ**
**129** KR.STK




100g LAMBHAGA**SPÍNAT** Í BOXI
**298** KR. 100g
LAMBAHAGASALAT
VISTVÆN ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA




GÆÐABAKSTUR **MALTBARUÐ 230g**
**159** KR. 230g




ROOKEE NÚÐLUR 85g 4 TEGUNDIR
*AÐEINS 35 KR PAKKINN*



NÝBAKAÐAR **MJÚKAR KRINGLUR**
**198** KR. 4 stk.




**695** KR. KIPPAN

**PEPSI & PEPSI MAX**
*4 FL. X 2 LTR.*




LAGERHREINSUN

**98** KR. POKINN

**EUROSHOPPER SNAKK 200G**
KARTÖFLUFLÖGUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
um verslunum Bónus á frídegi verkafólks
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
198 KR. 270ml.
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
798 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR
Kycklingfilé Chicken fillets
900 GRÖMM
EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1398 KR.POKINN
1298 KR.KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
Ali
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
698 KR.KG
Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
Ali
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
998 KR.KG
ÞÝSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
1398 KR.KG
Hunt's
Hunt's grillsósur
Honey Mustard
Orginal BBQ sósa
612 ml flaska
225 KR.
ÞÝSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR
3598 KR.KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
579 KR.KG.
FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI
GOTT VERÐ Í BÓNUS
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30

# 30 milljónir til atvinnumála kvenna

Velferðarmál
Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Árið 1991 var í fyrsta sinn úthlutað sérstökum styrkjum til atvinnumála kvenna að frumkvæði Jóhönnu Sigurðardóttur þáverandi félagsmálaráðherra. Síðan þá hafa þessir styrkir verið veittir árlega af hálfu félagsmálaráðuneytisins, nú velferðarráðuneytisins.

Upphaflega var markmið styrkveitinganna að draga úr atvinnuleysi í röðum kvenna sem þá var töluvert, jafnframt því að efla nýsköpun í atvinnulífinu. Þessi markmið eiga við enn í dag. Sú staðreynd blasir við að konur eiga einungis fjórðung fyrirtækja í landinu og því er styrkjunum einnig ætlað að auka hlut þeirra í fyrirtækjarekstri. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að konur fá aðeins fimmtung styrkja sem í boði eru og því er nauðsynlegt að vega upp á móti þeim mun með sértækum styrkveitingum sem þessum.

Styrkir til atvinnumála kvenna eru ætlaðir konum sem vinna að góðum viðskiptahugmyndum og verkefnum. Skilyrði styrkveitinga eru þau að verkefnin séu í eigu kvenna og feli í sér nýnæmi eða nýsköpun. Ekki er nauðsynlegt að vera með starfandi fyrirtæki til að sækja um styrk og því er heimilt að sækja um vegna verkefna á byrjunarstigi en einnig geta þær konur sótt um styrk sem eru að þróa nýjungar í starfandi fyrirtækjum. Unnt er að sækja um styrki til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetningar, vöruþróunar og hönnunar en ekki eru veittir styrkir til framkvæmda eða vegna stofnkostnaðar.

Verkefni sem hlotið hafa styrki í gegnum tíðina eru afar fjölbreytt á sviði framleiðslu, hönnunar og þjónustu af ýmsu tagi. Sem dæmi um styrkveitingar síðustu ára má nefna styrki til þróunar á morgunkorni, barnamat og heilsusamlegum birkisafa, markaðssetningar á blásturshljóðfæraviðgerðum, vöruþróunar á heimagerðum ís, baðhúss í Stykkishólmi auk verkefna á sviði hönnunar af ýmsu tagi. Af þessari upptalningu má sjá að fjölbreytnin er mikil enda kraftur í nýsköpun kvenna um þessar mundir.

Í þarfagreiningu sem gerð var í fyrra meðal styrkhafa síðustu ára voru konurnar beðnar um að meta þýðingu styrkjanna fyrir sig. Fyrir utan þann auglýsa ávinning að fá fjármuni til að koma verkefnum sínum áfram bar öllum saman um að viðurkenningin sem fólst í styrkveitingu væri þeim afar mikilvæg og hvatning til að halda áfram og vinna enn harðari höndum að því að gera verkefnin að veruleika.

Með styrkjum sem þessum er tvímælalaust stuðlað að aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu. Ný fyrirtæki hafa litið dagsins ljós sem skapa störf, samfélaginu til hagsbóta.

Í ár bárust 338 umsóknir hvaðanæva af landinu og hafa aldrei borist fleiri. 30 milljónir króna eru til úthlutunar og hefur ráðgjafarnefnd metið umsóknir á undanförnum vikum. Að þessu sinni hljóta 42 konur styrki og mun afhendingin fara fram í Víkinni – Sjóminjasafninu í Reykjavík kl. 13.00 í dag.

Listi yfir styrkhafa er á heimasíðu verkefnisins, www.atvinnumalkvenna.is.

# Eitt öflugt slökkvilið

Öryggismál
Eggert Karvelsson
formaður Félags slökkviliðsmanna Keflavíkurflugvelli
Ó. Ingi Tómasson
aðalvarðstjóri Keflavíkurflugvelli
Jón E. Árnason
varðstjóri Keflavíkurflugvelli

Við stofnun Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) þann 1. júní árið 2000 urðu ákveðin kaflaskil í rekstri slökkviliða á Íslandi. Slökkvilið Reykjavíkur ásamt Slökkviliði Hafnarfjarðar runnu í eitt og úr varð öflugt og vel rekið slökkvilið sem þjónar höfuðborgarsvæðinu af miklum myndarskap og veitir íbúum nú ákveðna öryggiskennd vitandi um þá þjónustu sem SHS veitir.

Við brotthvarf Varnarliðsins 1. okt. 2006 varð eftir ákveðin óvissa um skyldur slökkviliða á Suðurnesjum er varða gamla varnarsvæðið og Keflavíkurflugvöll. Við og á flugvellinum eru rekin þrjú slökkvilið, Slökkvilið Keflavíkurflugvallar, Brunavarnir Suðurnesja (BS) og Slökkvilið Sandgerðis.

### Aukið flækjustig

Þar til nýverið sá Slökkvilið Keflavíkurflugvallar alfarið um alla slökkvi- og björgunarþjónustu á flugvellinum þ.e. allar byggingar og flugvélar auk viðbúnaðar vegna eiturefnaslysa.

Eins og nú háttar, eiga þrjú áðurgreind slökkvilið að sjá um þessa þjónustu. Slökkvilið Keflavíkurflugvallar á að sjá um flugslys og eld í flugvélum jafnt utan sem innandyra. BS á að sjá um allar byggingar á eystra svæði flugvallarins jafnt flugskýli sem aðrar byggingar og Slökkvilið Sandgerðis á að sjá um allar byggingar og flugskýli vestan til á flugvellinum. Komið er upp allnokkurt flækjustig er varðar útköll og boðun slökkviliða í byggingar á flugvellinum og má þar nefna eftirfarandi:

Verði eldur í flugskýli á Keflavíkurflugvelli mun BS verða boðað, Slökkvistöð BS er staðsett í Keflavík. Sé hins vegar flugvél inni í áðurnefndu flugskýli, ber Slökkviliði Keflavíkurflugvallar að mæta og slökkva í flugvélinni og þá er þetta væntanlega spurning hvort greinarmunur sé gerður í brunaboði frá flugskýli með og án flugvélar, þetta á reyndar við öll flugskýli á flugvellinum.

Sama er að segja um t.d. flugturninn á Keflavíkurflugvelli, komi brunaboð frá flugturni, þá fer slökkviliðsmaður frá Slökkviliði Keflavíkurflugvallar og athugar hvort um bilun í kerfi sé að ræða, sé hinsvegar eldur í byggingunni þá hringir slökkvilið flugvallarins sem staðsett er steinsnar frá flugturni, í BS sem kemur frá Keflavík og sér um að slökkva eldinn. Allur þessi hrærigrautur leiðir til óvissu og ómarkvissra viðbragða.

Óvissa sem hefur verið í kringum slökkvilið Keflavíkurflugvallar með kröfu Isavia ohf. um að slökkvilið flugvallarins verði í raun lagt niður í núverandi mynd og einskonar viðbúnaðarþjónusta komi í staðinn, er einungis til þess fallin að auka á þá ringulreið sem er nú þegar í slökkvi- og björgunarþjónustu flugvallarins.

### Sameinaðir kraftar

Með reynslu af stofnun SHS í huga þá er það skoðun okkar og margra annarra, að sveitarfélögin og stjórnvöld sem eiga hlut að máli komi að þessu með sambærilegum hætti og gert var þegar SHS var stofnað og sameini krafta allra slökkviliða á áðurnefndum svæðum.

> Við brotthvarf Varnarliðsins 1. okt. 2006 varð eftir ákveðin óvissa um skyldur slökkviliða á Suðurnesjum er varða gamla varnarsvæðið og Keflavíkurflugvöll.

Hugmyndir sem settar voru fram á árunum 2005-2006 um eitt öflugt slökkvilið höfuðborgarsvæðis-Suðurnesja-Selfoss-Akraness, eiga fyllilega rétt á sér nú á tímum samdráttar og sparnaðar.

Fjárhagslegur og faglegur ávinningur af einu öflugu slökkviliði er ótvíræður.

Fjárhagslegur ávinningur felst m.a. í samlegð á tækjum og mannafla. Faglegur ávinningur mun m.a. skila sér í nánari samhæfingu í þjálfun og öflugra og markvissara viðbragðs á öllu svæðinu.







**Voru Mozart og Beethoven vinir?** er yfirskrift hádegistónleika í tónleikaröðinni Klassík í hádeginu sem haldnir verða í Gerðubergi á sunnudag. Þar munu Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og Þóra Einarsdóttir sópransöngkona flytja ljóð klassísku höfuðskáldanna Mozarts og Beethovens. Tónleikarnir hefjast klukkan 13.15.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473




**Lára Björg Björnsdóttir rithöfundur fylgist uppáklædd með frumburði Díönu ganga í það heilaga:**

# Díana fylgist með að ofan




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Miðað við allt sem grey Díana gekk í gegnum er lágmark að ég fylgist með brúðkaupi sonar hennar, en sjálf mun hún örugglega fylgjast með af himnum ofan," segir Lára Björg Björnsdóttir rithöfundur, sem tók daginn snemma í morgun til að sjá Vilhjálm prins kvænast Kate Middleton í Westminster Abbey.

„Ég elska Díönu og á um hana margar bækur, ævisögur og minningabók sem geymir líðan mína og vina minna þegar hún dó. Þá tók ég upp jarðarför Díönu og horfði á grátandi í marga daga á eftir, en ég trúði því ekki þá og trúi því ekki enn að hún sé dáin," segir Lára sem í tilefni dagsins klæddi sig í konungabláan kjól og bakaði gómsætan, breskan brauðhleif til að maula yfir brúðkaupinu.

„Mér er ljóst að það er ekki töff að vera 34 ára gömul með litað hár og ímynda sér stundum að ég sé prinsessa, en þannig er það bara.





**Sýning á verkum Margrétar Birgisdóttur** opnaði í Kirsuberjatrénu að Vesturgötu 4 í gær og stendur opin til 7. maí. Margrét útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1981 og er þetta fimmta einkasýning hennar en hún hefur einnig tekið þátt í fjölmörgum samsýningum heima og erlendis.

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir



Háskólalestin mun ferðast um landið í sumar með dagskrá fyrir allan aldur.

## Háskólalestin af stað

Háskólalestin fór af stað í gær. Hún er liður í aldarafmælishaldi Háskóla Íslands en ætlunin er að fagna því um allt land í sumar.

„Háskólalestin mun ferðast með fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa og bjóða upp á viðburði, vísindi, fjör og fræði," segir lestarstjórinn Guðrún Bachmann. „Fyrstu áfangastaðir eru Stykkishólmur og Hvolsvöllur en á ferðaáætlun lestarinnar eru samtals níu viðkomustaðir í sumar," bætir hún við. Heimsókn lestarinnar á hverjum áfangastað stendur yfirleitt í tvo daga. Þann fyrri sækja grunnskólanemar margvísleg námskeið en síðari dagurinn er ætlaður gestum á öllum aldri. Viðkomustaðir lestarinnar verða Stykkishólmur, Hvolsvöllur, Höfn í Hornafirði, Skagaströnd, Húsavík, Bolungarvík, Egilsstaðir, Sandgerði og Seltjarnarnes. Lestin stoppar í Stykkishólmi 29. og 30. apríl og verður á Hvolsvelli dagana 1. til 6. maí. Nánari upplýsingar um dagskrána á hverjum stað fyrir sig er að finna á www.hi.is

Framhald af forsíðu

Sem telpa teiknaði ég mig alltaf með kórónu við kastala og enn á ég mín augnablik þar sem ég hugga mig við að vera prinsessa þegar heimurinn er vondur," segir Lára sem smitaðist af áhuga á kóngafólki og amerískum forsetafrúm af ömmu sinni, Birnu Önnu Sigvaldadóttur, sem var lengi húsmóðir í Bandaríkjunum og ánafnaði henni stórt bókasafn um hið bláa blóð.

„Þannig hafði ég lengi dálæti á spænsku konungsfjölskyldunni og var mjög tilbúin að giftast Felipe krónprins þegar hann var á lausu. Ég var búin að kynna mér að hann átti átta hallir í samanburði við Hákon krónprins af Noregi sem átti bara fjórar. Þá þótti mér einfaldlega viðeigandi að við myndum eigast því nafnið Lára er spænskt og mamma hans heitir Soffía eins og langamma mín og önnur hver kona í ættinni, auk þess sem foreldrar hans gáfu ömmu minni og afa áletraðan silfurplatta sem nú stendur í öndvegi hjá mér. Því var pínu erfitt þegar hann byrjaði með sinni ótrúlega fögru og mjóu sjónvarpsstjörnu, en lífið heldur áfram og ég hefði líkast til aldrei getað keppt við prinsessuna hans," segir Lára einlæg, en hún ber ósvikna hlýju til sona Díönu prinsessu.

„Ég hafði árum saman áhyggjur af Vilhjálmi og Harrý því móðurmissirinn var þeim þungbær, en það hefur ræst ótrúlega vel úr þeim. Mér finnst Vilhjálmur bæði sætur og góður, og alls ekki síðri þótt hárið sé farið að þynnast, því hann er bara að eldast sem fullorðinn karlmaður," segir Lára með sanni, en hún hefur einnig sínar skoðanir á kvonfangi Vilhjálms.

„Kate er ósköp settleg, mjó og fullkomin, en það sviptir hana karakter. Bæði Jackie Kennedy og Díana prinsessa höfðu einhverjar náðargjafir sem gerðu þær einstakar en Kate skortir allt slíkt. Því á hún sennilega ekki eftir að gera eitthvað óvænt eða einstakt sem prinsessa," segir Lára íhugul, en hún er einna spenntust fyrir að sjá brúðhjónin ganga heilu og höldnu í eina sæng í dag.

„Ég set öryggið ofar en kjólinn og vil ekki upplifa morð eða slys á þessum hamingjudegi. Meira en hálf milljón stjórnleysingja hefur boðað komu sína á vettvang brúðkaupsins, og af því ég er svartsýn að eðlisfari óttast ég óeirðir og um öryggi þeirra, en óska þess um leið að þau eigi fallegan dag og lifi hamingjusöm til æviloka eins og í ævintýrunum," segir Lára.

thordis@frettabladid.is



Lára Björg segir þá sem hæst mótmæla beinni útsendingu brúðkaupsins vera þá sömu og sitja yfir enskum fótbolta í beinni allar helgar, og biður þá að hafa sig hæga.



Silfurplatti Spánarkonungs var gjöf til afa Láru Bjargar, Guðmundar Benediktssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, og ömmu hennar, Kristínar Önnu Claessen.



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

29. apríl 2011



# Sigurður Hrannar Hjaltason

## Úr leiklistinni í flugumferðarstjórnun

- Flottar töskur
- Útskriftarsýning fatahönnunarnema
- Moon Spoon Saloon


1 TB UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI



United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i

HDMI

WD

TILBOÐ

Kr. 19.950

1 TB WD

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

* Láttu þig dreyma



**NÁTTÚRAN Í KRUKKU** Angelica-andlitslínan frá L'Occitane inniheldur efni úr lífrænni hvönn. Vörurnar eru léttar og frískandi og gera húðina bæði mjúka og ferska. Auk þess finnst manni húðin endurnærð og fallegri fyrir vikið.

## blogg vikunnar

### Beint frá Afríku

Hafi fólk áhuga á innanhúshönnun og fallegum hlutum yfir höfuð þá er lífsstílsbloggið www.lanaloustyle.blogspot.com skemmtileg lesning. Síðunni er haldið úti af suðurafrískri stúlku sem er bæði menntaður fata- og vöruhönnuður og hefur gaman af því að miðla áfram öllum þeim fallegu hlutum og flíkum sem á vegi hennar verða. Það er skemmtilegt að renna í gegnum bloggsíðuna og skoða allar þær fallegu myndir sem þar má finna og fyllast í leiðinni innblæstri.



### Safaríkur ávöxtur

Kjólar, pils, fallegt skart og annað fíneri er á meðal þess sem má finna á bloggsíðunni www.popcultureafternoon.blogspot.com. Síðan er hugarfóstur Liz, sem búsett er í San Francisco og virðist hafa sérstakt gaman af pastellitum, fallegu skarti og flaksandi síðpilsum. Það er ánægjulegt að skoða götutískuna frá borgum þar sem loftslagið er svolítið hlýrra en hér heima og láta sig í leiðinni dreyma og hlýna um hjartarætur.



Larissa Hadjio hannar skemmtilega öðruvísi töskur:

# SJÁVARVERUR LOKS Í TÍSKU

Föstudagur rakst á Larissu Hadjio á tískuvikunni í Kaupmannahöfn í febrúar og kolféll fyrir stórskemmtilegum töskum sem hún hannar. Töskurnar eru eftirmynd ýmissa sjávardýra og er þetta fyrsta línan sem Hadjio sendir frá sér.

Hadjio er fædd og uppalin í Þýskalandi en á ættir að rekja bæði til Tékklands og Aserbaídsjans. Hún stundaði myndlistarnám við Central St. Martins-skólann í London og hefur nú fest rætur í borginni. Aðspurð segist hún hafa fært sig út í töskuhönnun vegna þess að henni hafi þótt skemmtilegra að skapa eitthvað sem hafi notagildi. „Það að skapa myndlist er mjög ólíkt því að skapa eitthvað sem fólk mun nota. Það veitir mér meiri ánægju að skapa hlut sem öðlast sitt eigið líf,“ útskýrir hún.

Sjávarverutöskurnar eru hennar fyrsta töskulína og segist Hadjio stefna að því að senda frá sér nýja línu árlega héðan í frá. Ný lína er væntanleg í haust og segir Hadjio hana mjög ólíka þeirri fyrri. „Hún er einnig gerð með þrívíddartækni en inniheldur engin dýr,“ segir hún og bætir við: „Í nýju línunni vinn ég aðeins með ólík form og þá helst hringlaga form. Ég er mjög spennt fyrir þeirri línu.“

Áhugasamir geta nálgast þessar skemmtilegu töskur í gegnum vefsíðu hönnuðarins www.larissahadjio.com. **- sm**



**Skemmtileg** Larissa Hadjio hannar stórskemmtilegar töskur sem eru eftirmynd sjávarvera. Þessi rækjuhandtaska er úr hennar smiðju. MYND/HILDUR MARÍA VALGARÐSDÓTTIR




Karl Lagerfeld er upptekinn maður:

# Enginn tími til að sinna hárþvotti

Fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld er löngu orðinn lifandi goðsögn innan tískuheimsins og hefur aldrei verið hræddur við að tjá skoðanir sínar. Þrátt fyrir að vera að nálgast áttrætt er hann enn starfandi yfirhönnuður tískuhúsanna Chanel og Fendi ásamt því að hanna undir eigin nafni.

Lagerfeld er svo önnum kafinn að hann hefur ekki tíma til að heimsækja tannlækni eða þvo á sér hárið. „Ég mundi aldrei klippa á mér hárið því þessi greiðsla er auðveld í umhirðu. Ég fæ einhvern til að koma heim, þvo á mér hárið og setja það í tagl, ég geri það ekki sjálfur því ég hef einfaldlega ekki tíma til þess. Ég hef þó ekkert á móti því að vera svona upptekinn, ég kaus það sjálfur.“

Hönnuðurinn var nýverið spurður hvaða flík honum fyndist klæða konur illa og nefndi hann þar þvenginn fremstan í flokki: „Ég er ekki hrifinn af þvengnum.“ Þá vitum við það! **- sm**



**Upptekinn maður** Karl Lagerfeld er svo upptekinn að hann hefur ekki tíma til að þvo á sér hárið. NORDICPHOTOS/GETTY

## augnablikið



**TÍSKUBARN** Julia Restoin Roitfeld, fyrirsæta og dóttir Carine Roitfeld, mætti svartklædd í boð á vegum Chanel á Tribeca-kvikmyndahátíðinni.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


the PIER
POLIRATTAN STÓLL 19.900.-
FROSTÞOLIÐ!
NÝJAR LUKTIR
- MIKIÐ ÚRVAL
LUKT 6990.-
POLIRATTAN BORÐ 17.900.-
POLIRATTAN SÓFI 29.900.-
GLEÐILEGT SUMAR!
SETT
MEÐ 6 STÓLUM
99.300.-
ÞÚ SPARAR 9000!
STELL FRÁ: 490.- STK.
POLIRATTAN STÓLL 13.900.- POLIRATTAN BORÐ 24.900.-
MELAMÍNSTELL FRÁ:
790.- STK.
GLERDISKARNIR
KOMNIR AFTUR!
STÓLL 39.900.-
STÓLL 39.900.-
POLIRATTAN BORÐ 29.900.-
VERÐ FRÁ: 390.-
KERTI 129.- STK.
ILMIR 1190.-
VANILLUILMIR
KOMNIR AFTUR!
POLIRATTAN STÓLL 15.900.-
KÍKTU Á OKKUR Á FACEBOOK
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880






**Ánægðir nemendur** Útskriftarnemendur þakka fyrir sig. MYND/KOLBRÚN INGA SÖRING

Útskriftarsýning fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands:

# Fjölbreytileikinn í fyrirrúmi

Útskriftarsýning fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands var haldin í Hafnarhúsinu síðastliðinn fimmtudag. Alls sýndu níu nemendur útskriftarlínur sínar sem þeir hafa unnið ötullega að undanfarna mánuði. Kolbrún Inga Söring myndaði herlegheitin fyrir Föstudag og miðað við myndirnar eiga þessir ungu hönnuðir sannarlega framtíðina fyrir sér. - sm



**Elsa María Blöndal** Skemmtilegar stuttbuxur og mittisjakki frá Elsu Maríu.



**Gígja Ísis** Fallegur síðkjóll frá Gígju Ísis.



**Guðmundur Jörundsson** Einstök herraföt frá Guðmundi. Hann notaði bambus í hönnun sína eins og sjá má.



**Hjördís Gestsdóttir** Fallegar síðbuxur og skyrta frá Hjördísi.

**Jenný Halla Lárusdóttir** Stórskemmtilegur kjóll og samfella frá Jenný Höllu.

**Halldóra Lísa Bjargardóttir** Jakkinn frá Halldóru er einstaklega fallegur og skrautlegur.

**Gyða Sigfinnsdóttir** Þessar skemmtilega sniðnu flíkur eru frá Gyðu.

**Signý Þórhallsdóttir** Fallegur rauður kjóll og frumlegt kúluvesti úr smiðju Signýjar.

**Sigga Mæja** Flott mokkakápa frá Siggu Mæju.

www.opticalstudio.is



CHANEL / CH 4189TQ COL C1089S

Þar sem úrvalið er af sólgleraugum

CHANEL • RAYBAN • CHROME HEARTS • TOM FORD • D&G • BVLGARI • MIU MIU • VERSACE • OAKLEY • BURBERRY • CUTLER & GROSS • ROBERTO CAVALLI • PRADA

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



**Þúsundþjalasmiður** Sigurði Hrannari Hjaltasyni er margt til lista lagt. Hann starfar sem flugumferðarstjóri og sinnir leiklistinni í hjáverkum. Hann lék nýverið blaðamann í sjónvarpsþáttunum Pressu.

# SINNIR LEIK Í HJÁVERK

**Sigurður Hrannar Hjaltason sló í gegn í hlutverki glæpamanns í gamanþáttunum Fangavaktinni. Hann starfar nú sem flugumferðarstjóri en sinnir leiklistinni í hjáverkum.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmynd:* Anton Brink

Að sögn Sigurðar smitaðist hann af leiklistarbakteríunni eftir að hafa tekið þátt í uppsetningu leikfélags Verslunarskólans á Thriller. Hann hafði þá sótt um hlutverk dansara en fyrir tilstilli leikstjórans, Gunnars Helgasonar, sótti hann leiklistarnámskeið og hreppti í staðinn sitt fyrsta leikhlutverk. „Ég sótti um í Versló því mig langaði að læra viðskiptafræði og verða viðskiptafræðingur eins og mágur minn. Þegar ég byrjaði í skólanum ákvað ég að sækja um sem dansari í Thriller og Gunni leikstjóri spurði mig hvort ég gæti leikið eitthvað líka. Ég hafði ekki hugmynd um það en ákvað að skella mér á smá námskeið og fékk mitt fyrsta hlutverk í kjölfarið. Það má segja að ég hafi smitast af leiklistarbakteríunni eftir það,“ útskýrir Sigurður. Leiklistaráhuginn var svo mikill að hann tók þátt í öllum uppsetningum leikfélagsins á meðan á skólagöngunni stóð og á lokaári sínu var hann formaður í nemendamótsnefnd sem setti upp söngleikinn Slappaðu af sem sýndi í Borgarleikhúsinu.

Eftir stúdentspróf ákvað Sigurður að feta áfram leiklistarbrautina og stundaði leiklistarnám í London, þaðan sem hann útskrifaðist árið 2006. Hann segir dvölina í London hafa verið góða og að það hafi reynst lítið mál að leika á enskri tungu. „Það var líklega erfiðast að venja sig af því að tala „ísl-ensku“ og ná breska hreimnum. Maður var svolítið að læra að tala allt upp á nýtt, það var líklega mesta áskorunin,“ segir hann.

## DANSAÐI SIG INN Í LEIKLISTINA

Sigurður æfði samkvæmisdans í mörg ár og segir það hafa verið góðan grunn fyrir leiklistarnámið. „Mig minnir að það hafi verið amma sem fór með mig í fyrsta danstímann þegar ég var fjögurra ára gamall. Ég hélt svo áfram í dansinum alveg fram á unglingsaldurinn og ég held að hann hafi hjálpað mér mjög mikið í leiklistinni. Fyrir utan það að ég hefði líklega aldrei byrjað í leiklist væri það ekki fyrir dansinn.“

Sigurður starfaði í þrjú ár við Þjóðleikhúsið og lék í fjölda verka. Fyrsta sýningin sem hann lék í á sviði Þjóðleikhússins hét Patrekur 1,5 og lék hann þar á móti Jóhannesi Hauki Jóhannessyni og Rúnari Frey Gíslasyni. Verkið tekst á við ýmsa fordóma á frumlegan hátt og var því ákveðið að sýna það í menntaskólum um allt land. „Við sáum sjálfir um allt og mér er sérstaklega minnisstætt þegar við Rúnar héngum fram af húsþaki á Egilsstöðum við að sverta glugga aðeins fjörutíu mínútum fyrir sýningu. Það var kannski ekki það skemmtilegasta en var samt sem áður mjög lærdómsríkt og mikið ævintýri,“ segir hann brosandi.

Það var þó leikur hans í sjónvarpsþáttunum Fangavaktinni sem færði Sigurði landsfrægð, en hann þótti sýna frábæran leik í hlutverki glæpamannsins Ingva. „Það er hægt að leika í leikhúsi ár eftir ár en maður slær ekki í gegn fyrr en maður kemur fram í sjónvarpi, þannig er það,“ segir Sigurður og viðurkennir að hann hafi fundið svolítið fyrir frægðinni eftir leik sinn í þáttunum; „Maður finnur alveg fyrir því að fólk horfir á sjónvarp. Allt í einu var fólk farið að kannast við mann úti í bæ, en það var bara af hinu góða.“

## STÝRIR FLUGVÉLUM

Sigurður varð pabbi í fyrsta sinn sumarið 2008 og eftir nokkra umhugsun ákvað hann að setja leiklistina á hilluna og finna sér tryggara starf. „Leiklistin er ekki sérlega öruggt starf; maður vinnur kannski mjög mikið í nokkra mánuði en svo ekkert í hálft ár. Þegar

> *„Já, ég tek í vörina og er gallharður Unitedmaður. Þó ekki jafn leiðinlegur og Ingvi.“*

ég átti von á mínu fyrsta barni fór ég að hugsa hvort ég gæti ekki fundið mér stabílli vinnu,“ segir Sigurður. Hann kaus að læra flugumferðarstjórn og starfar við það í dag. Hann segir leiklistina orðna meira eins og áhugamál sem hann geti sinnt komi skemmtileg verkefni á borðið. En hvernig kom það til að hann fór út í flugumferðarstjórn? „Ég var gríðarlega flughræddur sem barn og horfði á allar flugslysamyndir sem til voru; ég held það hafi einmitt verið amma sem kynnti mig líka fyrir þeim. Ég fór svo að kynna mér allt um flugvélar til að vinna bug á þessu og fljótlega rann flughræðslan af mér og í staðinn fékk ég gríðarlegan áhuga á tengdu flugi. Sumarið 2008 sá ég að verið var að auglýsa inntökupróf í flugumferðarstjórann og ég ákvað að skrá mig og sjá hvað gerðist,“ útskýrir Sigurður, sem fór í gegnum margar hindranir áður en hann loks útskrifaðist sem flugumferðarstjóri árið 2010.

Nýverið veittu Alþjóðasamtök




AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA 2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432, gsm 6924700
sigridurh@365.is

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • MAÍ 2



## JÚLÍ HEIÐAR




# LIFÐU AF Í MAÍ



**PEPSI-DEILDIN** hefst óvenjusnemma í ár vegna hlés sem þarf að gera á mótinu þegar Evrópumót U21-landsliða fer fram í Danmörku. Það er alltaf gaman að kíkja á leik og Popp mælir að sjálfsögðu með því að fólk styðji sitt lið alla leið. Við skulum bara vona að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir því það er ekki alveg eins gaman að skella sér á völlinn í blindbyl.



**HLUSTAÐU** á nýju plötuna með Fleet Foxes. Ef það er verönd við húsið þitt skaltu festa kaup á ruggustól. Vorkvöldin geturðu svo nýtt í að sitja á veröndinni, rugga þér í stólnum á meðan fagrir tónar Fleet Foxes hljóma. Alveg þangað til það kemur haglél og eyðileggur stemninguna.

**EUROVISION** er handan við hornið. Popp getur ekki mælt með því að lesendur kynni sér öll lögin sem taka þátt í keppninni – það getur einfaldlega ógnað heilsu fólks. En við þurfum engu að síður að styðja Vini Sjonna sem fara ásamt fríðu föruneyti út og gætu náð langt. Aldrei að vita.





4



6

**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.

Netverslun með hágæða gleraugu á hagstæðu verði
www.kreppugler.is

Frábært úrval af umgjörðum



vörunúmer 744

**Vinsæl gæða plastumgjörð**
3.752 kr með glerjum samkvæmt þínu recepti
4.995 kr með lituðum glerjum (sólgleraugu)
11.031 kr með margskiptum glerjum

Erum með þúsundir mismunandi umgjarða. Ódýrustu gleraugu á Íslandi, sérsmíðuð eftir þínu recepti.

kreppugler.is



**DUGLEGUR Á TWITTER** Ásgeir Börkur gefur ekkert eftir á Twitter frekar en á fótboltavellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# EKKI HRÆDDUR VIÐ TWITTER-SEKTIR KSÍ

Harðjaxlinn Ásgeir Börkur Ásgeirsson, leikmaður Fylkis í Pepsi-deildinni í fótbolta, lætur það ekkert á sig fá þótt hann hafi nýlega verið valinn líklegastur til að vera dæmdur í Twitter-bann í sumar, fyrstur íslenskra leikmanna. Vefsíðan Fótbolti.net stóð fyrir könnuninni.

„Eftir ýmsa umfjöllun síðasta sumar kemur þetta kannski ekkert á óvart en ég hugsa að ég hafi alveg það góða stjórn á skapinu að ég muni ekkert missa mig á Twitter þótt það gangi ekki allt í haginn," segir Ásgeir Börkur. „Ég hugsa að ég afsanni þessa kenningu í sumar."

Erlendis hafa menn verið sektaðir fyrir ummæli sín á Twitter. Ekki er langt síðan enska knattspyrnusambandið sektaði Carlton Cole, leikmann West Ham, um tæpar fjórar milljónir króna fyrir ummæli sín. KSÍ hefur ekki ákveðið hvernig sambandið muni taka á Twitter-færslum leikmanna. Að sögn framkvæmdastjórans Þóris Hákonarsonar hefur málið verið í umræðunni hjá KSÍ og verða sjónarmið sambandsins send félögum í Pepsi-deildinni von bráðar. Hann útilokar ekki að leikmenn verði sektaðir eins og gert hefur verið annars staðar.

Er Ásgeir Börkur ekkert hræddur um að KSÍ taki sig til og sekti hann fyrir Twitter-færslur sínar? „Ætli það, en þeir eru nú til alls líklegir. Aldrei að segja aldrei." Popp leyfir sér reyndar að efast um að sú sekt yrði há. Sem dæmi má nefna að árið 2007 sektaði KSÍ knattspyrnudeildir ÍA og Víkings um tíu þúsund krónur hvora um sig vegna ummæla þjálfaranna Guðjóns Þórðarsonar og Magnúsar Gylfasonar í garð dómara.

Ásgeir Börkur vakti athygli síðasta sumar fyrir vasklega framgöngu á vellinum og var duglegur að sanka að sér spjöldum. Hann var einmitt einnig valinn líklegastur á Fótbolti.net til að fá flest spjöld í sumar. „Þetta er hluti af mínum leik en vissulega er alltaf hægt að fækka spjöldunum. Ég er árinu eldri og vonandi aðeins búinn að þroskast. Ég mun spila jafn fast en kannski gera það fagmannlegar en áður," segir hann.

En hvaðan kemur þessi Twitter-áhugi? „Ég er búinn að vera á Twitter heillengi, í eitt og hálft ár. Ég er mikill íþróttaaðdáandi. Sérstaklega úti í Bandaríkjunum eru allir með Twitter og ég fylgist mikið með MMA [blönduðum bardagaíþróttum] og þeir eru duglegastir í þessu."

Ásgeir Börkur er fyrrverandi söngvari þungarokkssveitarinnar Shogun en lagði tónlistarferilinn á hilluna í fyrra til að einbeita sér að fótboltanum. Hann segist enn fikta aðeins í tónlistinni þótt boltinn eigi hug hans allan. „Það er búið að ganga mjög vel í vetur og við ætlum bara að byggja ofan á það. Ég byrja fyrstu þrjá leikina í banni en þegar sá tími kemur að ég fæ að spila legg ég mig 110 prósent fram eins og ég geri alltaf." *freyr@frettabladid.is*

**VIRKIR Í PEPSI-DEILDINNI Í TWITTER**

**Arnar Sveinn Geirsson** (Valur)
**Ásgeir Börkur Ásgeirsson** (Fylkir)
**Grétar Hjartarson** (Keflavík)
**Guðmundur Kristjánsson** (Breiðablik)
**Guðmundur Steinarsson** (Keflavík)
**Jóhann B. Guðmundsson** (Keflavík)
**Kristinn Steindórsson** (Breiðablik)
**Matthías Vilhjálmsson** (FH)

**AÐRIR VIRKIR Í BOLTANUM:**

**Guðmundur Benediktsson** (íþróttafréttamaður)
**Hjörvar Hafliðason** (fótboltaspekingur)
**Hörður Magnússon** (íþróttafréttamaður)
**Henry Birgir Gunnarsson** (blaðamaður)
**Eiríkur Stefán Ásgeirsson** (blaðamaður)
**Kristján Guðmundsson** (þjálfari Vals)


NÝIR OG SPENNANDI RÉTTIR!
HOLLT OG GOTT!
Fljótlegir, hollir og ljúffengir mexíkóskir réttir fyrir fólk sem hugsar um heilsuna. Kíktu í heimsókn – þú hefur gott af því!
SERRANO.IS
Kristall
6 STAÐIR
HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI
serrano
FRESH MEX
VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

Eigum til á lager Slide Back rúm
tilbúin til afgreiðslu strax



Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00
www.lur.is

LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

2 SPORT
besta sætið
pepsi



PEPSI DEILDIN BYRJAR MEÐ LÁTUM Á SUNNUDAG!

BREIÐABLIK – KR
Sunnudaginn 1. maí kl. 19

VALUR - FH
Mánudaginn 2. maí kl. 19

PEPSI MÖRKIN
Mánudaginn 2. maí kl. 22
Hörður Magnússon, Magnús Gylfason og Hjörvar Hafliðason láta allt flakka um mörkin, tilþrifin, dómarana, o.fl. o.fl.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Orð:** Atli Fannar Bjarkason
**Myndir:** Valgarður Gíslason



# HEI KVE BLA DA GÓL

**Söngvarinn Júlí Heiðar
síðan klúri smellurinn B
gegn á netinu. Hann seg
flutt af tilbúinni persónu
hneyksla og flytur anna
vann söngkeppni framh
rapparanum Kristmund
læra leiklist í útlöndum.**

Ég hef alla tíð verið syngjandi e
með teiknimyndalögum þegar e
að, meira að segja sum á frön
teiknimyndalögum og það er
teiknimynd,“ segir söngvarinn J

Þegar Júlí Heiðar vakti fyrst a
hann væri að grínast eða ekki.
syngur, fór eins og eldur í sinu u
fyrir brjóstið á mörgum. Júlí se
til eins konar persónu úr sér, e
að Youtube-hittara, sem mér fa
með,“ segir hann. „Allt í einu v
hver ég var. Svo fór ég að hugsa
Þeir bjuggu til persónu sem va
byrjun fyrir mig. Ég kynntist fól
úti um allt. Þar af leiðandi fékk é
Þetta var mjög slæmt og mjög

Júlí bætir við að fjölskylda ha
Hann er skírður í höfuðið á afa
lagsins hafi ekki fallið í kramið
þessu frekar illa. Skiljanlega. F
höfn logaði. Ég sá líka stöðu
hliðina á ömmu og afa og h
úrulega svakalega ógeðs
hafi bætt fyrir þetta.“

Blautt dansgólf haf
Júlí Heiðar sem tónlis
hafa mætt á tónle
innihaldi textann
grófa texta fy
maður á Aku
að særa bly
Júlí. „Ég he
er að gera
Til dæmis F
Barnaver
sátt í dag, e
tónleika han
klöppuðu fy
í höndina á
við tónleikar
að sjá að ég
sakaður um.“
Spurður hvo

# JÚLÍ ÐAR ÐUR UTA ANS- LFIÐ

**hefur haft nóg að gera**
**lautt dansgólf sló í**
**gir lagið hafa verið**
**u sem var hönnuð til að**
**rs konar lög í dag. Hann**
**haldsskólanna í fyrra með**
**i Axel og stefnir á að**
**.**

eins og vitleysingur. Ég söng alltaf
ég var yngri. Ég lærði þau öll utan
nsku. Ég var voðalega hrifinn af
einmitt draumur, að syngja inn á
Júlí Heiðar Halldórsson.
athygli var erfitt að átta sig á hvort
Lagið Blautt dansgólf, sem hann
um netheima og grófur textinn fór
egir að höfundar lagsins hafi búið
kki ólíka Sylvíu Nótt. „Lagið varð
annst geðveikt gaman til að byrja
ar ég orðinn þekktur og fólk vissi
a um stimpilinn sem ég fékk á mig.
r ekkert svo góð, en ótrúlega góð
lki í tónlistarbransanum og spilaði
ég svakalega góðan umboðsmann.
gott.“
ns hafi ekki tekið vel í gjörninginn.
sínum og segir skiljanlegt að texti
hjá fjölskyldunni. „Fjölskyldan tók
ólk talaði við mömmu og Þorláks-
á Facebook hjá konu sem býr við
hún drullaði yfir mig. Þetta er nátt-
legur texti, en ég vil meina að ég

fði margvíslegar afleiðingar fyrir
starmann, en barnaverndaryfirvöld
eika með honum og fylgst með
a. Sjálfur segist hann ekki flytja
rir börn. „Það var meira að segja
ureyri sem ætlaði að kæra mig fyrir
ygðunarkennd barna sinna,“ segir
ef aldrei hlegið svona mikið. Ef ég
það, eru ekki aðrir að gera það?
Rihanna?“
ndaryfirvöld hafa þó tekið hann í
eftir að þau mættu til að mynda á
ns í Lundarskóla á Akureyri. „Þau
yrir mér eftir tónleikana og tóku
mér. Þau sáu ekkert athugavert
na. Mér fannst gott að fólk fengi
væri ekki að gera það sem ég er

ort hann líti á sig sem fyrirmynd segist hann ekki gera það. Hann viðurkennir þó að það fylgi því að vera í tónlistarbransanum. „Fólk ætlast til þess að maður sé fyrirmynd. Maður verður að fylgja þeim reglum ef maður ætlar að vera í þessum bransa. Við reynum að koma góðum skilaboðum áleiðis um að það sé slæmt að reykja og drekka, en við getum ekki predikað allan daginn,“ segir Júlí hreinskilinn.

Hluti af betrun Júlí Heiðars var þátttaka hans í söngkeppni framhaldsskólanna í fyrra. Hann vann keppnina með rapparanum Kristmundi Axel með laginu Komdu til baka. Lagið sló í gegn á útvarpsstöðvum og náði efsta sæti vinsældalista FM957. Þá hefur Júlí reglulega sent frá sér lög sem eru ekkert í líkingu við Blautt dansgólf. Nú síðast Spóla til baka, þar sem hann fjallar á einlægan hátt um mistök sem kostuðu hann kærustuna. Hún hefur þó fyrirgefið honum og þau eru saman í dag.

„Ég kynntist þessu „opna sig“ í gegnum Kristmund Axel og Óskar Axel,“ segir Júlí. „Óskar er að fara að gefa út plötu þar sem hann talar opinskátt um líf sitt. Kristmundur hefur náttúrulega talað mjög opinskátt um pabba sinn. Ég var búinn að vera með ritstíflu lengi þegar svolítið kom upp á hjá mér og kærustunni minni sem ég sá svakalega eftir. Ég byrjaði að skrifa texta um það – svona „fyrirgefðu mér-texta“. Hann varð að þessu voðalega tilfinningaríka lagi.“

Júlí segist ekki vilja ræða mistökin sem hann gerði nánar. Hann segist ætla að fara þessa einlægu leið á plötu sem hann hyggst gefa út á komandi misserum – hvenær það verður kemur í ljós síðar. „Ég vil semja lög sem tengjast lífi mínu. Ekki bara svona „sell out“-tónlist sem er bara gerð fyrir unga krakka til að fara að skemmta sér við. Það er hægt að gera popplög sem eru fersk, en samt með ákveðnum tilfinningum, um eitthvað sem hefur gerst í lífi manns.“

Júlí Heiðar er skráður sem poppstjarna á Já.is. Þrátt fyrir að skráningin hafi verið hrekkur hefur hann ekki breytt henni, enda er takmarkið að verða einn daginn poppstjarna. Hann hyggst á næstunni hefja vinnu að plötu, en dreymir svo um að flytja til útlanda. „Mig langar að klára framhaldsskólann og gefa út plötu á Íslandi. Svo langar mig út til Bretlands eða Bandaríkjanna og læra upptökustjórn og leiklist.“



# EKKI SÍST

**POPPLEIKUR:** NFS SHIFT 2 UNLEASHED



**FLOTTUR** Eins og við er að búast er leikurinn hrikalega flottur og vel gerður.

## ...OG ENGIN NEONLJÓS

Þegar Need for Speed: Shift kom út fyrir tæpum tveimur árum boðaði hann nýja og bjartari tíma fyrir þessa gamalreyndu en hnignandi leikjaseríu. Shift tókst að rífa seríuna upp úr neonljósaskreyttu, tribal-húðflúruðu, „Fast and Furious“-holræsinu og gera seríuna aftur boðlega mönnum sem spá meira í bílana sjálfa en spoiler-kittið sem þeir ætla að klína á bílana. Þetta var virðingarvert afrek en þó hafa eflaust einhverjir eldri aðdáendur seríunnar orðið skúffaðir yfir þessari breytingu.

Nú hefur Need for Speed Shift 2: Unleashed litið dagsins ljós og hann tekur sama pól í hæðina og forverinn. Hér er enginn margslunginn söguþráður til að flækja málin, eða til að gera þau heimskuleg eins og í til dæmis Need for Speed Undercover, frá því að menn byrja að spila í „career mode“ snýst leikurinn bara um að vinna kappakstur og færast ofar í stigatöflunni. Einstöku sinnum birtist gangandi auglýsingaskilti, einhver þekktur ökuþór, á skjánum og leiðbeinir manni um einstök atriði leiksins en þar fyrir utan eru menn á eigin vegum.

Shift 2: Unleashed skartar yfir 130 bílum sem bjóða upp á nánast allt litrófið í bílageiranum, hvort sem það eru snöggir asískir sportbílar eða amerískir sterakaggar. Úrval akstursbrauta er líka veglegt, þar sem menn geta ekið um á þekktum brautum svo sem Nürburgring. Til þess að menn geti auðveldlega keppt við félagana hefur Autolog-kerfinu verið skellt inn í leikinn til að sjá til þess að menn séu alltaf á tánum. Í hvert sinn sem leikmaður klárar kappakstur er tíminn vistaður inn í kerfið og borinn saman við tíma félaganna sem og annarra leikmanna. Nái síðan einhver að bæta tíma manns fær maður skilaboð um það og getur þá tekið til við að reyna að endurheimta metið sitt.

Shift 2: Unleashed er afbragðs bílaleikur. Hann fellur í flokk með leikjum á borð við Gran Turismo þar sem raunveruleikinn er ráðandi afl, ekki skrípalegur akstur, hrikalegir árekstrar eða glysgirni. Þeir sem elskuðu Fast and the Furious-stíl sumra eldri Need for Speed-leikjanna munu líklega ekki fá mikið fyrir sinn snúð en þeir sem vilja bílaleikina sína í alvarlegri kantinum ættu ekki að hika við að skoða þennan. *- vij*

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 4/5 | 5/5 | 4/5 | 4/5 | 4/5 |

# HVAÐ VEISTU UM BUSTA RHYMES?



**Rapparinn Busta Rhymes er væntanlegur til landsins og kemur fram á tónleikum í Vodafone-höllinni 17. maí. Popp tók saman nokkrar staðreyndir um rapparann.**

Busta Rhymes er **38 ára** gamall og á afmæli þremur dögum eftir tónleikana á Íslandi.

Raunverulegt nafn hans er **Trevor Tahiem Smith, Jr**.

Hann á **578.609** aðdáendur á Facebook.

Í febrúar árið **1996** sendi Busta Rhymes frá sér fyrsta lagið sitt Woo Hah!! Got You All in Check. Lagið náði áttunda sæti bandaríska Billboard-listans og öðru sæti í Bretlandi.

Árið 2008 hafnaði lagið í **56. sæti** sjónvarpsstöðvarinnar VH1 yfir bestu hipphopplög allra tíma.

Busta Rhymes er búinn að senda frá sér **átta** breiðskífur og sú **níunda** er í vinnslu.

Plöturnar hafa selst í meira en **tíu milljónum** eintaka í Bandaríkjunum.

Fyrsta plata Busta Rhymes til að ná fyrsta sæti bandaríska Billboard-listans var **The Big Bang** árið 2006.

Á lista yfir kröfur rapparans fyrir tónleika er meðal annars **fata af kjúklingi**, 24 bitar. Þá vill hann **riffilaða smokka** og **Moet-kampavín**.

Busta Rhymes hefur leikið í nokkrum kvikmyndum og fór með hlutverk í myndinni **Shaft** með Samuel L. Jackson í aðalhlutverki.

SUMARTILBOÐ!
Sumarkort á kr. 23.900.-
(gildir til 10. september 2011)
Veggsport bolur og brúsi fylgir með.




VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt
Stórhöfða 17 | Sími 577 5555 | www.veggsport.is



**FÚLI MÚLI** Julian Casablancas var að refsa hljómsveitarfélaga sínum þegar hann hindraði að Strokes færi í hljóðver.

## TEFUR UPPTÖKUR Á NÝRRI PLÖTU

Julian Casablancas, söngvari hljómsveitarinnar The Strokes, viðurkennir að hafa tafið upptökur á nýrri plötu.

The Strokes sendi nýlega frá sér plötuna Angles og hugðist skella sér aftur í hljóðver sem fyrst, en Casablancas vildi ekki sjá það. Stemningin í hljómsveitinni virðist ekki vera góð þar sem ástæðan fyrir þrjóskunni í Casablancas er sú að Nick Valensi, gítarleikari hljómsveitarinnar, vildi nota Strokes-lög á sólóplötu sinni.

„Hann ætlaði nota lög sem við sömdum saman, en samningsmál komu í veg fyrir það,“ sagði Casablancas í samtali við breska tímaritið Q.

Slípirokkur 500w
**kr. 2.995,-**

Laufsugur 2400W
**kr. 9.600,-**

Bílaþvottakústar
**kr. 2.995,-**

Hekkklippur
**kr. 7.995,-**

Höggborvél 500w
**kr. 2.395,-**

Akryllitir 200ml
**kr. 985,-**

Akryllitir 400ml
**kr. 1.540,-**

Úðabrúsi 5 lítra
**kr. 2.695,-**

Gólftjakkur 2,25T
Lyftihæð 53,5cm
**kr. 19.995**

Loftdæla 12V 30L
**kr. 8.995,-**

Hleðslutæki 12V 2-6A
**kr. 12.995,-**

Sorppokar svartir
**kr. 399,-**

Gólftrönur Country
verð frá kr 4,995

Klaufhamrar
**Frá kr. 499,-**

Háþrýsti- þvottatæki
**kr. 15.750,-**

Vélastandar þrjár gerðir
**frá kr. 18.485,-**

Loftmælir
**kr. 2.750,-**

Akryllitir 75ml
**kr. 480,-**

Airbrush-sett
**Kr. 4.995,-**

Olíulitasett 12x12ml,
18x12ml og 24x 12ml
**Frá kr. 1.245,-**

Bílabónvél 110W 240mm
**kr. 4.995,-**

Rafmangstalíur 200 - 800 kg
**Frá kr. 22.995,-**

Verkfæratöskur
**frá kr. 480,-**

Loftpressa 236L
24L kútur 8Bör
**Kr 26.995,-**

Akrýl-, Olíulita-
og Vatnslitaspjöld
**Frá kr. 335,-**

Akrýklitasett 12x12ml,
18x12ml og 24x12ml
**Frá kr. 1.240,-**

**Myndlistarvörur
í miklu úrvali**

Dráttarspil 12V
**kr. 43.695**

Hleðsluborvélar,
fjölmargar gerðir
**Frá kr. 3.995,-**

Legubretti
**Kr. 9.985,-**

Ljósahundur, hleðslu
60LED 12/230V
**Kr. 4.995,-**

Loftlykill 1/2" m/ 11 toppum
**Kr. 11.995,-**

Hleðsluskrúfjárn
**kr. 2.370,-**

Pökkunarlímband
**kr. 299,-**

Fyrir hestamanninn,
Steðjar
10 Kg
**Kr. 9.380,-**
25 kg
**Kr. 22.145,-**

Skissubækur
**Frá kr. 685,-**

Strigar
**Frá kr. 195,-**

Vatnslitasett 12x12ml,
18x12ml og 24x 12ml
**Frá kr. 1.240,-**

Strekkibönd mikið úrval

Hjólbörur
**kr. 5.985,-**

Kassabíladekk
**kr. 2.865,-**

Skissublöð
**Frá kr. 320,-**

Þekjulitir
**Frá kr. 730,-**

Keðjusög 2000W
**kr. 16.995,-**

Glansþvottalögur 1 lítri
**kr. 815,-**

Hard Wax 500ml
**kr. 1.550,-**

DV EHF. / JÓN INGI

# Verkfæralagerinn 16 ára

**OPNUNARTÍMI**
Mán.- fim. kl. 9 - 18 | fös. kl. 9 - 18:30 | lau. kl. 10 - 18 | sun. kl. 13 - 18

Smáratorgi 1 | 201 Kópavogi
sími 588 6090 | vl@simnet.is

POPP

# ORÐIÐ Á GÖTUNNI





Öll mín hlutverk í gegnum tíðina hafa komið þannig til að Hilmir Snær hefur verið of upptekinn til að leika þau.

*Björn Jörundur léttur. Hann hefur tekið að sér hlutverk í kvikmyndinni Svartir englar.*



Stjörnu-menn skrifa undir við Dana sem BÍ/Bolungar vildu ekki.En fótbolti er skrítin íþrótt. West Ham vildi ekki Andy Carroll nánast gefins.

*Hjörvar Hafliðason á Twitter.*

# 5 GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ FAGNA SUMRINU Í FROSTINU

**Bergur Ebbi Benedikts-son grínisti í Mið-Íslandi**

1 **„Hugsa um kalda staði.** Ísland er alls ekki eini staðurinn þar sem er kalt sumardaginn fyrsta. Í bænum Barrow Alaska er stundum 40 gráðu frost í apríl. Hugsaðu um hvað ert heppinn að búa ekki þar.“



2 **„Fara í heitan pott** og láta sólina skína á sig.“



3 **„Grilla inni.** Muna að hafa slökkvi-tækið tilbúið.“

4 **„Bóna bíl.** Bónið bíla, ekki bara ykkar bíl. Bónið bíl ná-grannans eða bara einhvern bíl í hverf-inu. Það gæti verið gaman að sjá viðbrögðin hjá fólki.“

5 **„Vorhreingerning.** Takið til. Hendið öllu út. Líka innrétt-ingum og naglföst-um hlutum. Þá er líka léttara að grilla inni.“




# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

**Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.**

vísir

# LIST
# KUM

*myndaalbúmið



Ingvi úr Fangavaktinni alltaf jafn hress.



Þarna erum við ásamt mömmu- og pabbastelpunni.



Þarna er ég ásamt Rúnari Frey í Patreki 1,5.



Veiðin er í miklu uppáhaldi hjá mér.

félagasamtaka flugumferðarstjóra flugumferðarstjórum á Íslandi æðstu viðurkenningu fyrir framúrskarandi fagmennsku á meðan á gosinu í Eyjafjallajökli stóð í fyrra. Á meðan á þessu stóð voru allir flugumferðarstjórar á vakt og var Sigurður auðvitað þar á meðal. „Ég fór til Parísar með kærustu minni akkúrat á þessum tíma og heyrði af því að það væri allt vitlaust í vinnunni heima. Maður stalst til að hringja heim og fylgjast með gangi mála þrátt fyrir að hafa verið í fríi og eiga ekki að hugsa um vinnuna. Ég náði samt að vera með síðustu þrjá dagana og það var rosalega gaman að upplifa þessa miklu umferð sem fór í gegnum íslenska flugstjórnarsvæðið.“

### FÖÐURHLUTVERKIÐ LÆRDÓMSRÍKT

Sigurður á þriggja ára gamla dóttur með sambýliskonu sinni, Herdísi Önnu Ingimarsdóttur. Hann segir föðurhlutverkið stórkostlegt enda sé dóttirin algjör demantur. „Það að vera pabbi er náttúrulega alveg ný upplifun og maður er alltaf að læra og upplifa eitthvað nýtt. En þetta er stórskemmtilegt og gefur lífinu aukið gildi,“ segir hann stoltur. Inntur eftir því hvort dóttirin sé mikil pabbastelpa segir hann dagamun þar á. „Hún er pabbastelpa þegar það hentar henni, hún lætur okkur alveg vita af því hvort maður er í uppáhaldi þann daginn,“ segir hann og brosir.

### HARÐUR UNITED-MAÐUR

Sigurður fór með hlutverk blaðamanns í sjónvarpsþáttunum Pressu sem luku nýverið göngu sinni á Stöð 2. Persónan var sú alvarlegasta sem hann hefur leikið hingað til og þótti honum gaman að takast á við verkefnið. Aðspurður kveðst hann lítið hafa undirbúið sig fyrir hlutverkið og segir persónurnar yfirleitt þróast smátt og smátt á meðan á æfingum standi. „Yfirleitt les ég handritið í gegn og þá fær maður strax nokkuð skýra mynd af persónunni. Ég var svo heppinn að bæði við gerð Fangavaktarinnar og Pressu fékk maður leyfi til að vera með í að skapa persónuna. Eins og með Ingva í Fangavaktinni þá gerði ég hann að eitilhörðum Manchester United aðdáanda sem tekur í vörina.“ Blaðamaður spyr Sigurð hvort hann eigi það sameiginlegt með Ingva? „Já, ég tek í vörina og er gallharður United-maður. Þó ekki jafn leiðinlegur og Ingvi,“ segir hann og hlær.

Þegar Sigurður er að lokum spurður hvort fleiri hlutverk séu á döfinni svarar hann því neitandi. „Nei, það er ekkert planað í það minnsta. Enda verður nóg að gera í sumar þar sem búist er við miklum ferðamannastraumi til landsins, það er alltaf meiri flugumferð á sumrin. Ég á því eftir að standa vaktina þar í allt sumar.“





**Árlega veitir Íslandsbanki tíu félögum í Námsvild námsstyrk**

- Tveir styrkir til framhaldsskólanáms **100.000 kr.** hver
- Fjórir styrkir til háskólanáms (BA/BS/B.Ed) **300.000 kr.** hver
- Fjórir styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi **500.000 kr.** hver

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2011.
Sótt er um á vef Íslandsbanka, **www.islandsbanki.is.**

**Helstu kostir Námsvildar**

- 150 fríar debetkortafærslur á ári
- Styrkir til náms og bókakaupa
- Stúdentakort hlaðið fríðindum
- Framfærslulán í erlendri mynt
- ... og margt fleira

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# FERÐIR MEÐ FERÐAFÉLAGI ÍSLANDS

**Gengið á draugaslóð 1. júlí**
**Fararstjóri:** Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur

**Ferð í Fjörður 12. júlí.**
**Fararstjóri:** Valgarður Egilsson læknir

**Fjörður og Látraströnd 14. júlí**
**Fararstjóri:** Sigríður Bergvinsdóttir

**Björg, víkur og firðir 16. júlí**
**Fararstjóri:** Örlygur Steinn Sigurjónsson

**Öxarfjörður út og suður 19. júlí**
**Fararstjóri:** Olga Gísladóttir

**Ferðafélag barnanna fjölskylduferð um Laugaveginn 19. júlí**
**Fararstjórar:** Þórður Ingi Marelsson og Fríður Halldórsdóttir

**Jarlhetturslóðir 21. júlí**
**Fararstjóri:** Ólafur Örn Haraldsson

**Héðinsfjörður og Hvanndalir 21. júlí**
**Fararstjóri:** Ívar Arndal og Daði Garðarsson

**Eyjabakkar - Snæfell. Á hreindýraslóðum 23. júlí**
**Fararstjóri:** Hjalti Björnsson

**Söguferð um Árneshrepp 26. júlí**
**Fararstjóri:** Guðmundur Hallvarðsson og Lára Ingólfsdóttir

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**

Mörkinni 6 | Sími: 568 2533 | Fax: 568 2535 | Netfang: fi@fi.is




**Sundurskorið** Svartur kjóll með skemmtilegum smáatriðum frá Moon Spoon Saloon. MYND/COPENHAGENFASHIONWEEK



**Litagleði** Svartar leggings og litríkur mittisjakki við. Skórnir voru skreyttir af liðsmönnum Moon Spoon Saloon fyrir sýninguna.

Litaglöð og ærslafull hönnun Moon Spoon Saloon:

# Myndskreyttir Buffalo-skór

Hönnun danska tískumerkisins Moon Spoon Saloon þykir ólík annarri skandinavískri hönnun. Flíkurnar eru ýktar, litríkar og framandi.

Sara Sachs er aðalhönnuður fatamerkisins en listamaðurinn Tal R sér um að glæða flíkurnar lífi með lit. Aðrir meðlimir Moon Spoon Saloon gengisins eru ljósmyndarinn Noam Giegst og stílistinn Melanie Buchhave. Hópurinn er óhræddur við að fara eigin leiðir í hönnun sinni og þykir mörgum aðdáunarvert hvað þau láta sig það litlu varða hvort flíkurnar eru söluvænar eða ekki. Hönnun Moon Spoon Saloon er fyrst og fremst listræn, ýkt og glaðleg en fáir hönnuðir leyfa sér slíkt í dag. Ný lína merkisins var sýnd á tískuvikunni í Kaupmannahöfn í febrúar og þar klæddust fyrirsæturnar gömlum Buffalo-skóm sem liðsmenn Moon Spoon Saloon höfðu skreytt og málað í ýmsum skemmtilegum litum.

Þó að hönnun hópsins sé ef til vill of ærslafull fyrir suma er gaman að fylgjast með hönnun hans sem er ólík öllu öðru. - *sm*



**Einstakt** Einstakur kjóll sem mun vekja athygli hvar sem er.

**Framúrstefna** Hönnun Moon Spoon Saloon þykir stundum ljósárum á undan öðrum enda eru flíkurnar nokkuð framúrstefnulegar.



**Skemmtilegt mynstur** Listamaðurinn Tal R sér um að glæða flíkurnar lífi og lit.



LANCÔME
PARIS
Julia Roberts
Nú er *ára* líkamans okkar vísindi
NÝTT
TEINT MIRACLE
NÁTTÚRULEGUR LJÓMI - FULLKOMNUN LÍKT OG ÁN FARÐA
marie claire
PRIX D'EXCELLENCE DE LA BEAUTÉ 2011
LANCÔME
TEINT MIRACLE
LANCÔME KYNNING
Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI
29. APRÍL – 4. MAÍ
20% afsláttur af öllum Lancôme vörum.
Vertu velkomin og fáðu ráðgjöf og leiðbeiningar.
Lyf & heilsa
við hlustum!

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

Þú færð Fréttablaðið
á kostnaðarverði á 120 stöðum
um land allt.
Nánari upplýsingar á
visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Skandinavískar fyrirsætur vinsælar innan tískuheimsins:

# SKANDINAVAR SLÁ Í GEGN

Skandinavískar fyrirsætur hafa verið að gera það gott innan tískuheimsins undanfarin ár og var hin danska Freja Beha meðal annars ein vinsælasta fyrirsæta síðasta árs.









**Frida Gustavsson** Hóf feril sinn í Svíþjóð árið 2008. Hún sló í gegn á alþjóða vísu árið 2009 og hefur síðan þá sýnt fyrir tískurisa á borð við Louis Vuitton, Chanel, Lanvin, Christian Dior, Alexander McQueen, Marc Jacobs, Oscar de la Renta og Yves Saint Laurent. Hún var fjórða eftirsóttasta fyrirsæta heims árið 2010.

**Freja Beha Erichsen** Er dönsk fyrirsæta sem hóf feril sinn árið 2005. Hún hefur slegið í gegn og er meðal annars eftirlæti hönnuðarins Karls Lagerfeld um þessar mundir. Freja skartar sextán húðflúrum víðs vegar um líkamann en segir það ekki hafa haft áhrif á starf hennar.

**Siri Tollerød** Siri, sem stendur hér fyrir miðju, er fædd árið 1988 í Kristiansand í Noregi. Hún hefur verið eitt af andlitum tískuhússins Miu Miu. Auk þess hefur hún sýnt hjá Badgley Mischka, Nicole Miller, Emporio Armani, Christian Dior, Chanel og Valentino.

**Dorothea Barth Jörgensen** Dorothea er sænsk að uppruna og hefur tekið þátt í sýningum tískuhúsa á borð við Calvin Klein, Marc Jacobs, Proenza og Jonathan Saunders. Hún þótti einn efnilegasti nýliðinn í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

SÖGULEG SÝNING Í KRINGLUNNI
Rifjaðu upp stórviðburði síðustu 10 ára eins og þeir birtust í Fréttablaðinu á afmælissýningunni sem sett hefur verið upp í Kringlunni. Komdu og upplifðu söguna aftur með mögnuðum myndum og eftirminnilegum forsíðum úr 10 ára sögu Fréttablaðsins.

*Samkvæmt Prentmiðlakönnun Capacent Gallup, jan.-mars 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ



## Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

## Hreinasta vatnið, skítugustu kynfærin

Undirrituð er nú í smokkaherferð sem herjar á landann. Herferðin er endurvakning á sambærilegri herferð sem fór af stað fyrir 25 árum og náði ágætis árangri samkvæmt Landlækni. Hér erum við öllum þessum árum seinna og þurfum enn sérstaka herferð fyrir smokkanotkun. Staðreyndin er sú að í samanburði við nágrannaþjóðir trónum við á toppnum hvað varðar ótímabærar þunganir, fjölda bólfélaga og grasserandi kynsjúkdóma. Sama hvað líður og bíður virðist hugsunarhátturinn „ég sef ekki hjá sóðum“ lifa góðu lífi. Við spörum smokkanotkun fyrir „útlendinga“ ef við þá leggjumst svo lágt. Ég skrifaði pistil fyrir fimm árum um smokkanotkun mína þar sem ég var staðin að því í góðra vinkvenna hópi að ganga með smokka í veskinu. Ég var litin rannsakandi hornauga og spurð hver útlendingurinn væri því auðvitað væri ég á pillunni og hefði tæpast þörf fyrir slíkt gúmmí.

> **Staðreyndin er sú að í samanburði við nágrannaþjóðirnar þá trónum við á toppnum hvað varðar ótímabærar þunganir, fjölda bólfélaga og grasserandi kynsjúkdóma. Sama hvað líður og bíður þá virðist hugsunarhátturinn „ég sef ekki hjá sóðum“ lifa góðu lífi.**

Þessi hugsunarháttur er einmitt vandamálið. Hindrun á getnaði varð æðsta markmið hverrar konu eftir stríðsárin því enginn vildi verða einstæð móðir með hálf-erlendan bastarð. Það er þetta gervitraust sem við sýnum kynlífsfélaganum okkar, rétt eins og við það að fara í sleik höfum við framkvæmt heilsufarsskoðun og getum fullvissað okkur um að viðkomandi, og við sjálf, séum sjúkdómafrí. Við skýlum okkur á bak við pilluna sem hina æðstu vörn því fæstir karlmenn gera kröfu um að fá að sjá hálftómt pilluspjaldið. Getnaðarvarnir eru þar með gerðar að ábyrgð kvenna en aðeins að því leyti að hindra getnað, því það er það eina sem pillan gerir.

Staðreyndin er sú að við erum kærulaus og neitum að axla ábyrgð á eigin kynfærum og kynlífshegðun. Við rekumst utan í hvort annað sauðdrukkin á skemmtistað, tökum leigubíl heim til þess sem er ódýrast, þreifum fyrir okkur í myrkrinu og stundum svo óvarið kynlíf ofan á hálfétnum Hlöllabát. Daginn eftir er Hlöllabáturinn sveittur og ógeðslegur og kynfæri þín í ævintýralandi sæðis og sýkla.

Þrátt fyrir hugsjónir um að sigra heiminn í svokallaðri útrás erum við enn litla eyjan sem glímir við smáborgaraháttinn að telja sig þekkja alla þá einstaklinga sem við stundum kynlíf með það vel að við getum sleppt verjum. Það má vel vera að við séum fallegustu víkingarnir sem drekka hreinasta vatnið en við erum með skítugustu kynfærin. Hættu þessu væli, skelltu á þig smokknum og farðu og fullnægðu þér og öðrum!

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir


Vilt þú spara fé?
Black Diamond dagar
27. apríl - 5. maí
fylgstu með á fjallakofinn.is | facebook
20%
AFSLÁTTUR
Black Diamond™
facebook | twitter
FJALLAKOFINN
s: 510 9505 www.fjallakofinn.is
Laugavegi 11 | Reykjavíkurvegi 64
Reykjavík
Hafnarfirði



# YFIRHEYRSLAN

**Arna Sigrún Haraldsdóttir fatahönnuður.**

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Bara bæði betra. Mér finnst gott að hafa litla ballerínuskó í töskunni ef ég er á hælum.



**Ómissandi í snyrtibudduna:** Vaselín.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Handprentaður silkikjóll frá sjálfri mér úr KIOSK.



**Uppáhaldshönnuðurinn:** Mér finnst Sarah Burton, sem tók við Alexander McQueen-húsinu þegar hann dó, mjög spennandi.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Starfish and Coffee með Prince.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Í rigningu og roki dreymir mig um að eiga bíl, en aðra daga púðluhundsveski frá Hildi Yeoman.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Kaffi sem Eygló lagar.









## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Baleno '97 , Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Fossbílar 772 6777**
Notaðir varahlutir í Renault, Peugeot, Mazda, Mitsubishi, M. Benz, Toyota, Cadillac, Hyundai Coupe og fl. Dekk, felgur, rafgeymar. Hrísmýri 5, 800 Selfoss.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja







**Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur eldri borgara og húsfélög.**
Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 669 0011. Þórhallur S. 772 0864.




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.







**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 695 1918.

**Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur S. 669 0011

**Garðaumsjón:**
Felli tré, grisja og snyrti. Hagstæð kjör. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Málarar




**Hagstæð verð í boði**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 669 0044.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Húsaviðhald




Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is




**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is







**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**

**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Uppl. í síma 899 2420.**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

New,New,New! TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ONLY FOR 1 WEEK,ANY TIME.s 899 5836 ALISIA

Líkamsnudd! Frábær þjónusta! Dúndur tilboð aðeins í dag!! S. 661 8272 eða 693 0348.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Spádómar

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. um helgar og 16 virka daga.

## Rafvirkjun

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Önnur þjónusta

**Skraddarinn á horninu er fluttur á Skúlagötu 26, 3. Hæð. (Lyfta)**

**Opið mán-fös frá 10-17. S. 552 5540 og 861 4380.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu







2 stk eldvarnarhurðar úr járni 74X208. Uppl. s. 895 7496

Ísskápar, þvottavélar,eldavél á 20þ, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, þurrkarar, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp. S. 896 8568.

Notaðar þvottavélar, ísskápar og frystikistur yfirfarið af fagmanni til sölu. Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

Kæliklefi 2,79x2,63m auðveldur í uppsetningu, hljóðlátur, 3 ára. Verð 600þús (nýr 1,3m.) Uppl. í s. 892 3102.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA 2001-2011

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




Allt sem þú þarft

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.



**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum) Fríða frænka, Vesturgata 3,**

**Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.**

**S. 551 4730 & 864 2223.**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfirði S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

**7 rósir 990 kr.**
**Dalía**
**BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ S. 568 9120**

**HURÐASKILTI**
**Apríltilboð**
**2.600 kr.**
**BOÐI Stimplagerð Bolholti 6, Rvk. Sími 511-1400**

**bathmate**
**Bathmate er nú með CE vottun!**
***Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!***
*Pantana & upplýsingasími*
**849 0698**
**www.bathmate.is**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - TILBOÐ**

TILBOÐ fyrir 1. Klukkutíma nudd. Kr. 5.500. 2 saman kr. 9.900. DETOX og fótanudd kr. 5500. DETOX 2 SAMAN kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




Nýtt grunnnámskeið hefst þann 3.maí Menntaður hundaþjálfari. www.hundaskoli.net Uppl. 897 1992.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundarækt með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.**
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**TPM**

**Æfingarhúsnæði! Vortilboð!**
Afnotagjöld 21þús. á mánuði Upplýsingar í síma 8243001 og contact@tonaslod.is www.tonaslod.is

Til leigu 150fm raðhús í Reykjanesbæ. upp.l walter@shipsol.net

Lækjargata 32, HFJ. 3 herb. 85fm. Leiga 120þ. trygging 3 mán. Laus 1 maí. áhugasamir hafa samband við bjorgvin@igl.is eða 892 4578

Til leigu 3 herb. góð íbúð í Maríubakka. Laus strax. Uppl. í síma 699 3737

4 herb íb. til leigu í 107 frá 1.maí og uppl í s: 8917487 / 6977286

Til leigu lítil falleg 3 herb í Hafnarfirði. Ca 65 fm. í tvíbýli, Langtímaleiga. Aðeins leigð út gegn bankaábyrgð eða sambærilegri tryggingu. Uppl í síma 899-6699

2.herb íbúð í Hraunbæ, 95 þús, hússjóður innif. Uppl. í s. 866 4754 & 557 5450

Til leigu ca. 15 ferm. herbergi í gamla vesturbænum í nágr. hafnarinnar. uppl. í s. 892 9512

Herbergi til leigu á svæði 108. Laust strax. Uppl. í síma 898 9946

## Húsnæði óskast

Óskum eftir húsnæð til langtímaleigui í Kópavogi eða Mosfellsbæ frá og með 1. júlí. 4-5 herbergi, öruggar greiðslur og meðmæli. Uppl. í s. 824 7700.

Hjón með eitt barn óska eftir íbúð í Grindavík. Uppl í s. 865 8784 eða mekkalin@gmail.com

Fjölskylda með 2 börn óskar eftir húsnæði til leigu á Reykjanesinu, helst í Njarðvík en allt kemur til greina. Gæludýr verða að vera leyfð. Uppl. í síma 691 9351 eða rmr6@hi.is

Vantar að leigja íbúð frá 4 júlí til 8 ágúst. Má vera í Kópavogi, Reykjavík, Mosfellsbæ. E-mail: afranklin12@cox.net

## Sumarbústaðir

Skoða á vesturlandi um helgina. Mikil sala. Jón Rafn hjá Valhöll, s. 695 5520.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu stórt iðnaðarhúsnæði í Garðabæ. Stórar dyr og hátt til lofts. Skammtímaleiga kemur til greina. Uppl. 897 2000 & 661 3131

Til sölu 2x50fm atvinnu og geymslu húsnæði í Faxafeni Rvk. Hægt að sameina, annað bilið er í leigu á 60þús á á mán. V. 4,7 m, hvort. Uppl. í s. 897 1012.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Þjónn óskast!**

**Óskum eftir góðum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.**

**Umsóknir sendist á ccb@visir.is**

Óskum eftir starfmanni 25ára og eldri í afgreiðslu í sumar í Hole in One golfverslun í Kópavogi . Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af afgreiðslustörfum og þekki ágætlega til golfíþróttarinnar. Vinnutími er frá 10-18 virka daga og annar hver laugardagur frá 10-16. Umsóknir óskast sendar á holeinone@holeinone.is

Vélstjóri/vélavörður óskast til starfa á 150 tonna humarbát. Vélarstærð 478 kw. Uppl. í s. 892 0367 eða 483 3548.

Vanur meiraprófsbílstjóri óskast í fulla vinnu.Verður að geta byrjað sem fyrst,vinnutími c.a. 8-17.Nánari upplýsingar í s.820-3880 eða mail keyrsla@keyrsla.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Nám

**Tónlistarskólinn í Reykjavík tekur nú á móti umsóknum nýnema. Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 4. maí.**

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans
**tono.is**
og á skrifstofu skólans í síma 553-0625

## Atvinna

**MONDO**
ARKITEKTER




# Arkitekt - Svíþjóð

Mondo arkitekter óskar að ráða arkitekt till starfa. Fyrirtækið er staðsett í hjarta Falun, höfuðstað Dalarna í Svíþjóð.

Hjá Mondo í Falun starfa 12 manns, þar af 6 arkitektar. Við erum með mörg spennandi verkefni í gangi og sjáum fram á mikla aukningu í verkefnum á næstunni.

*Umsóknir sendist til:* ***kb@mondo.se*** *fyrir 15 maí.*

*Nánari upplýsingar veitir Kristinn Björgvinsson í síma: +46 23 705301*

*Nánari upplýsingar um Falun er að m.a. að finna á: www.visitfalun.se*

## Tilkynningar

**Kópavogsbær**
**Skipulags- og umhverfissvið**

# Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að breyttu aðalskipulagi. Rjúpnahæð vesturhluti.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 26. október 2010 var samþykkt að fela skipulagsstjóra að auglýsa í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytta Aðalskipulagi Kópavogs 2000 - 2012 í vesturhluta Rjúpnahæðar. Tillagan nær til um 16 ha svæðis sem afmarkast af lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar í suður og vestur, skógræktarsvæði í Smalaholti og Rjúpnahæð í norður og opnu svæði meðfram fyrirhugaðri byggð við Austurkór og Auðnukór í austur.

Í tillögunni felst að íbúðum er fjölgað á svæðinu úr 120 íbúðum í liðlega 162 íbúðir í sérbýli og fjölbýli. Þéttleiki byggðarinnar eykst úr 9 íbúðum á ha í ca. 11. Íbúum fjölgar á svæðinu og er áætlað að á því fullbyggðu verði fjöldi íbúa um 500 miðað við 3 í íbúð.

Tillagan var auglýst frá 7. desember 2010 til 11. janúar 2011 með athugasemdafresti til 25. janúar 2011. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd Kópavogs 15. mars 2011 ásamt þeim athugasemdum og ábendingum er fram komu er tillagan var auglýst. Enn fremur var lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna. Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn 22. mars 2011 með þeirri breytingu að íbúðum var fækkað úr 162 í 161.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda tillögu og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á Skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs Fannborg 6, 200 Kópavogi.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI**
Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meiri Vísir. vísir

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**53** **MICHELLE PFEIFFER** leikkona er 53 ára

*„Á einhverjum tímapunkti breytti ég til og fór að horfa á björtu hliðarnar í stað þess að einblína stöðugt á skuggahliðarnar. Nú horfi ég á allt sem ég á og finnst ég heppin.“*

## Náttúruleikir í Laugardalnum

Grænum apríl og árlegum degi umhverfisins verður fagnað laugardaginn 30. apríl í Grasagarðinum með fjörugum náttúruleikjum fyrir alla fjölskylduna. Einnig verður boðið upp á göngu eftir „ónáttúrulega stígnum“ en við hann er ýmislegt forvitnilegt að finna sem alla jafna á ekki heima í Grasagarðinum.



**Í RATLEIK** Hlaupið er milli stöðva sem merktar eru á kort.

Félagar í Rathlaupsfélaginu Heklu kynna rathlaup fyrir gestum sem og nýja, varanlega rathlaupsbraut félagsins í Laugardal en rathlaup er skemmtileg íþrótt fyrir alla aldurshópa. Þátttakendur fá kort af hlaupasvæðinu og hlaupa með aðstoð þess á milli stöðva sem merktar eru á kortið.

Tvær leiðir verða í boði í rathlaupinu. Önnur hentar vel fjölskyldufólki með börn og vagna þar sem farið er eftir stígum dalsins en hin leiðin ætti að kæta þá sem vilja spretta úr spori og keppa við tímann. Einnig verða settar upp tvær örbrautir þar sem gestum býðst að prófa rathlaup með nýjum rafeindabúnaði fyrir tímatöku og stöðvamerkingu. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

Gestir eru hvattir til að koma sér á staðinn með umhverfisvænum hætti; gangandi, hlaupandi, hjólandi, með almenningsvagni eða með því að samnýta bílferðir. - gun

**ÞETTA GERÐIST:** 29. APRÍL ÁRIÐ 1992

## *Óeirðir brjótast út í Los Angeles*

Óeirðir brutust út í Los Angeles í kjölfar þess að fjórir lögregluþjónar voru sýknaðir eftir að hafa gengið í skrokk á Rodney King, þeldökkum leigubílstjóra. Forsaga málsins var sú að árið 1991 stöðvaði lögreglan Rodney King fyrir að aka yfir hámarkshraða. Lögreglumennirnir fjórir gengu síðan í skrokk á leigubílstjóranum meðan aðrir laganna verðir stóðu aðgerðarlausir hjá.

Atvikið náðist á myndband, sem var sýnt um allan heim og vakti gífurleg viðbrögð. Þegar sýknudómur féll í máli lögreglumannanna hópuðust þúsundir af reiðum þeldökkum Bandaríkjamönnum saman og óeirðir brutust út. Alls létust 53 í óeirðunum, 2.000 manns slösuðust og yfir 10.000 manns voru handteknir en óeirðirnar stóðu yfir í sex daga.

*Heimild: wikipedia.org*






**KYNNA MÖGULEIKA HÖNNUNAR** Á morgun hefst samræðuþingið Hreyfiafl í Listasafni Íslands á vegum hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ en tíu ár eru síðan deildin tók til starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SAMRÆÐUÞING: Í TILEFNI 10 ÁRA AFMÆLIS HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILDAR

# Hönnun er vannýtt hreyfiafl

Tíu ár eru liðin frá því að hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands tók til starfa. Af því tilefni efnir deildin til samræðuþingsins Hreyfiafls í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á morgun, laugardag. Þar munu sautján kennarar við skólann flytja stutt erindi og kynna verkefni deildarinnar og hlutverk.

„Síðustu ár hefur orðið sprenging í hönnun og öllum áhuga á hönnun, sem við teljum tilkomu deildarinnar eiga þátt í,“ segir Jóhannes Þórðarson, deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar. „Almennt gerir fólk sér þó ekki grein fyrir hvað kennararnir eru að fást við hér innanbúðar. Við viljum vekja athygli á umhverfi okkar og starfsháttum og benda á þær fjölbreyttu aðstæður sem hönnun og arkitektúr snerta í samfélagsmyndinni,“ segir Jóhannes og bætir við að sú hugmyndafræði sem beitt er í hönnun eigi erindi við fleiri greinar í samfélaginu; hún byggi á rannsóknum, rökhugsun og fagurfræði en ekki síst ímyndunarafli.

„Hönnuðir eru skapandi fólk og forvitið, þeir spyrja áleitinna spurninga og draga hlutina fram frá öðrum sjónarhornum en venjan er,“ segir Jóhannes. Rannsóknar- og samstarfsverkefnð „Stefnumót við bændur“ er dæmi um þetta en þar hafa nemar í vöruhönnun skoðað það hráefni sem bændur vinna með og hvernig auka megi virðisauka þess. Verkefnið er styrkt af Rannís tæknisjóði og hefur staðið yfir í fjögur ár. Þegar eru komnar vörur í framleiðslu, meðal annars skyrkonfektið frá Erpsstöðum og Rabbarbía, sultur og karamella frá Löngumýri.

„Við viljum hvetja til þess að horft verði til staðbundinna aðstæðna hér á Íslandi og séreinkenna samfélagsins, náttúrunnar og menningararfsins. Og að þessi aðferðafræði verði nýtt inn í fleiri atvinnugreinar, til dæmis sjávarútveginn, ferðamennsku og orkugeirann,“ segir Jóhannes.

Á tíu árum hafa útskrifast frá Listaháskólanum um sjötíu nemendur með BA í arkitektúr, hátt í sextíu vöruhönnuðir, um 100 fatahönnuðir og enn stærri hópur grafískra hönnuða. En hvernig metur Jóhannes stöðu hönnunar á þessum tíu ára tímamótum?

„Staða hönnunar er sterk faglega en það vantar upp á almennan skilning á hvers konar afl hönnun er. Við vörpum vonandi ljósi á það á morgun.“

Samræðuþingið hefst klukkan 10 og stendur til 17. Aðgangur er öllum opinn. Nánari upplýsingar er að finna á www.lhi.is

heida@frettabladid.is



## 100 ára afmæli

### Ólöf Kristjánsdóttir

frá Gautsstöðum á Svalbarðsströnd er 100 ára í dag.

Ólöf er fædd 29. apríl 1911 á Helgastöðum í Reykjadal í S-Þingeyjarsýslu.

Fyrstu árin var hún hjá Kristínu móður sinni og Hjálmari fósturföður að Vagnbrekku í Mývatnssveit. Í kringum fermingu fer hún í vist til Friðriku, eldri systur sinnar sem þá er orðin húsfrú á Efri-Dálksstöðum á Svalbarðsströnd. Þar kynnist hún Friðbirni Olgeirssyni eiginmanni sínum. Árið 1929 hófu þau Ólöf og Friðbjörn búskap á Gautsstöðum og bjuggu þar til Kristján Friðrik, sonur þeirra, tók við búskapnum í kringum 1980.

Saman áttu þau fimm börn. Kristínu, f. 1930, Benedikt, f. 1934, Jóhannes Olgeir, f. 1940, Kristján Friðrik, f. 1943 látinn 1998 og Sæmund Gauta f. 1946. Friðbjörn, eiginmaður Ólafar, lést 1982. Ólöf átti tvö alsystkin, Friðriku og Sæþór bónda í Fagranesi í Aðaldal og tvö hálfsystkin, þau Helgu og Arinbjörn Hjálmarsbörn frá Vagnbrekku í Mývatnssveit.

Eftir 55 ára búskap á Gautsstöðum færir Ólöf sig yfir fjörðinn og dvaldi um tíma á Dvalarheimilinu að Skjaldarvík. En síðustu árin hefur hún búið á Dvalarheimilinu Kjarnalundi við Akureyri.

Ólöf er við góða heilsu og aðeins er stutt síðan hún lagði handavinnuna á hilluna. En daglega les hún rauðar ástarsögur og getur ekki hugsað sér að missa af Bold and the Beautiful.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Sigurbjarnarson**

verkfræðingur, Leirutanga 19, Mosfellsbæ,

sem lést sunnudaginn 24. apríl á heimili sínu, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju í Reykjavík, mánudaginn 2. maí, klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á heimahlynningu Landspítalans.

Ólöf S. Valdimarsdóttir
Áslaug Kristjánsdóttir
Valdimar Kristjánsson — Anna Magdalena Helgadóttir
Áslaug Kristjánsdóttir — Thor Thors
Katrín Kristjánsdóttir — Peter Gadermeier
og afabörn.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elsa Guðmundsson**

áður til heimilis að Álfhólsvegi 72, Kópavogi,

andaðist miðvikudaginn 20. apríl á Hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðaþingi í Kópavogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 2. maí kl. 13.00.

Guðmundur T. Guðmundsson
Sveinn G. Guðmundsson — Gerður K. Karlsdóttir
Bjarni Guðmundsson — Ida M. Semey
barnabörn og barnabarnabörn



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Iðunn Heiðberg**

áður til heimilis að Rauðalæk 12,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli fimmtudaginn 21. apríl. Útför fer fram frá Áskirkju föstudaginn 29. apríl kl. 13.00.

Páll Árnason — Gyða Hafdís Margeirsdóttir
Ingibjörg Árnadóttir — Neil Young
Helga Árnadóttir — Róland Assier
og barnabörn.


LIST ÁN LANDAMÆRA
Risavaxin blómabreiða, 5 metra trjávörður,
saumað abstrakt, táknmálssöngur
og dægurlagaskúlptúrar.
Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir
LIST án
LANDAMÆRA
Hefst í dag um allt land!
Kynntu þér dagskrá hátíðarinnar á
listanlandamaera.blog.is


BT
helgar bomba
UN
SA
ÞA
119.999
verð áður 149.999
30.000 kr. verðlækkun
sýningartæki allt á að seljast !
LG
42" LCD 420 - Upplausn: 1920x1080 - Full HD
109.999
verð áður 139.999
30.000 kr. verðlækkun
LG 42" LCD 450 - Upplausn: 1920x1080 - Full HD
139.999
verð áður 169.999
30.000 kr. verðlækkun
LG 42" LCD 650 - Upplausn: 1920x1080 - Full HD
Betri verð í BT !!
4.999
verð áður 5.999
4.999
verð áður 5.999
4.999
verð áður 5.999
AEG AT3100 brauðrist
AEG EWA3100 hraðsuðukanna
AEG KF3010 kaffivél
20% afsláttur af allri tónlist
20% afsláttur af öllum xbox360 leikjum
4.999
verð áður 9.999
5.000 kr. verðlækkun
6.999
verð áður 10.999
4.000 kr. verðlækkun
8.999
verð áður 10.999
7.999
verð áður 9.999
12.999
verð áður 19.999
takmarkað magn
SKULL CANDY Double Agent 1gb SD kort fylgir
hama Mac headset
COBY 707 mp3 spilari 8gb
OLYMPUS T-10 stafræn myndavél 10 MP - 2,4" skjár
SAMSUNG U10 full HD upptökuvél
11.999
verð áður 15.999
frábært verð
29.999
verð áður 35.999
snilldar græja
4.499
verð áður 6.999
SCOTT DVD spilari
SCOTT hljómtækjastæða með DVD spilara
SCOTT útvarpsvekjari
BT sími 550-4444 - www.bt.is - OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA Í


ÁVÍSUN Á LESTUR
Munið bókaávísunina
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
GRIFFILL Skeifan 11
KFC
Matur sem yngir og eflir
3.999 áður 5.499
Matur sem yngir og eflir
Þorbjörg Hafsteinsdóttir
10 árum yngri á 10 vikum
3.999 áður 5.499
10 árum yngri á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir
ADLER OLSEN
KONAN Í BÚRINU
1.899
Konan í búrinu
Adler Olsen
ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
2.250
Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir
Mundu mig, ég man þig
2.250
Mundu mig, ég man þig
Dorothy Koomson
ÅSA LARSSON
Myrkraslóð
2.250
Myrkraslóð
Åsa Larsson
Stóra Disney matreiðslubókin
2.999 áður 3.699
299 áður 509
Kritar stórar 20 stk.
YATZY
799 áður 1.495
Yatzy með boxi
3.999 áður 8.999
BINGO
Bingóvél
15% afsláttur af öllum tímaritum
SKEIFUNNI 11 - Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** himinn, **6.** persónufornafn, **8.** nugga, **9.** gogg, **11.** mun, **12.** sljóvga, **14.** yfirstéttar, **16.** ólæti, **17.** gagn, **18.** flott, **20.** peninga, **21.** heimili.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stjórnarumdæmis, **3.** öfug röð, **4.** sýklalyf, **5.** efni, **7.** matarlím, **10.** óvild, **13.** of lítið, **15.** bakhluti, **16.** ái, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** ég, **8.** núa, **9.** nef, **11.** ku, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** at, **17.** nyt, **18.** fín, **20.** fé, **21.** inni.

**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** on, **4.** fúkalyf, **5.** tau, **7.** gelatín, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** afi, **19.** nn.
















# Myglað blátt blóð

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Frá því í nóvember í fyrra hefur heimsbyggðin fylgst með undirbúningi brúðkaups eldri sonar Karls Bretaprins og unnustu hans, Kate Middleton. Fólk virðist hafa gríðarlegan áhuga á samruna parsins og fjölmiðlar um allan heim birta fréttir af brúðkaupinu daglega. Stærsta fréttin hefur hingað til verið sú að parið ætlar ekki að bjóða upp á bjór í veislunni – aðeins kampavín. Eins og það sé einhver leið að sitja undir ræðuhöldum breskra hefðarmanna án þess að fá einn ískaldan.

**Í FLJÓTU** bragði dettur mér ekki í hug fólk sem er minna spennandi og áhugavert en kóngafólk. Ekki misskilja. Áhugi minn á frægðarfólki er alveg jafn mikill og hjá næsta manni. Ég les fréttir um poppstjörnur og kvikmyndaleikara af einlægum áhuga. Þetta fólk gefur mér ekki ástæðu til að lifa, en getur auðveldlega létt lund mína eða í versta falli drepið tíma. Poppprinsessan Britney Spears og grínistinn Russell Brand eiga það sameiginlegt að vera þekkt fyrir að hafa hæfileika á sínu sviði. Hvorki Harry né þessi sem er að fara að gifta sig í dag geta státað sig af því. Hvað þá faðir þeirra.

**KÓNGAFÓLK** er nefnilega hluti af kerfi sem er myglaðra en gráðaosturinn sem verður á boðstólum í veislunni í kvöld. Hugmyndin um fólk sem fæðist inn í einhvers konar verndað, ríkisstyrkt umhverfi með þjónustufólk á hverju strái er tímaskekkja sem *allir* myndu græða á að leiðrétta. Kóngafólk fæðist með silfurskeið í munni og blátt blóð í æðum. Þar með lýkur upptalningu á sérstöðu þess, sem er ekki í formi ölmusu frá skattgreiðendum, boðskorta í veislur og útskýranlegrar aðdáunar *þegna* sinna.

**ÞAÐ** allra furðulegasta við gífurlegan áhuga fólks á brúðkaupi Kate og … bróður Harrys er að fólk utan Bretlands sýni því áhuga. Tvær sjónvarpsstöðvar á Íslandi sýna brúðkaupið í beinni útsendingu. Ef við miðum við höfðatölu jafngildir það að 413 sjónvarpsstöðvar myndu sýna frá brúðkaupinu á Bretlandseyjum. Ég trúi því hreinlega ekki að áhuginn sé svo mikill á Íslandi að við þurfum að eiga möguleika á því að heyra tvo álitsgjafa lýsa kjól brúðarinnar og þylja upp innihaldslýsingu kökunnar.

**EF** áhorfið á brúðkaupið á Íslandi fer yfir tíu prósent hendi ég vegabréfinu mínu og sæki um pólitískt hæli í fjarlægu ríki. Þó ekki kóngsríki.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



# Hann á eftir að upplifa það

Bókmenntir ★★★

**Stolnar stundir**

Ágúst Borgþór Sverrisson

**Sögur ehf. 2011**

Þórir er þjófur. Hann stelur tíma frá fjölskyldu sinni. Þykist vera í vinnunni en situr þess í stað á kaffihúsi og skrifar blogg. Langar að skrifa skáldsögu en vandamálið er að hann hefur ekkert að skrifa um. Líf hans er of venjulegt til að hægt sé að nota það í skáldsögu og hann hefur ekki getu til að ímynda sér líf annarra. Svo hringir kona og söguefnið verður til.

Ágúst Borgþór er kunnur smásagnahöfundur og bloggari og óhjákvæmilegt að reka augun í samsvaranirnar á milli hans sjálfs og sögupersónunnar Þóris. Enda hefur hann sagt í viðtölum að hann noti eigið líf og umhverfi sem grunn. Þessi aðferð er sniðug til að vekja gægjuhneigð lesandans sem óneitanlega veltir því fyrir sér hvað í nóvellunni Stolnar stundir eigi sér rætur í lífi höfundarins. Ágúst ýtir enn frekar undir þessar vangaveltur með því að nota teikningu af sjálfum sér á forsíðu bókarinnar, teikningu sem Þórir skýrir frá í sögunni hvernig varð til. Þannig leikur hann sér með bloggformið þar sem fólk birtir þá mynd af sjálfu sér sem það vill að heimurinn sjái. Ímyndarsköpun og mörk skáldskapar og veruleika eru meginstef sögunnar sem gerist árið 2007 þegar áherslan liggur öll á því hvað þú sýnist vera, ekki á því hver þú ert í raun. Og einhvers staðar á leiðinni missa menn sjónar á því hverjir þeir eru og hvert þeir eru að fara. „Þórir skynjaði að í honum blundaði sterk löngun til að vera einhver annar en hann var – en þó enginn sérstakur.“ (bls. 43)

Ágúst Borgþór hefur sérhæft sig í stuttum textum, myndum af augnablikum, og Stolnar stundir er byggð upp af slíkum örmyndum sem raðast saman í púslmynd af lífi sögupersónunnar á áhrifaríkan hátt. Firringin og sjálfhverfnin kristallast í samskiptum Þóris við ókunnu konuna sem kemur hreyfingu á gráan hversdagsleikann um stund, en skiptir hann engu máli sem manneskja. Bráðfyndin lýsing á foreldrafundi í fótboltadeild sonar hans, þar sem umræðuefnið er hvort hagkvæmara sé að þiggja fótboltatöskur af Landsbankanum eða Glitni er hárbeitt lýsing á tíðarandanum og lýsingarnar á umbyltingu íbúðar hjónanna í anda Húsa og híbýla gefa tóninn fyrir innihaldsleysi lífsmátans. Það er ekki bara Þórir sem þráir að vera annar og öðruvísi, það er allt þjóðfélagið.




Ágúst Borgþór hefur löngu sannað það að hann er fínn stílisti og hér fágar hann stíl sinn enn frekar. Ekki orði er ofaukið og fágað yfirborð textans undirstrikar þá örvæntingu sem undir býr – þrátt fyrir allt.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel stíluð og beitt ádeila sem veltir upp spurningum og vekur umhugsun.



**LISTAMENN** Fjölbreyttur hópur tekur þátt í list án landamæra, meðal annars þessi fjögur sem ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á í Ráðhúsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

# List án landamæra í Ráðhúsinu

**Listahátíðin List án landamæra verður sett í dag klukkan 17 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á hátíðinni vinna ólíkir aðilar saman að alls konar list en þátttakendur eru „fólk með skrýtin áhugamál, fólk með geðræna sjúkdóma, fólk frá Finnlandi, fólk með stóra fætur og litla fætur, kvenfélög, hæfingarstöðvar, fólk með mikla hreyfihömlun, listasöfn, dreifbýlingar og þéttbýlingar, sjálfstæðir leikhópar, fólk með þroskahömlun, leikarar, fólk sem er börn, fólk sem er fullorðið. Listafólk af öllum toga og umfram allt hópur af frábæru skapandi fólki,“ eins og segir í fréttatilkynningu.**

**Á opnunarhátíðinni stígur fjöldinn allur af listafólki á svið. Meðal annars vestfirski karlakórinn Fjallabræður sem kemur fram ásamt táknmálskórnum sem „syngur“ á táknmáli. Valur geislaskáld mun lesa ljóð og Guðrún S. Gísladóttir les upp úr bókinni „Undur og örlög“ eftir Áslaugu Ýri Hjartardóttur. Kynnar verða Gunnar Þorkell Þorgrímsson og Björn Thors.**






# Lohan kennir heimilislausum



Lindsay Lohan er byrjuð að búa sig undir samfélagsþjónustu sem dómari í Los Angeles skikkaði hana nýverið til að sinna. Lohan, sem var einnig dæmd í 120 daga fangelsisvist, þarf að vinna í 480 klukkustundir í þágu samfélagsins og hyggst eyða þeim í að kenna heimilislausum konum að leika. Lohan var dæmd fyrir að rjúfa skilorð þegar skartgripasali sakaði hana um að stela hálsmeni frá sér.

Samkvæmt vefsíðunni Contactmusic.com ætlar Lohan að vera með leiklistarnámskeið í miðstöð heimilislausra kvenna í Los Angeles. Námskeiðinu hefur verið gefið nafnið DIVAS en þar verður fimmtán konum kennt hvernig þær geti tjáð sig með frásagnarlistina að vopni. Samkvæmt heimildum vefsíðunnar lítur Lohan á þetta sem kærkomið tækifæri til að endurreisa ímynd sína og láta gott af sér leiða. Lohan mun einnig taka þátt í þrifnaðaraðgerðum í Los Angeles sýslu.



**KLÁRIR Í SLAGINN** Björgvin Sigurðsson (til vinstri) og Aðalbjörn Tryggvason ætla ekkert að gefa eftir í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Níðþung og sveitt stemning

**Þungarokkssveitirnar Skálmöld og Sólstafir troða upp á Nasa í kvöld. Söngvarar sveitanna vona að hljóðkerfi staðarins standist álagið.**

„Þetta verður sveitt stemning," segir Björgvin Sigurðsson, söngvari víkingarokkaranna í Skálmöld. Sveitin spilar á Nasa í kvöld ásamt öðrum þungavigtarmönnum í Sólstöfum og ljóst að krafturinn sem leysist úr læðingi verður ógurlegur.

Spurður hvort hljóðkerfið á Nasa eigi ekki eftir að láta undan segir Björgvin að það muni koma í ljós. „Þeir státa sig af því að vera með besta hljóð- og ljósakerfi á landinu. Við verðum að vona að það dugi en hver veit, kannski springur það. Við ætlum ekki að halda neitt aftur af okkur og við vonum svo sannarlega að aðrir geri það ekki heldur."

Skálmöld ruddist fram á sjónarsviðið í fyrra og hefur fyrsta plata hennar, Baldur, selst í hátt í tvö þúsund eintökum sem er óvenjulegt þegar íslensk þungarokkssveit er annars vegar. „Við gerðum upphaflega þúsund eintök en þau seldust upp fljótlega sem var eitthvað sem við áttum ekki von á," segir Björgvin. Hann telur íslenskt þungarokk vera í mikilli sókn. Til marks um það verða tónleikarnir á Nasa þeir stærstu sem Skálmöld hefur spilað á til þessa. „Þetta er ákveðinn prófsteinn á hversu langt við getum teygt okkur hérna heima."

Aðalbjörn Tryggvason, söngvari Sólstafa, hlakkar mikið til tónleikanna í kvöld. Síðast spilaði sveitin í steypustöðvarhúsi á hátíðinni Aldrei fór ég suður. „Ég held að Aldrei fór ég suður hafi verið okkar stærsta gigg á Íslandi. Við spiluðum reyndar einu sinni á Nasa en það var fyrir tómu húsi á styrktartónleikum," segir hann.

Spurður hvor hljómsveitin sé þyngri, Skálmöld eða Sólstafir, segir hann: „Þeir eru ábyggilega þyngri en við erum með stærri músík."

freyr@frettabladid.is

# Gott frí eftir barnsburð

Leikkonan Kate Hudson ætlar að taka sér gott frí frá kvikmyndaleik eftir að hún eignast sitt annað barn síðar á þessu ári. Hún vill fyrir enga muni missa af því að sjá barnið vaxa úr grasi. Hudson á von á barninu með Matt Bellamy, söngvara Muse, sem bað hennar einmitt í síðustu viku. Leikkonan hélt áfram að vinna skömmu eftir að hún eignaðist fyrsta barnið sitt, soninn Ryder, en núna verður annað uppi á teningnum. „Ég mun eingöngu halda áfram að vinna ef kvikmyndin er nógu áhugaverð," sagði hún.



**KATE HUDSON** Leikkonan ætlar í gott frí eftir að hún eignast sitt annað barn.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 3D Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HÆVNEN | KL. 5.25 – 8 – 10.35 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 8 - 10.15* KRAFTSÝNING | 16 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 8 | 16 |
| HANNA | KL. 10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THOR | 5, 7.30 og 10 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 4 og 6 |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 4 og 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |

NÚMERUÐ SÆTI Í SAMBÍÓIN KRINGLUNNI www.SAMbio.is

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D kl. 4 - 5:30 - 8 - 10:30 POWERSÝNING | | 12 |
| ARTHUR | kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR Luxus VIP | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHALET GIRL | kl. 6 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| DREKABANARNIR ísl tal | kl. 6 | L |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| SOURCE CODE | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LINCOLN LAWYER | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 5.40 | L |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LINCOLN LAWYER Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ARTHUR Númeruð sæti | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| RED RIDING HOOD Númeruð sæti | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| DREKABANAR ísl tal Númeruð sæti | KL. 4 - 6 | L |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 | L |
| YOGI BEAR ísl tal Númeruð sæti | KL. 4 - 6 | |

tryggðu þér miða á www.SAMbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| NÍU ÍSLENSKAR DANSMYNDIR | 20:00 |
| HREYFINGIN: END:CIV | 20:00 |
| BOY | 18:00, 22:20 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 22:20 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |



BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



**ÓSÁTTIR** Meðlimir Blue eru óánægðir með að fá ekki spilun í heimalandinu.

# Blue fær ekki spilun heima

**Meðlimir breska strákabandsins Blue eru óánægðir með að Eurovision-lag þeirra I Can fái ekki nægilega spilun á útvarpsstöðvum heima. Lagið hefur ekki komist inn á helstu spilunarlistana, þar á meðal hjá BBC Radio 2. Samkvæmt vefsíðunni Myradio.com sem fylgist með lagaspilun útvarpsstöðva hefur I Can aðeins verið spilað 22 sinnum síðastliðinn mánuð á öllum Bretlandseyjum. „Við erum að reyna að gera þetta fyrir þjóðina okkar en hún vill ekki styðja við bakið á okkur," sagði söngvarinn Simon Webbe ósáttur. Eurovision-keppnin fer fram í Þýskalandi um miðjan maí.**

# Fer aftur í meðferð

**Richie Sambora, gítarleikari rokksveitarinnar Bon Jovi, hefur ákveðið að fara í meðferð vegna vímuefnavandamála sinna. Sambora, sem hefur lengi barist við fíkniefnadjöfulinn, fór síðast í meðferð fyrir fjórum árum. Ári síðar var hann handtekinn fyrir að aka undir áhrifum og lýkur hann afplánun briggja ára skilorðsbundins dóms síðar á þessu ári. Næstu tónleikar Bon Jovi eru fyrirhugaðir á morgun en óvíst er hvort af þeim verður vegna vandamála gítarleikarans.**



**RICHIE SAMBORA**



**TIL NOREGS** Kvikmyndin Órói verður opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Kristiansand.

# Órói sýnd í Kristiansand

**Kvikmyndin Órói verður opnunarmyndin á kvikmyndahátíðinni í Kristiansand í Noregi 3. maí. Hátíðin sérhæfir sig í kvikmyndum fyrir ungt fólk og er mjög virt. Baldvin Z, leikstjóri Óróa, Ingibjörg Reynisdóttir, handritshöfundur og leikkona, og Atli Óskar Fjalarsson, aðalleikari myndarinnar, verða viðstödd frumsýninguna. Myndin verður sýnd fjórum sinnum og munu aðstandendur hennar svara spurningum áhorfenda að loknum sýningum. Órói var frumsýnd í október í fyrra og fékk mjög góðar viðtökur.** - fb




CLINIQUE BONUS
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

Gjöfin þín
að verðmæti 10.000 kr. er í Debenhams

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 5.900 kr eða meira
dagana 29. apríl – 4. maí er gjöfin til þín:*

- DDML Gula Kremið 30 ml
- Repairwear Laser Focus 15 ml
- 7 Day Scrub Cream 30 ml
- Even Better Makeup 15 ml
- All About Eyes augnkrem 7 ml
- Blushing Blush Powder Blush 1.8 g
- High Impact Mascara 4 g
- High Impact Varalitur Rosette

*meðan birgðir endast





Nýtt
Nýja Chubby Stick Moisturising Lip Colour Balm
er fullt af góðgæti á borð við mangó og afrískt smjörviðarkrem.
Einmitt það sem þurrar og viðkvæmar varir þarfnast til að líða vel og vera mjúkar.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Tilboðsdagar á SAMSUNG sjónvörpum
Hér býðst einstakt tækifæri að eignast hágæða SAMSUNG sjónvarp á frábæru verði.
ATH!! 20.000–50.000 kr. afsláttur á tækið!
SJÁ EINNIG NÁNAR Á:
www.samsungsetrid.is
Verslanir og umboðsmenn um land allt
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




# sport

sport@frettabladid.is



**HALLBERA GUÐNÝ GÍSLADÓTTIR** tryggði Val 2-1 sigur á Breiðabliki í undanúrslitaleik Lengjubikars kvenna á gervigrasinu á Hlíðarenda í gærkvöldi en Valsliðið mætir annaðhvort Þór/KA eða Stjörnunni í úrslitaleiknum á sunnudaginn. Leikur Þórs/KA og Stjörnunnar átti að fara fram í Boganum í gær en honum var frestað um sólarhring. Rakel Logadóttir kom Val í 1-0 en Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir jafnaði metin fyrir Breiðablik. Hallbera skoraði síðan sigurmark Vals úr vítaspyrnu.



**ÁSGEIR JÓNSSON** Skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umspil N1-deildar karla:

## Afturelding hélt sæti sínu

**HANDBOLTI** Afturelding verður áfram í hópi þeirra bestu eftir 2-0 sigur á Stjörnunni í umspili í N1-deild karla í handbolta.

Afturelding vann sjö marka sigur á Stjörnunni, 25-18, í öðrum leik liðanna í Mýrinni í gær og vann þar með alla fjóra leiki sína í umspilinu. Þetta er annað árið í röð sem Mosfellingar vinna umspilið en þeir unnu Gróttu í úrslitunum í fyrra. Daníel Jónsson og Ásgeir Jónsson skoruðu báðir fimm mörk fyrir Aftureldingu í gær og þeir Sverrir Hermannsson og Reynir Ingi Árnason voru með fjögur mörk hvor. - óój

Kynningarfundur Pepsi-deilda:

## FH og Valur verða meistarar

**FÓTBOLTI Karlalið FH og kvennalið Vals verða meistarar ef marka má árlega spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna liðanna í Pepsi-deildum karla og kvenna en hún var kynnt á kynningarfundi deildanna í Háskólabíói í gær.** - óój

### Spáin í Pepsi-deild karla:

| | |
|---|---|
| Íslandsmeistari FH 413 | 2. sæti KR 380 |
| 3. sæti Breiðablik 317 | 4. sæti Valur 308 |
| 5. sæti ÍBV 301 | 6. sæti Fram 248 |
| 7. sæti Keflavík 220 | 8. sæti Fylkir 205 |
| 9. sæti Grindavík 132 | 10. sæti Stjarnan 129 |
| 11. sæti Víkingur 93 | 12. sæti Þór Akureyri 62 |

### Spáin í Pepsi-deild kvenna:

| | |
|---|---|
| Íslandsmeistari Valur 283 | 2. sæti Stjarnan 234 |
| 2. sæti Þór/KA 234 | 4. sæti Breiðablik 218 |
| 5. sæti ÍBV 173 | 6. sæti Fylkir 152 |
| 7. sæti KR 140 | 8. sæti Afturelding 79 |
| 9. sæti Grindavík 69 | 10. sæti Þróttur 68 |

pepsi deildin

**Spá Fréttablaðsins fyrir sumarið 2011 í Pepsi-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | ??? | |
| 2. | ??? | |
| 3. | ??? | |
| 4. | ??? | |
| 5. | ÍBV | 78 stig |
| 6. | Fram | 73 stig |
| 7. | Keflavík | 60 stig |
| 8. | Fylkir | 46 stig |
| 9. | Grindavík | 35 stig |
| 10. | Víkingur | 34 stig |
| 11. | Stjarnan | 33 stig |
| 12. | Þór Akureyri | 12 stig |

### Lykilmenn liðanna

***Andri Ólafsson, ÍBV*** var prímus mótor á miðju Eyjamanna í fyrra. Hann er mjög mikilvægur á báðum endum vallarins og hefur verið lengi í leiðtogahlutverki í Eyjaliðinu.

***Jón Guðni Fjóluson, Fram*** átti frábært sumar í fyrra og var meðal bestu manna deildarinnar. Jón Guðni var orðaður við erlend lið síðasta haust en ákvað að vera áfram í Safamýrinni sem er mikið fagnaðarefni fyrir Framara.

***Guðmundur Steinarsson, Keflavík*** hefur ekki enn náð að fylgja eftir sumrinu 2008 þegar hann var kosinn besti leikmaður mótsins. Hann er þó einn allra besti spyrnumaður deildarinnar og finni hann skotskóna er von á góðu sumri í Keflavík.

***Andrés Már Jóhannesson, Fylki*** fékk nýja stöðu sem framliggjandi miðjumaður og hefur alla burði til þess að verða potturinn og pannan í sóknarleik Fylkis í þessari nýju ábyrgðarstöðu.



### X-faktorinn

***Tryggvi Guðmundsson, ÍBV*** átti flott sumar í fyrra, leiddi ÍBV-liðið inn í toppbaráttuna og sýndi að hann er líklegur til að bæta markamet Inga Björns. Nú heyrast samt sömu efasemdaraddirnar og í fyrra þar sem hann er að verða 37 ára.

***Ögmundur Kristinsson, Fram*** fær stóra tækifærið hjá Þorvaldi Örlygssyni í sumar eftir að Hannes Þór Halldórsson fór yfir í KR. Margir hafa trú á á þessum 22ja ára markverði en hann þarf að fullorðnast fljótt í þessari mikilvægu stöðu.

***Haukur Ingi Guðnason, Keflavík*** er illviðráðanlegur á góðum degi og Keflavík spilaði aldrei betur í fyrra en þegar hann fór á flug. Það eru sem fyrr meiðsli sem munu ráða öllu um hversu mikið hann getur hjálpað Keflavíkurliðinu í sumar.

***Meiðsli miðjumanna Fylkis*** gætu reynst liðinu dýrkeypt. Gylfi Einarsson mun styrkja liðið mikið en það er hins vegar óvíst hvort skrokkur hans verður í lagi. Baldur Bett er líka að koma til baka eftir að hafa misst úr heilt tímabil og Valur Fannar Gíslason hefur lítið verið með á undirbúningstímabilinu. Ef þessir leikmenn verða heilir þá hefur Fylkir alla burði til þess að gera það gott í sumar.

# Verður eitt af þessum spútnikliðið?

**Fréttablaðið spáir fyrir um gang mála í Pepsi-deild karla sem hefst eftir tvo daga. Í dag skoðum við miðjubaráttu deildarinnar en Fréttablaðið spáir að þar muni ÍBV, Fram, Keflavík og Fylkir sigla lygnan sjó.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið skoðaði í gær fallabaráttuna í Pepsi-deild karla í sumar en nú er komið að liðunum sem íþróttablaðamenn Fréttablaðsins spá að sigli þennan klassíska lygna sjó í deildinni. Það hefur samt sýnt sig margoft að í þessum hópi leynist þó oft spútniklið sumarsins, lið sem smellur saman á hárréttum tíma og blandar sér í titilbaráttuna.

Fréttablaðið spáir því að ÍBV verði í 5. sæti og nái ekki alveg að fylgja eftir sumrinu í fyrra þegar liðið átti möguleika á meistaratitlinum fram í síðustu umferð. Þegar Gunnar Heiðar Þorvaldsson samdi við ÍBV og það heyrðist af því að James Hurst vildi koma aftur til Eyja var full ástæða til að vera bjartsýnn fyrir hönd Eyjamanna í sumar. En svo samdi Gunnar Heiðar við Norrköping og Hurst komst ekki sem eru áföll sem Eyjamenn þurfa að vinna sig út úr. Það er líka oft erfitt fyrir spútniklið að fylgja eftir slíku sumri eins og því hjá Eyjaliðinu í fyrra og jafnframt ljóst að nú búast menn við mun meiru af liðinu sem mun kalla á meiri pressu og minni þolinmæði.





**HVAÐ GERA REYNSLUBOLTARNIR Í SUMAR?** Gylfi Einarsson verður mikilvægur fyrir Fylkismenn í sumar alveg eins og Tryggvi Guðmundsson sem mun verða jafn mikilvægur fyrir Eyjaliðið og hann var í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI OG STEFÁN

Fréttablaðið spáir því að Fram verði í 6. sæti eða einu sæti neðar en liðið var í fyrrasumar. Framarar hafa lækkað sig um eitt sæti síðustu tvö tímabil og það er spá Fréttablaðsins að svo verði einnig í sumar. Þorvaldur Örlygsson hefur gert frábæra hluti með Framliðið og er óhræddur að nota ungu strákana. Enn eitt dæmið um það er að kasta markverðinum Ögmundi Kristinssyni út í djúpu laugina. Það er mikilvægt fyrir Framliðið að hafa haldið Jóni Guðna Fjólusyni sem hefur alla burði til þess að vera einn allra besti leikmaður deildarinnar og þá gæti útsjónarsemi Arnars Gunnlaugssonar nýst liðinu vel.

Fréttablaðið spáir því að Keflavík verði í 7. sæti og lækki sig því um eitt sæti eins og Framarar. Keflvíkingar hafa endað í sjötta sæti síðustu tvö ár eftir að hafa verið hársbreidd frá því að vinna titilinn 2008. Willum Þór Þórsson tók við liðinu fyrir síðasta tímabil og í fyrstu virtist liðið líklegt til að vera í baráttunni á toppnum en fljótlega fór allt í baklás hjá liðinu sem vann bara tvo af 14 leikjum frá júní fram í september. Það hefur ekki aukið á bjartsýnina fyrir sumarið að Keflavík hefur misst fimm fastamenn frá því í fyrra og það reynir því á Willum að fylla í þau skörð.

Fréttablaðið spáir því að Fylkir verði í 8. sæti eða einu sæti ofar en síðasta sumar. Ólafur Þórðarson hefur talað um það í vor að hann sé með mun meiri breidd en í fyrra enda hafa sterkir leikmenn eins og Gylfi Einarsson, Bjarni Þórður Halldórsson og Baldur Bett (var meiddur) bæst í hópinn fyrir tímabilið. Fylkir stóð sig vel á undirbúningstímabilinu og getur á góðum degi gert flestum liðum skráveifu en það þarf hins vegar margt að ganga upp ef liðið ætlar að blanda sér í toppbaráttuna. Dugnaður og samheldni verða samt örugglega áfram aðaleinkenni Árbæjarliðsins og með það að vopni getur margt gott gerst.

Á morgun kemur svo í ljós hvaða lið Fréttablaðið spáir Íslandsmeistaratitlinum. ooj@frettabladid.is

ÚRSLITASTUND




Þri. 26. apríl | Úrslit | Leikur 1
AKUREYRI 21-22 FH

Fös. 29. apríl | Úrslit | Leikur 2
FH - AKUREYRI
Kaplakriki | Kl. 20.15

Sun. 1. maí | Úrslit | Leikur 3
AKUREYRI - FH
Höllin, Ak. | Kl. 16.00

Mið. 4. maí | Úrslit | Leikur 4 *ef þarf
FH - AKUREYRI
Kaplakriki | Kl. 19.30

Fös. 6. maí | Úrslit | Leikur 5 *ef þarf
AKUREYRI - FH
Höllin, Ak. | Kl. 20.15


Dómsdagur
Biblían tryggir það
21 Maí 2011
...hrópa til Guðs ákaflega
Jónas 3:8
FamilyRadio.com


Judgment Day
The Bible Guarantees It
21 May 2011
...Cry mightily unto God
Jonah 3:8
Time
06:00–07:45
20:00–20:45
Shortwave
7520 kHz
11750 kHz
FamilyRadio.com

## > Reese Witherspoon

„Að vera ljóshærður og frá Suðurríkjum Bandaríkjanna er ekki góð blanda. Um leið og fólk hittir Suðurríkjabúa heldur það að hann sé heimskur.“

***Reese Witherspoon leikur Ellie Woods, ljóshærða fegurðardrottningu sem er búin að finna draumaprinsinn og eltir hann í lögfræðinám í Harvard í gamanmyndinni stórskemmtilegu Legally Blonde sem er á Stöð 2 kl. 21.45 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR HEFUR ÁHYGGJUR AF JAKE

# *Að alast upp með Charlie Sheen*

Sjónvarpsþáttaseríur sem njóta vinsælda ganga oft árum saman á skjánum. Í mörgum þeirra er hægt að fylgjast með leikurunum eldast og litlum krökkum verða fullorðið fólk. Ég hef alltaf velt því fyrir mér hvernig það sé að alast upp í sjónvarpsþætti, að alast upp við fjölskyldulíf sem á að líta út fyrir að vera raunverulegt en er það ekki, og hvernig það sé í samanburði við hið raunverulega fjölskyldulíf leikarans sem tekur við að loknum vinnudegi. Margir leikarar hafa enda sagt að „fjölskyldan“ þeirra í kvikmyndaverinu hafi verið þeim afar náin og skipað stóran sess í lífi þeirra. Melissa Gilbert, sem lék Láru í Húsinu á Sléttunni, sagðist hafa litið mikið upp til Michaels Landon sem fór með hlutverk Charles Ingalls. Keshia



Knight Pulliam, eða Rudy, sagði Bill Cosby hafa haft mikil áhrif á sig og Drew Barrymore sagði einhvern tímann að tökuliðið í myndinni ET hefði algerlega komið í stað hennar eigin fjölskyldu, sem hún hefði aldrei getað treyst á.

Þáttaserían Two and a Half Men þykir skemmtileg. Mig grunar þó að vinsældir þáttanna byggist ekki síður á ævintýrum Charlie Sheen í hinu raunverulega lífi hans en lífi hans í þáttunum en þar „leikur“ hann drykkfelldan kvennabósa sem ber ekki virðingu fyrir neinu. Þess vegna get ég ekki annað en haft áhyggjur af Jake litla, sem leikið hefur í þáttunum frá því hann var barn og er nú kominn á unglingsaldur. Ég vona að hann eigi stöðugt fjölskyldulíf að snúa til þegar fjölskyldulífi hans með Charlie lýkur.

## RÚV

**07.00 Konunglegt brúðkaup** Bein útsending frá brúðkaupi Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton í London. Bogi Ágústsson og Elísabet Brekkan lýsa því sem fram fer.

**12.35 Konunglegt brúðkaup** (e)

**16.50 Kallakaffi** (8:12)

**17.20 Vormenn Íslands** (1:7) (e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Otrabörnin** (19:26)

**18.22 Pálína** (13:28)

**18.30 Hanna Montana**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá öðrum leik Akureyrar og FH í úrslitakeppni karla.

**21.55 Gagnáhlaup** (3:3) (Strike Back) Breskur myndaflokkur. Leiðir tveggja breskra hermanna liggja aftur saman sjö árum eftir að þeir reyndu að frelsa gísl frá hryðjuverkamönnum í Basra í Írak. Meðal leikenda eru Richard Armitage, Andrew Lincoln, Orla Brady, Jodhi May og Shelley Conn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.25 Dularfullt flugslys** (The Crash of Flight 323) Rannsóknarmenn leita í flaki flugvélar sem hrapaði í Nebraska. Var það hryðjuverk, mannleg mistök eða hörmulegt slys? Leikstjóri er Jeff Bleckner og meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Eric Close og Kevin Dunn. Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2004.

**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Yes Man**

**10.00 Mostly Ghostly**

**12.00 G-Force**

**14.00 Yes Man**

**16.00 Mostly Ghostly**

**18.00 G-Force**

**20.00 It's Complicated**

**22.00 Insomnia**

**00.00 Empire of the Sun**

**02.30 Factotum**

**04.00 Insomnia**

**06.00 Duplicity**

## STÖÐ 2

**07.00 Konunglegt brúðkaup - William og Kate** Brúðkaupsdagurinn, aðdragandinn, fagnaðarlætin, stemningin á götum Lundúnaborgar, eftirvæntingin og sjálf brúðkaupsathöfnin í beinni útsendingu í allra sinni dýrð. Helsti sérfræðingur okkar í málefnum bresku konungsfjölskyldunnar, Hildur Helga Sigurðardóttir, mun lýsa því sem fyrir augu ber og varpa skýru ljósi á bakgrunn brúðhjónanna, sögu bresku konungsfjölskyldunnar. Hún fær einnig til sín góða gesti sem munu hafa sitt að segja um það sem fyrir augu ber.

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Frasier** (16:24)

**13.30 Back to the Future III**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (15:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Auddi og Sveppi**

**19.50 American Idol** (30:39) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins sex bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.

**20.55 American Idol** (31:39) Nú kemur í ljós hvaða fimm keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.

**21.45 Legally Blonde** Ellie Woods er ljóshærð fegurðardrottning. Hún er búin að finna draumaprinsinn og framtíðin er björt. En þá dynur ógæfan yfir. Mannsefnið fer í laganám í Harvard og endurnýjar kynnin við gamla kærustu. Ellie er niðurbrotin en neitar að gefast upp og eltir draumaprinsinn til Harvard. En á hún einhverja möguleika í heimi hinni gáfuðu og eldkláru menntamanna?

**23.20 First Sunday**

**00.55 The Fast and the Furious**

**02.40 Jindabyne**

**04.45 Auddi og Sveppi**

**05.10 The Simpsons** (15:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Porto - Villarreal**

**17.25 Porto - Villarreal** Leikur Porto og Villarreal í undanúrslitum Evrópudeildarinnar. Þetta er fyrri viðureign liðanna.

**19.10 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

**21.00 Upphitun** Hitað upp fyrir Pepsideild karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason spá í spilin fyrir sumarið og liðin verða kynnt. Rætt er við þjálfara og fyrrum leikmenn liðanna og spá knattspyrnuspekinganna birt.

**22.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

**23.20 NBA 2010/2011 - Playoff Games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Sunnudagsmessan**

**17.00 Liverpool - Birmingham** Útsending frá leik Liverpool og Birmingham City í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 Tottenham - WBA** Útsending frá leik Tottenham og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfarar teknir tali.

**21.30 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**22.00 Cruyff** Að þessu sinni verður fjallað um Johan Cruyff þann magnaða knattspyrnumann.

**22.30 Premier League** Preview

**23.00 Wolves - Fulham**

## SKJÁR EINN

**07.30 Game Tíví** (14:14) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**12.00 Game Tíví** (14:14) (e)

**16.25 Girlfriends** (8:22) (e)

**16.50 Dr. Phil**

**17.35 One Tree Hill** (5:22) (e)

**18.20 How To Look Good Naked** (11:12) (e)

**19.10 America's Funniest Home Videos** (13:50)

**19.35 Will & Grace (2:25)**

**20.00 Rules of Engagement** (12:13)

**20.25 The Biggest Loser** (1:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis. Það eru 250.000 dollarar í húfi fyrir þátttakendur í leiknum að þessu sinni.

**21.15 HA?** (14:15) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir þáttarins að þessu sinni eru bræðurnir og tónlistarmennirnir Friðrik Dór og Jón Jónssynir.

**22.05 The Bachelor** (1:10)

**23.35 Makalaus** (9:10) (e)

**00.05 30 Rock** (21:22) (e)

**00.30 Law & Order: LA** (6:22) (e)

**01.15 Whose Line is it Anyway?** (1:39) (e)

**01.40 Girlfriends** (7:22) (e)

**02.05 Saturday Night Live** (17:22) (e)

**03.00 Will & Grace** (2:25) (e)

**03.20 Jay Leno** (e)

**04.05 Jay Leno** (e)

## SKJÁR**GOLF**

**08.10 Zürich Classic** (1:4)

**11.10 Golfing World**

**12.00 Golfing World**

**12.50 PGA Tour - Highlights** (15:45)

**13.45 Zürich Classic** (1:4)

**16.50 Champions Tour, Highlights** (8:25)

**17.45 Inside the PGA Tour** (17:42)

**18.10 Golfing World**

**19.00 Zurich Classic** (2:4)

**22.00 Golfing World**

**22.50 PGA Tour - Highlights** (15:45)

**23.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.25 Inside the Royal Wedding**

**20.15 Smallville** (22:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.55 Steindinn okkar** (4:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað. Drepfyndnir þættir og ógleymanleg lög sem allir eiga eftir að söngla fram á sumar.

**22.25 NCIS** (12:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.

**23.10 Fringe** (11:22)

**23.55 Generation Kill** (1:7)

**01.05 Smallville** (22:22)

**01.50 The Doctors**

**02.30 Auddi og Sveppi**

**03.10 Fréttir Stöðvar 2**

**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Jón Kristinn stýrir heimastjórninni.

**21.00 Kolgeitin** Við elskum öll Bogomil.

**21.30 Punkturinn** Liðið er náttúrlega bara spes.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í DAG

### STÖÐ 2 KL. 07.00

### Konunglegt brúðkaup



Bein útsending frá brúðkaupi Vilhjálms Bretaprins og unnustu hans Kate Middleton. Það verður mikið um dýrðir í Lundúnum og Hildur Helga Sigurðardóttir mun lýsa því sem fyrir augu ber, enda einn helsti sérfræðingur landsins í öllu sem viðkemur kóngafólki.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.39** Morgunútvarp **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp

### BBC entertainment

**06.15** Inside The Royal Wedding **07.00** The British Royal Wedding - Live Coverage **12.35** Britain's Royal Weddings **13.30** Britain's Royal Weddings **14.25** Royally Mad **15.15** Royally Mad **16.00** Inside The Royal Wedding **16.55** Untold Stories Of A Royal Bridesmaid **17.45** Britain's Royal Weddings **18.35** Britain's Royal Weddings **19.30** The British Royal Wedding - Highlights **21.00** Untold Stories Of A Royal Bridesmaid **21.50** Royal Wedding **23.20** Britain's Royal Weddings **00.10** Britain's Royal Weddings **01.05** Royally Mad

### DR 1

**16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Britisk bryllup **18.00** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **19.00** TV Avisen **19.30** Wimbledon **21.05** Pigen der vidste for meget **04.00** Den travle by **04.25** Bamses Billedbog **04.50** Kasper & Lise **05.00** Den lille prinsesse **05.10** Vinden i piletræerne **05.30** Vores store verden **06.00** Disney Sjov

### NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.10** Alt om det kongelige bryllupet **14.00** NRK nyheter **14.10** William og Kate - en kongelig kjærlighetshistorie **15.00** NRK nyheter **15.10** Forlovelsesintervju med Prins William og Kate **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Popstokk **18.55** Nytt på nytt **19.25** Kongelig bryllup i London **21.00** Kveldsnytt **21.15** Helt sikkert, kanskje **23.00** Elton John. Meg, meg, meg

### svt1

**08.30** Gomorron Sverige **10.00** Kungligt bröllop i London **12.50** Varför firar vi Valborg? **13.00** Mitt i naturen Australien **13.30** Landgång Australien **14.00** Rapport **14.05** Konståkning. VM **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Spy Game **21.05** Streaplers och evigheten **22.05** Lust och fägring stor **00.10** Rapport **00.15** Jakten på de kungliga **01.05** Rapport





Eftirlæti

...nóg til, og meira frammi

Nú er kominn út bæklingur með ýmsum skemmtilegum hugmyndum að því hvernig hægt er að gera MS ostakökurnar ómótstæðilegar.

Hann fylgir öllum ostakökum meðan birgðir endast.
Einnig er hægt að nálgast bæklinginn á tölvutæku formi á ms.is.

...hvert er þitt eftirlæti?




www.ms.is

11-0568 / HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



skemmtilegri

Konunglegt brúðkaup
Konungleg skemmtun

**FYLGSTU MEÐ BRÚÐKAUPI ALDARINNAR Í BEINNI ÚTSENDINGU Á STÖÐ 2 FRÁ KL 7:00 Í DAG.**

Hildur Helga Sigurðardóttir og Svavar Örn Svavarsson, sérfræðingar í öllu sem varðar bresku konungsfjölskylduna, fjalla um persónur og leikendur og lýsa því sem fyrir augu ber á sinn einstaka hátt.

**Einnig sýnt á visir.is**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„All of the Lights með Kanye West en það er bara af því að ég er að fara á tónleika með honum í Kaupmannahöfn í sumar.“*

Ólafur Andrés Guðmundsson, stórskytta í FH.

# Steelheart flytur She's Gone á Nasa í sumar

Bandaríska „hár-metal“ hljómsveitin Steelheart spilar á Nasa 8. júní. Hún er þekktust fyrir kraftballöðuna She´s Gone þar sem söngvarinn Miljenko „Mili“ Matijevic nær ótrúlegum tónhæðum.

Dagur Sigurðsson, sem vann Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir skömmu, er mikill aðdáandi Steelheart, einkum söngvarans Mili. „Það voru einhver lög eftir þá í Rockstar-myndinni og þá fór ég að tékka betur á þeim,“ segir Dagur. „Þá kynntist ég þessum magnaða söngvara. She´s Gone er ævimarkmið mitt. Ég get hætt að syngja þegar ég næ því,“ fullyrðir hann í léttum dúr.

Steelheart, sem sló í gegn árið 1990, átti góða endurkomu í Rockstar þar sem Mark Wahlberg fór með aðalhlutverkið. Þar hljómuðu lög sveitarinnar ótt og títt, þar á meðal We All Die Young sem Dagur flutti einmitt í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2008 og náði þriðja sætinu. „Rockstar er ein af mínum uppáhaldsmyndum,“ segir hann og bíður spenntur eftir komu Steelheart til Íslands en miðasala hefst á Midi.is á mánudaginn.

Dagur hefur í nógu að snúast í sumar við hin ýmsu verkefni. Meðal annars syngur hann með gítarleikaranum Birni Thoroddsen á djass- og blúshátíð í Kópavogi. **- fb**



**Í HÆSTU HÆÐUM** Söngvarinn Miljenko „Mili“ Matijevic nær hæstu hæðum í laginu She´s Gone.



**HLAKKAR TIL** Dagur Sigurðsson hlakkar virkilega til að sjá Steelheart á Nasa 8. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 28.4. Kl. 20:00 5. sýn U | Fös 13.5. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.6. Kl. 20:00 |
| Fös 29.4. Kl. 20:00 6. sýn U | Lau 14.5. Kl. 16:00 br.sýn Ö | Fim 9.6. Kl. 20:00 |
| Fös 6.5. Kl. 20:00 7. sýn U | Fim 19.5. Kl. 20:00 U | Fös 10.6. Kl. 20:00 |
| Lau 7.5. Kl. 20:00 8. sýn U | Fös 3.6. Kl. 20:00 Ö | |

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 27.4. Kl. 20:00 Ö | Fim 5.5. Kl. 20:00 Ö | Mið 18.5. Kl. 20:00 |
| Lau 30.4. Kl. 20:00 Ö | Mið 11.5. Kl. 20:00 | |
| Mið 4.5. Kl. 20:00 | Fim 12.5. Kl. 20:00 Ö | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 1.5. Kl. 14:00 U | Sun 8.5. Kl. 14:00 Ö | Sun 15.5. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 1.5. Kl. 17:00 Ö | Sun 8.5. Kl. 17:00 | Sun 22.5. Kl. 14:00 |

**Brák** (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Fös 13.5. Kl. 20:00 | Sun 15.5. Kl. 20:00 Aukasýn. |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

Sun 1.5. Kl. 15:00 Síð. sýn.

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Lau 30.4. Kl. 20:00 | Sun 1.5. Kl. 20:00 Síð. sýn. Ö |






Hringdu í síma **512 50 60** ef blaðið berst ekki


KRISTJÁN EYJÓLFSSON: GLEYMI ALDREI BRÚÐKAUPSAFMÆLINU

# Stelur kastljósinu frá konunglega brúðkaupinu

Kristján Eyjólfsson, íslenskur gullsmiður og skartgripahönnuður búsettur í London, stal senunni af þeim Vilhjálmi Bretaprins og Kate Middleton á miðvikudag þegar heimspressan komst á snoðir um að hann og unnusta hans, hin ástralska Ivonne Valle, hygðust ganga í það heilaga í dag. Kristján og Ivonne mættu fyrst í viðtal við BBC London, svo var ítarlegt viðtal við þau á bandarísku fréttastöðinni ABC og deginum lauk með blaðaviðtali við Evening Standard.

Þótt athöfnin sé sú sama hjá Kristjáni og Ivonne og þeim Vilhjálmi og Kate gæti eftirleikurinn ekki verið ólíkari. Prinsinn og prinsessan þurfa að sinna 1.900 gestum sem fylgjast með hverju skrefi þeirra á brúðkaupsdaginn en gestirnir í brúðkaupi Kristjáns og Ivonne eru fjórtán talsins. „Við komum hvort frá sínum enda jarðarinnar þannig að það var erfitt að ná öllum saman í einu. En það kemur fólk frá Íslandi, Ástralíu, Þýskalandi, Indlandi og Bandaríkjunum, mjög sérstakur og fjölþjóðlegur en lítill hópur, náinna ættingja og vina,“ segir Kristján í samtali við Fréttablaðið. Um kvöldið ætla þau síðan að koma vinum sínum á óvart með „Royal Wedding“ partíi á hverfiskránni sinni. „Það veit enginn að við erum að fara að gifta okkur þennan sama dag þannig að þetta á eftir að koma þeim skemmtilega á óvart.“

Gullsmiðurinn hefur búið í London síðan 2004 og rekur sitt eigið gullsmíðaverkstæði, Eyjolfsson Goldsmiths Ltd., þar sem hann einbeitir sér að sérsmíði skartgripa. Hann kynntist verðandi eiginkonu sinni í partíi í London og segir að það hafi verið ást við fyrstu sýn. Kristján og Ivonne hyggjast ganga í það heilaga í Marylebone-ráðhúsinu klukkan hálf ellefu, hálftíma áður en Vilhjálmur játast Kate og gerir hana að prinsessu. Ákvörðunin um að ganga í hjónaband var tekin í febrúar hjá þeim skötuhjúum og Kristján segir að þau hafi lítið spáð í dagsetninguna, 29. apríl, heldur bara fundist hún passa fullkomlega. „Það var ekki fyrr en við hringdum í Marylebone-ráðhúsið að starfsmaður þar spurði okkur hvort við áttuðum okkur ekki á hvaða dag við hefðum valið,“ segir Kristján og viðurkennir að hann eigi sennilega aldrei eftir að gleyma brúðkaupsafmælinu.

Blaðamaður ABC bendir á það í sinni umfjöllun að Kristján og Ivonne hafi valið sama hráefni í sína hringa, demanta og safíra, en breski prinsinn getur eflaust ekki montað sig af því að hafa smíðað hringana sjálfur eins og Kristján gerði.

**freyrgigja@frettabladid.is**





**BRÚÐHJÓN DAGSINS**

Brúðkaup **Kristjáns Eyjólfssonar** og **Ivonne Valle** vakti mikla athygli hjá heimspressunni enda völdu þau að ganga í það heilaga sama dag og breski prinsinn **Vilhjálmur** og heitkona hans, **Kate Middleton**. Brúðkaupið verður þó eilítið smærra í sniðum en hjá bresku konungsfjölskylduni; aðeins fjórtán gestir verða viðstaddir athöfnina hjá Kristjáni og Ivonne en ekki 1.900 eins og hjá Vilhjálmi og Kate.

# Snuðra um fólk og staði

Snoop-around er ný ljósmynda- og viðtalsvefsíða þar sem heimili, vinnustaðir og vinnustofur skapandi fólks eru heimsótt. Markmið síðunnar er að gefa innsýn í líf áhugaverðs fólks bæði í máli og myndum.

Að baki síðunni standa þau Nanna Dís Jónsdóttir og Guðni Rúnar Jónasson. „Ég les mikið af bloggum og þá aðallega síður þar sem fólk er heimsótt og heimili þess skoðuð. Mér fannst þetta alveg vanta hérna heima og út frá því fæddist eiginlega hugmyndin,“ útskýrir Nanna Dís. Hún sér um að mynda það sem fyrir augu ber á meðan Guðni Rúnar sér um viðtöl og greinaskrif.

Nanna Dís segist aðallega hafa heimsótt kunningja og vini í upphafi en að nú berist þeim gjarnan skemmtilegar ábendingar frá hinum og þessum um skemmtileg viðtalsefni. Auk þess að líta inn á heimili fólks skoða þau einnig verslanir, veitingastaði og vinnustofur listamanna og því er efni vefsíðunnar fjölbreytt og skemmtilegt. Aðspurð segir hún flesta taka vel í bón þeirra um innlit þó að sumir hafi neitað þeim um slíkt. „Við höfum fengið alveg merkilega góðar móttökur frá flestum. Aðrir eru meira þjófhræddir og vilja alls ekki fá okkur í heimsókn.“

Meðal þeirra sem þau í Snoop-around hafa heimsótt eru tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen, verslunin Hringa og veitingastaðurinn Sjávargrillið og segir Nanna Dís að fyrirhuguð sé heimsókn bæði til Sigríðar Soffíu dansara og Fjölnis tattú. Þeim sem hafa áhuga á að skoða síðuna er bent á slóðina www.snoop-around.com. **- sm**



**SNUÐRA VÍÐA** Nanna Dís Jónsdóttir og Guðni Rúnar Jónasson standa á bak við bloggið Snoop-around.

# VORSPRENGJA

# 40% - 70%

AFSLÁTTUR

## Síðustu dagar
opið alla helgina

föstudag milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag, 1. maí milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leita ekki langt yfir skammt

Vikuritið Monitor kom út í gær og skartaði hinum vinsæla **Jóni Ragnari Jónssyni** á forsíðunni. Inni í blaðinu var síðan fjögurra síðna viðtal ritstjórans Björns Braga við tónlistarmanninn, sem hyggst senda frá sér plötu í sumar. Nafn Jóns er reyndar að finna á öðrum stað í Monitor, þar sem hlaupið er yfir starfsmenn þess, en hann sér um að selja auglýsingar í blaðið. Það er því ljóst að ritstjórinn hefur ekki þurft að leggja á sig mikið erfiði til að landa aðalefninu þessa vikuna.



### Palli semur þjóðhátíðarlagið

Gestir á Þjóðhátíð í Eyjum eiga gott í vændum því helsta poppstirni landsins, **Páll Óskar Hjálmtýsson**, hefur tekið að sér að semja næsta þjóðhátíðarlag. Þetta var ákveðið á fundi þjóðhátíðarnefndar í gærkvöldi. Það telst til tíðinda að Páll Óskar semji þjóðhátíðarlagið en hann tróð ekki upp á hátíðinni í ein tólf ár eftir að hann lenti í útistöðum við heimamanninn Árna Johnsen. Árið 2008 ákvað Páll Óskar hins vegar að grafa stríðsöxina, nennti ekki að eyða meiri orku í neikvæðni, og hefur hingað til verið reglulegur gestur á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.



**- fgg, khh**

## Mest lesið vísir

1. Hótel mamma vaxandi vandamál í Evrópu
2. Icesave situr í evrópskum þingmönnum
3. Íslenskur ríkisborgari eftirlýstur af Interpol
4. Ódýr matur er dýrkeypt blekking
5. Sittu heima ódámurinn þinn




